

**SKOÐUN** Veruleikinn er versti óvinur þeirra sem unna þjarkinu, skrifar Sighvatur Björgvinsson. 20



**MENNING** Hrefna Björg Gylfadóttir og Jara Hilmarsdóttir slógu í gegn í úrslitum Gettu betur. 38



**SPORT** Íslenska kvennalandsliðið er komið á beinu brautina eftir tvo sigra á sterku liði Svía. 34





# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Þriðjudagur**
26. mars 2013
72. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



### Skutu hvítabjörn

Par á Svalbarða komst í hann krappann þegar hvítabjörn í ætisleit reyndi að brjótast inn í kofa til þeirra. 4

**Víða brennur sina** Sinubrunar snemma árs eru ekki sagðir hafa teljandi áhrif á náttúrufar. 2

**Talsmaður í frí** Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, ætlar að fara fram á það við ráðherra að fá frí, þar sem hann er í framboði fyrir Dögun í Alþingiskosningunum. 4

**Slys í Bandaríkjunum** Í ljós hefur komið að annar mannanna sem fórust í fallhlífastökki í Bandaríkjunum um helgina var að reyna að hjálpa hinum. 6




16

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -1° | | NA | 5 |
| Akureyri | -1° | | A | 5 |
| Egilsstaðir | -1° | | NA | 4 |
| Kirkjubæjarkl. | 3° | | NA | 5 |
| Reykjavík | 5° | | NA | 5 |

**Nokkuð bjart** vestan og norðan til en annars lítilsháttar úrkoma. Fremur hægur vindur, vægt frost norðanlands en að 6 stiga hita syðra. 4

## 3 SÉRBLÖÐ

Bílar | Ferðahýsi | Fólk






**TÍMAMÓT** Fjögur barna Sævars Ciesielskis, þau Victor Blær og Lilja Rún Jensen og Hafþór og Sigurþór Sævarssynir, kynntu sér nýja skýrslu um Guðmundar- og Geirfinnsmálið ásamt Sóleyju Brynju Jensen, móður Victors og Lilju. Barátta föður þeirra fyrir því að sakleysi hans yrði sannað skilaði árangri, segir Hafþór. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Líklega ótengd málunum

Tveir sálfræðingar telja líklegt að misræmi í framburði sakborninga í Guðmundar- og Geirfinnsmálum hafi stafað af því að þeir hafi hvergi komið nálægt málunum. Hafið yfir vafa að framburðir voru óáreiðanlegir.

**STJÓRNSÝSLA** Gísli Guðjónsson, einn reyndasti réttarsálfræðingur heimsins, og Jón Fr. Sigurðsson sálfræðiprófessor telja líklegt að sexmenningarnir sem sakfelldir voru fyrir morð á Guðmundi Einarssyni og Geirfinni Einarssyni árið 1977 hafi hvergi komið nálægt málunum.

Þetta kemur fram í skýrslu starfshóps um Guðmundar- og Geirfinnsmálið, sem kynnt var í troðfullu fundarherbergi í innanríkisráðuneytinu í gær.

Sálfræðingarnir tveir telja það hafið yfir allan skynsamlegan vafa að framburðir allra sakborninga hafi verið óáreiðanlegir. Í ljósi þessa telur starfshópurinn „veigamikil rök“ fyrir því að málið verði tekið upp aftur fyrir íslenskum dómstólum.

„Það eitt að setja niður nefnd til að vinna skýrsluna er í sjálfu sér viðurkenning á þeirra málstað,“ segir Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra spurður um það hvort ástæða sé til þess að hann eða aðrir embættismenn biðji sakborningana og aðstandendur þeirra afsökunar.

„Og skýrslan sem slík er síðan aftur eins konar afsökunarbeiðni. Samfélagið er með öðrum orðum byrjað að bregðast mjög alvarlega við í þessu máli.“ Hann segist hafa orðið var við það að margir hlutaðeigandi hafi tekið skýrslunni einmitt þannig.

Björgvin G. Sigurðsson, formaður allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, boðaði í gær fulltrúa starfshópsins á fund nefndarinnar í dag til að kynna málið. Þar verður rætt hvaða lögum þarf hugsanlega að breyta, til dæmis til að taka upp mál þeirra málsaðila sem látnir eru.

– þeb, sh, sv, shá / sjá síður 8, 10 og 11

## SAKBORNINGARNIR



**Erla Bolladóttir**
239 dagar í gæsluvarðhaldi
3 ára fangelsi



**Tryggvi Rúnar Leifsson**
1.522 dagar í gæsluvarðhaldi
13 ára fangelsi



**Sævar Ciesielski**
1.533 dagar í gæsluvarðhaldi
17 ára fangelsi



**Albert Klahn Skaftason**
87 dagar í gæsluvarðhaldi
1 árs fangelsi



**Kristján Viðar Viðarsson**
1.522 dagar í gæsluvarðhaldi
16 ára fangelsi



**Guðjón Skarphéðinsson**
1.202 dagar í gæsluvarðhaldi
10 ára fangelsi




Davíð Örn Bjarnason laus úr farbanni í Tyrklandi og á leið heim til Íslands:

# „Trúi varla að hann sé að koma“

**UTANRÍKISMÁL** Davíð Örn Bjarnason er laus úr farbanni í Tyrklandi og er væntanlegur heim á næstu dögum. Hann var handtekinn fyrir tæpum þremur vikum í Antalya í Tyrklandi sakaður um að hafa ætlað að smygla fornmun úr landi.

„Ég trúi því varla að hann sé að koma heim,“ segir Þóra Björg Birgisdóttir, sambýliskona Davíðs. „Krakkarnir eru ótrúlega spenntir að hitta hann, þau eru búin að bíða svo lengi eftir því að hitta hann.“

Fyrirtaka var í máli Davíðs fyrir tyrkneskum dómstól seinnipart dags í gær. Dómarinn ákvað að leysa hann úr farbanni, en gerði honum að koma aftur til Tyrklands til að vera viðstaddur uppkvaðningu dómsins, segir Þóra.

Hún segir daginn þó ekki hafa gengið áfallalaust fyrir sig hjá Davíð. Hann hafi gleymt að taka vegabréfið sitt með sér í dómsal, og þurft að sækja það í leigubíl. Hún segir það hafa reitt dómarann til reiði og hann hafi ákveðið að sekta Davíð um 700 evrur. Frá því hafi þó verið fallið, enda Davíð peningalítill og ekki átt möguleika á að staðgreiða sektina.

Davíð og Þóra keyptu marmarastein í fríi í Tyrklandi sem reyndist vera fornmunur. Háar sektir eða fangelsisdómur getur legið við fornminjasmygli í Tyrklandi. – bj



**BÍÐA EFTIR DAVÍÐ** Þóra Björg segir börnin yfir sig spennt
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



## SPURNING DAGSINS



Elsa, þarftu stundum að bera blak af strákunum?

**„Já, ef það er búið að blaka hressilega við þeim.“**

Elsa Sæný Valgeirsdóttir varð tvöfaldur bikarmeistari í blaki um helgina. Hún er leikmaður í kvennaliði HK og þjálfari karlaliðs HK en bæði lið unnu í bikarúrslitum á sunnudag.

Heitar umræður sköpuðust þegar frumvarp um dýravelferð var samþykkt til þriðju umræðu í gær:

# Grísir skulu vera deyfðir við geldingar

**ALÞINGI** Bundið verður í lög að dýr séu skyni gæddar verur og eigi að vera laus við vanlíðan, hungur, þorsta, ótta, þjáningu, sársauka, meiðsl og sjúkdóma. Frumvarp um velferð dýra var samþykkt til þriðju umræðu á Alþingi.



EINAR K. GUÐFINNSSON

Nokkur umræða fór fram á milli Ólínu Þorvarðardóttur, varaformanns atvinnuveganefndar, og Einars K. Guðfinnssonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins, um geldingar grísa. Meirihluti nefndarinnar hafði gert þá breytingartillögu við frumvarp ráðherra að fella út heimild til að gelda grísi, yngri en vikugamla, án deyfingar. Einar og Jón Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hafa hins vegar lagt það til að sú heimild verði veitt og því leyft að gelda grísina án deyfingar, fyrstu viku lífs þeirra.

Ólína sagði að ekki ætti að leyfast að gelda nokkur dýr án deyfingar og minnti á að lögin lytu að velferð dýra, ekki búfjárháttum. „Hefur háttvirtur þingmaður einhvern tíma heyrt hljóðin í stungnum grís?“

Einar sagði hins vegar rök fyrir því að leyfa deyfingarlausa geldingu svo ungra grísa, en svínabændur hafa lagt það til, og þvertók fyrir að unnið væri gegn velferð dýra.

„Háttvirtur þingmaður á ekkert að vera að gera mér upp þá skoðun að ég sé að tala fyrir einhverju dýraplagerii.“ - kóp



**„Hefur háttvirtur þingmaður einhvern tíma heyrt hljóðin í stungnum grís?**

*Ólína Þorvarðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar.*



**TALAR VIÐ FJÖLMIÐLA** Sergei Nikítín, yfirmaður Amnesty International í Rússlandi, ræðir við fjölmiðla eftir leit saksóknara og skattayfirvalda á skrifstofum samtakanna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Pútín sagður í herferð gegn gagnrýnisröddum:

## Gerðu húsleit hjá Amnesty

**RÚSSLAND, AP Saksóknarar og skattayfirvöld í Moskvu gerðu í gær húsleit á skrifstofum Amnesty International og fleiri mannréttindasamtaka.**

**Samtökin segjast hafa fundið fyrir vaxandi þrýstingi og telja hann lið í herferð Vladimírs Pútín forseta gegn gagnrýnisröddum.**

**Sergei Nikitin, formaður Amnesty í Rússlandi, segir að við leitina hafi samtökin verið krafin um skjöl, sem eiga að vera í fórum hins opinbera hvort eð er.** - gb

Þingfundi frestað ítrekað:

## Breytingarákvæðið undir

**ALÞINGI** Reynt var að semja um afdrif stjórnarskrármálsins í gær. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var sú hugmynd rædd að greidd yrðu atkvæði um að breyta breytingarákvæði stjórnarskrár. Ekki er komin niðurstaða í málið.

Nokkrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins lögðu fram dagskrártillögu í gær að málefni Bakka yrðu fremst á dagskrá næsta þingfundar. Í kjölfar hennar var fundi frestað og síðan ítrekað fram á kvöld. Þing hafði ekki enn komið saman á ný þegar Fréttablaðið fór í prentun. - kóp

Banaslys á Skeiðavegi:

## Jeppi og traktor skullu saman

**SLYS Banaslys varð á Skeiðavegi til móts við Brautarholt í Árnessýslu eftir hádegi í gærdag. Karlmaður á fimmtugsaldri lést þegar jeppi sem hann ók skall á dráttarvél með skóflu.**

**Báðir ökumennirnir voru einir í farartækjum sínum. Ökumaður dráttarvélarinnar slapp tiltölulega ómeiddur frá slysinu.**

**Lögreglan í Árnessýslu fer með rannsókn málsins. Enn sem komið er er ekkert sagt liggja fyrir um tildrög slyssins. Nokkrar tafir urðu á umferð vegna starfa lögreglu á slysstað.** - sv

# Áhrif sinubruna ekki teljandi snemma árs

Víða brennur sina í þurrkum undanfarinna daga. Fuglafræðingur segir áhrif á fuglalíf ekki teljandi, enda margar tegundir ókomnar. Tímabundið geta sinubrunar auðveldað fugli fæðuöflun. Í byrjun maí eru sinubrunar vandamál.

**NÁTTÚRA** Allstór sinubruni varð í Vatnsmýrinni á sunnudag og sina brennur víða um land. Þannig börðust í gær 30 slökkviliðsmenn og þyrla við sinueld í Lundareykjadal í Borgarfirði, en tök náðust ekki á honum fyrr en undir kvöld.

Fuglafræðingur segir að áhrif á fugla séu lítil sem engin á þessum tíma, enda margar tegundir ekki komnar til landsins og varp ekki hafið. Sinubrunar geta hins vegar haft áhrif á sumar tegundir fugla sem sækja á sama varpsvæðið ár eftir ár.

„Algengustu mófuglarnir eru ekki komnir til landsins svo skaði af sinueldum er ekki teljandi. Hins vegar eru mófuglar, eins og lóur og spóar, tryggir átthögum sínum; sömu varppörin koma á sömu svæðin ár eftir ár. Ef sinubrunar eru umfangsmiklir þá geta þeir rýrt möguleika fuglanna á hentugum hreiðurstað. En í lok mars er ekki hægt að skilgreina sinubruna sem stórt vandamál fyrir fuglana,“ segir Gunnar Þór Hallgrímsson, fuglafræðingur og forstöðumaður Náttúrustofu Suðvesturlands.

Slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu var kallað út í fyrrinótt vegna mikils sinubruna í grennd við Öskju og Norræna húsið í Vatnsmýrinni. Töluverðan tíma tók að ráða niðurlögum eldsins og brann nokkur hundruð fermetra svæði. Fréttir eru einnig af sinubrunum víða á Suðurlandi undanfarna daga; undir Eyjafjöllum og víðar.

Gunnar segir að frá byrjun maí sé annað upp á teningnum því þá fara fyrstu fuglarnir að gera sig líklega til varps; um miðjan mánuðinn fari svo fyrstu eggin að detta.

Hvað stað eins og Vatnsmýrina varðar, en þar halda fuglar sig lengi á afmörkuðum stað, segir Gunnar að þar geti áhrifin verið meiri, til dæmis rýri sinubruni möguleika fuglanna til að hyljast. „En þegar brennur þá getur það verið til bóta fyrir ýmsar tegundir, tímabundið alla vega. Ástæðan er að undir sinunni er græna grasið og fuglar, eins og gæsin, sækja í nýgræðinginn sem þá er aðgengilegri,“ segir Gunnar.

Gunnar tekur dæmi af stóra sinubrunanum á Mýrum árið 2006. „Fyrst eftir brunann var meira af fugli inni á brunna svæðinu en í kring, sennilega vegna meira fæðuframboðs og á það líka við um smádýralíf.“

svavar@frettabladid.is



**SINUBRUNI** Fuglar eiga það til að sækja í brennd svæði því auðveldara er fyrir þá að ná sér í grastuggu þegar sinan er brunnin burt. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**„Ef sinubrunar eru umfangsmiklir þá geta þeir rýrt möguleika fuglanna á hentugum hreiðurstað. En í lok mars er ekki hægt að skilgreina sinubruna sem stórt vandamál fyrir fuglana**

*Gunnar Þór Hallgrímsson fuglafræðingur og forstöðumaður Náttúrustofu Suðvesturlands*

Uppþvottavél
SN 45M505SK (stál)
13 manna. Fimm kerfi.
Hljóð: 44 dB (re 1 pW).
Tækifærisverð:
154.900 kr. stgr.
(Fullt verð: 189.900 kr.)
A++ Orkuflokkur
Sjálfvirk kerfi
Tímastytting
SIEMENS





SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Óvíst hvort farið verður fram á lengra varðhald yfir föður látinnar stúlku:

# Ættingjar kveðja stúlkuna í dag

**LÖGREGLUMÁL** Fimm mánaða stúlka, sem lést á voveiflegan hátt fyrir rúmri viku, verður lögð til hinstu hvílu í dag. Faðir stúlkunnar situr enn í gæsluvarðhaldi, grunaður um að hafa orðið valdur að dauða hennar, og ekki er útlit fyrir að hann verði viðstaddur athöfnina. Útförin fer fram í kyrrþey.

Stúlkan var úrskurðuð látin á spítala aðfaranótt mánudagsins fyrir viku. Bráðabirgðaniðurstaða rannsóknar benti til að banameinið væri heilablæðing. Það var talið geta hafa verið af völdum svokallaðs „shaken baby syndrome“, sem hlýst af því þegar ungbarn er hrist af afli. Maðurinn, sem er tæplega þrítugur, var handtekinn á heimili sínu morguninn eftir.

Hann hafði verið einn með dóttur sína á heimili þeirra fyrr um kvöldið, en bankaði síðan upp á hjá nágranna sínum og bað um hjálp. Nágranninn hringdi eftir sjúkrabíl. Móðir stúlkunnar, sem er 25 ára, var þá í vinnunni.

Héraðsdómur úrskurðaði manninn í níu daga gæsluvarðhald, sem rennur út á morgun, og Hæstiréttur staðfesti úrskurðinn. Að sögn Friðriks Smára Björgvinssonar yfirlögregluþjóns hefur ekki verið ákveðið hvort farið verði fram á lengra gæsluvarðhald yfir honum.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins neitaði maðurinn staðfastlega sök í yfirheyrslum á mánudaginn í síðustu viku og kvaðst ekki hafa hugmynd um hvað hefði komið fyrir dóttur hans.

Hann hefur verið í einangrun síðan og ekki rætt við neinn nema lögmann sinn. Lögregla hefur ekki tekið af honum skýrslu síðan á mánudag þegar hann var handtekinn.

Friðrik Smári segir það ekki óeðlilegt. „Ég get fullvissað fólk um að við sitjum ekki auðum höndum. Rannsóknin snýst um ýmislegt annað en bara að yfirheyra sakborninginn.“ - sh



**„Ég get fullvissað fólk um að við sitjum ekki auðum höndum.**

*Friðrik Smári Björgvinsson yfirlögregluþjónn í Reykjavík*


GAGNAVEITA REYKJAVÍKUR
HELLUVAÐ, REYKJAVÍK
EIN HRAÐASTA GATA Í HEIMI
LJÓSLEIÐARI
- 100 Mb/sek. í báðar áttir - á sama tíma!
- Ekkert „allt að". Bara alltaf hámarkshraði.
- Öflugasta fjarskiptatenging sem býðst.
HEFÐBUNDIN SÍMALÍNA (t.d. ADSL og Ljósnet)
- Miklu hægari tenging frá húsi en að því.
- Ennþá hægari tenging ef langt er í símstöð.
- Byggir á gamalli tækni og kopartengingu.
ÞÚ FINNUR MUNINN
ÞEGAR ÞÚ FÆRÐ ÞÉR LJÓSLEIÐARA
Hvers vegna ættir þú að sætta þig við gamla og hægvirka símalínu ef hægt er að fá síma, net og sjónvarp gegnum ljósleiðara á hámarkshraða á sama verði?
Býrð þú við eina hröðustu götu í heimi?
Kynntu þér málið á www.ljosleidarinn.is
LJÓSLEIÐARINN

## GENGIÐ
25.03.2013

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 122,95 | 123,53 |
| Sterlingspund | 187,01 | 187,91 |
| Evra | 159,85 | 160,75 |
| Dönsk króna | 21,444 | 21,57 |
| Norsk króna | 21,183 | 21,307 |
| Sænsk króna | 18,966 | 19,078 |
| Japanskt jen | 1,2968 | 1,3044 |
| SDR | 185,14 | 186,24 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**
218,494

Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, gerir ráð fyrir að fara í frí í apríl vegna framboðs síns:

# Á eftir að ræða við ráðherra um leyfið

**KOSNINGAR** Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, kveðst ekki hafa verið í fríi frá störfum vegna framboðs síns fyrir Dögun þótt ekki hafi birst frétt á vef embættis hans síðan 21. desember. „Það hefur bara verið lítið að frétta," segir Gísli, sem gerir ráð fyrir að taka sér frí frá störfum í apríl vegna framboðsins. Alþingiskosningarnar verða haldnar 27. apríl. „Ég á eftir að ræða það við ráðherra," greinir Gísli frá.

Talsmaður neytenda kveðst ekkert hafa frétt nánar um tillöguna um að embætti hans verði lagt niður. Greint var frá því í lok síðastliðins árs að starfshópur um skipulag neytendamála, sem innanríkisráðherra skipaði, hefði lagt til að embættið yrði lagt niður og málaflokkurinn styrktur með öðrum hætti.

Embætti talsmanns neytenda var stofnað 1. júlí 2005. Samkvæmt lögum ber talsmanninum að standa vörð um hagsmuni og réttindi neytenda og stuðla að neytendavernd, að því er segir á vef embættisins.



**GÍSLI TRYGGVASON**

Í lögum um Neytendastofu og talsmann neytenda segir að talsmaður neytenda skuli gefa árlega skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári. Skýrsluna skuli prenta og birta opinberlega. Það hefur Gísli aldrei gert.

„Ég hef ekki gert ráð fyrir þessu í fjárhagsáætlun og ekki lagt í þann kostnað. Ég geri ekki ráð fyrir að mikil eftirspurn sé eftir prentaðri skýrslu. Allar upplýsingar birtast á vefnum nema ársreikningur. Það mætti hins vegar íhuga að birta auglýsingu í fjölmiðlum með helstu upplýsingum. Þannig kæmist embættið ódýrt frá þessu."

Gísli kannast ekki við að hafa fengið athugasemdir frá ráðuneytinu vegna vanskilanna. - ibs



**SELFOSS** Íbúðarlánasjóður uppástendur að engar leiguhæfar íbúðir í hans eigu standi auðar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ÍLS leiðréttir misskilning:

## Allar nothæfar íbúðir í leigu

**HÚSNÆÐISMÁL** Íbúðalánasjóður (ÍLS) hefur gefið það út að allar íbúðarhæfar íbúðir í eigu hans í blokkum á Selfossi séu í útleigu. Fjallað hafði verið um að íbúðir í eigu sjóðsins stæðu auðar á meðan skorti félagslegt húsnæði.

Í tilkynningu sjóðsins segir að umræddar blokkir hafi reynst í verra ásigkomulagi en gert var ráð fyrir. Langflestar íbúðir sem ÍLS tekur yfir þarfnist lagfæringa og þegar þeim sé lokið sé þeim komið í útleigu eins fljótt og unnt er. Ekki sé forsvaranlegt að leigja út lélegar íbúðir. Engar leiguhæfar eignir sjóðsins standi auðar. - kóp

### FJARSKIPTI

**Fá ekki að hækka póstgjöld**

Póst- og fjarskiptastofnun hefur frestað gildistöku hækkunar Íslandspósts á gjaldskrá fyrir sendingar á bilinu 51 til 2.000 grömm. Ákvörðun stofnunarinnar kemur í kjölfar kvörtunar frá Árvakri, útgáfufélagi Morgunblaðsins. Stofnunin telur að ekki hafi verið gerð nægileg grein fyrir forsendum hækkunarinnar.

### LEIÐRÉTT

Rangt var farið með flugtölur frá árinu 2012 á mynd í blaðinu í gær. Þar átti að vera talað um flugfélög sem fljúga um íslenska flugstjórnarsvæðið, en ekki flugfélög sem millilenda á Íslandi. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

Mikil eftirspurn hjá Erni:

## Byrjað að selja á Þjóðhátíð

**SAMGÖNGUR** Flugfélagið Ernir hefur hafið sölu á flugi til Vestmannaeyja um næstu verslunarmannahelgi. Í fyrra hófst miðasala í maí og er þetta því töluvert fyrr en áður. Í tilkynningu frá félaginu segir að ákvörðunin hafi verið tekin sökum mikillar eftirspurnar.

„Má því gera ráð fyrir miklum fjölda gesta sem fer fljúgandi á þessa flottu hátíð þeirra Eyjamanna," segir í tilkynningunni. Nú þegar hafa margar aukaferðir til Eyja verið settar upp hjá Erni. - sv



**FJÖLSKYLDUHJÁLPIN** Skjólstæðingar eru beðnir um að taka með sér burðarpoka vegna matarúthlutunar á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Matarúthlutun á morgun:

## Pokaskortur hjá Fjölskylduhjálp

**SAMFÉLAGSMÁL** Fjölskylduhjálp Íslands biður alla þá sem sækja til þeirra mataraðstoð að koma með burðarpoka eða töskur með sér sökum skorts á pokum. Fjölskylduhjálpin hyggst standa fyrir pokasöfnun á næstunni.

**Í tilkynningu frá Fjölskylduhjálpinni segir að þaðan hafi verið afgreiddir um 90.000 matarpokar árið 2011 en fyrirtæki hafa gefið alla poka síðastliðinn áratug.**

**Mataraðstoð verður í Eskihlíð í Reykjavík á morgun frá kl. 14 til 16.30 og Grófinni í Reykjanesbæ frá kl. 16 til 18. Hársnyrting er í boði í Eskihlíðinni frá kl. 11 til 16 á morgun.** - þj

# Skutu hvítabjörn til bana í nauðvörn

Maður skaut og drap hvítabjörn sem var að brjótast inn í kofa á Svalbarða á sunnudag. Kona sem var með manninum í kofanum hafði skotið fjórum neyðarblysum að birninum án árangurs áður en maðurinn skaut dýrið með skammbyssu.

**NOREGUR** Litlu mátti muna að illa færi fyrir manni og konu þegar trylltur hvítabjörn reyndi að brjótast til inngöngu í kofa þar sem þau voru stödd við Hornsund á Svalbarða á sunnudag. Maðurinn skaut björninn og drap hann með skammbyssu.

Fólkið, sem er á fimmtugsaldri er búsett á Svalbarða og var vel útbúið. Í norskum miðlum kemur fram að fólkið reyndi fyrst að fæla björninn, sem var karldýr, í burtu, en hann gerðist sífellt ágengari þar til hann réðist á kofann og reyndi að troða sér inn um glugga.

Arild Lyssand, yfirlögregluþjónn á Svalbarða, segir í samtali við Fréttablaðið að parið hafi reynt allt til að fæla björninn burtu, meðal annars hafði konan skotið fjórum neyðarblysum að birninum, sem lagði alltaf aftur til atlögu og var kominn hálfur inn í kofann. Maðurinn lagði svo björninn að velli með því að skjóta hann einu skoti í augað með 44 kalíbera skammbyssu.

Hvítabirnir eru nokkuð algengir á þessum slóðum, og eru alfriðaðir nema um nauðvörn sé að ræða. Það er þó ekki algengt að til þess þurfi að koma, enda eru um tvö ár síðan björn var síðast felldur á Svalbarða.

Lars Erik Alfheim, aðstoðarsýslumaður á Svalbarða sagði í samtali við Aftenposten að ekkert benti til annars en að um nauðvörn hafi verið að ráð í þessu tilfelli.

„Þau virðast hafa reynt flestallt annað, en björninn bara gaf sig ekki."



**MÁTTI LITLU MUNA** Hvítabjörninn var kominn hálfur inn í kofann þegar hann var felldur með skammbyssuskoti. Þetta er í fyrsta sinn í tvö ár sem björn er drepinn á Svalbarða. MYND/ARILD LYSSAND

### Hvítabjörn drap breskan ungling

- Hvítabjörninn sem var felldur á sunnudag var 209 sentimetra langt karldýr sem vó rúm 300 kíló, en hvítabirnir geta orðið allt að 800 kíló á þyngd og eru stærsta rándýr sem lifir á landi. Þeir eru giska algeng sjón á Svalbarða, sem er ein nyrsta mannabyggð í heimi.
- Samkvæmt vef Náttúrufræðistofnunar er talið að hvítabirnir í heiminum séu á bilinu 20.000 til 25.000 talsins. Þeir hafa verið alfriðaðir frá árinu 1973, en þó má skjóta birni á Svalbarða ef um nauðvörn er að ræða.
- Tvö ár eru síðan hvítabjörn var síðast felldur á Svalbarða, en sumarið 2011 réðist karldýr á tjaldbúðir breskra unglinga og drap sautján ára pilt og særði fjóra aðra áður en flokksstjórinn náði að skjóta dýrið.
- Hvítabirnir hafa slæðst nokkrum sinnum hingað til lands í áranna rás. Á vef Náttúrufræðistofnunar segir að heimildir séu fyrir því að tæplega 600 dýr hafi sést frá upphafi Íslandsbyggðar. 27 dýr sáust hér á landi frostaveturinn mikla 1917-18.

Alfheim sagði ekki auðvelt að segja hversu algengt sé að birnir reyni að brjótast inn í kofa með þessum hætti, eða hvað hafi drifið hann áfram.

„Hann hefur kannski verið á höttunum eftir æti, en það er mjög erfitt að gefa sér nokkuð um framferði hvítabjarna."

thorgils@frettabladid.is

HAFBERG
fiskbúð sælkerans
PÁSKATILBOÐ
FRÍ HUMARSÚPA*
*ef keypt er 1 kg af humri
20% afsláttur af laxaflökum
Heitur matur í hádeginu
Opið laugardaga kl. 11–14
Gnoðarvogi 44 • Sími 588 8686

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**HÆGLÆTISVEÐUR** næstu daga með lítilsháttar úrkomu á víð og dreif en nokkuð björtu veðri inn á milli. Hægt kólnandi þó hiti breytist ekki mikið.




**Á morgun**
Fremur hægur vindur en strekkingur með SA-strönd og úti fyrir N-strönd.




**Skírdagur**
Fremur hæg breytileg átt.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 21° | Berlín | 0° | Friedrichshafen | 4° | Las Palmas | 22° | New York | 7° | París | 6° |
| Aþena | 19° | Billund | 2° | Gautaborg | 2° | London | 2° | Orlando | 16° | San Francisco | 15° |
| Basel | 10° | Frankfurt | 4° | Kaupmannahöfn | 2° | Mallorca | 19° | Ósló | 1° | Stokkhólmur | 0° |

**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is,* Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# Páskasteikin

*fæst í Hagkaup*




## Hagkaups smjörsprautað kalkúnaskip

Í fjöldamörg ár hefur Hagkaup boðið upp á smjörsprautað kalkúnaskip sem er algjört lostæti og hefur slegið rækilega í gegn á hverju ári. Það er tilbúið beint í ofninn og eldamennskan ofur einföld.




## Hagkaups hamborgarhryggur

· SÉRVALINN AF FAGMÖNNUM
· ÞARF EINUNGIS AÐ ELDA Í OFNI
· SALT MINNI

Við viljum vera viss um að hátíðarmaturinn þinn verði óaðfinnanlegur. Þess vegna látum við framleiða sérstakan hrygg samkvæmt ströngum gæðastöðlum Hagkaups.




## Hagkaups veislulæri

Við notum eingöngu sérvalin lambalæri sem eru krydduð með fersku rósmarín, steinselju, timian, söxuðum hvítlauk, sítrónu, chili pipar, salti og olíu. Útkoman er einstök. Hentar hvort sem er í ofninn eða á grillið.

## Ferskur íslenskur kalkúnn

Kalkúnninn hefur smám saman verið að ryðja sér til rúms á veisluborðum Íslendinga. Það er gaman að elda kalkún, því möguleikar í fyllingum og meðlæti eru óendanlega margir og ekki skemmir fyrir að kjötið bragðast einstaklega vel. Kjötið er fitusnautt, létt í maga og án nokkurra aukaefna.



24 Hagkaup
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Vel tenntar höfuðkúpur hvaða dýra fundust í fjöruferð á Snæfellsnesi nýverið?
**2.** Hversu margir farþegar fóru um Reykjavíkurflugvöll í fyrra?
**3.** Hvað heitir leikmaðurinn og þjálfarinn sem varð bikarmeistari bæði í karla- og kvennaflokki í blaki?

**SVÖR:**
**1.** Rostunga **2.** 363 þúsund. **3.** Elsa Sæný Valgeirsdóttir.

Tveir danskir bræður urðu þeir fyrstu til að fá dóm fyrir hryðjuverkaþjálfun:

# Tímamótadómur í Danmörku

**DANMÖRK** Tveir danskir bræður af sómölskum uppruna voru í gær dæmdir fyrir héraðsdómi í Árósum í þriggja og hálfs árs fangelsi hvor um sig fyrir að hafa sótt æfingabúðir fyrir hryðjuverkamenn. Um tímamótadóm er að ræða þar sem aldrei fyrr hefur verið dæmt eftir þessum lagabókstaf, sem var tekinn í lög árið 2006.

Bræðurnir sem eru 24 og 19 ára gamlir hafa búið í Danmörku í 16 ár og eru danskir ríkisborgarar, búsettir í Árósum. Sá eldri er dæmdur fyrir að hafa sótt æfingabúðir Al-shabaab hryðjuverkasamtakanna rétt utan við Mógadisjú í Sómalíu í fyrravetur, en hinn er dæmdur samsekur fyrir að hafa stutt bróður sinn bæði fjárhagslega og andlega.

Sá eldri, sem hefur setið í gæsluvarðhaldi í tíu mánuði, hafnar málatilbúnaðinum og segist hafa verið í Sómalíu að heimsækja skyldmenni.

Bræðurnir hafa báðir áfrýjað dómnum. - þj



**FRÁ ÁRÓSUM** Tveir danskir bræður af sómölskum uppruna voru í gær dæmdir í héraðsdómi í Árósum fyrir að hafa sótt þjálfun fyrir hryðjuverkamenn. FRÉTTABLAÐIÐ/PORGILS

Ung börn á heimilinu:

# Mæðgur voru með fíkniefni í förum sínum

**LÖGREGLUMÁL** Tvær konur voru fyrir helgi kærðar fyrir vörslu fíkniefna.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði konurnar, sem eru mæðgur, í bifreið í austurhluta Reykjavíkur um kvöldmatarleyti á fimmtudag. Þegar heim til mæðgnanna var komið fundust þar fíkniefni. Ung börn voru á heimilinu og var Barnaverndarnefnd sett í málið. - sv










# Neyðarlánið bjargar Kýpur fyrir horn

Kýpur fær tíu milljarða evra úr neyðarsjóði Evrópusambandsins, sem dugar til að ríkisskuldir Kýpur fara niður í 140 prósent af landsframleiðslu. Frekari samdráttur heldur þó áfram að hækka þetta hlutfall, svo brátt gæti þurft fleiri neyðarlán.

**KÝPUR** Kýpverskir ráðamenn segja samkomulagið sem tókst snemma í gærmorgun vera sáraukafullt. Þríeyki Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og seðlabanka Evrópusambandsins hefur fallist á að veita Kýpverjum neyðarlán upp á tíu milljarða evra, jafnvirði um það bil 1.600 milljarða króna, gegn því að næststærsti banki landsins fari að stórum hluta í gjaldþrotameðferð.

„Þetta þýðir ekki að við séum búin að sigrast á þessu, heldur hefur okkur í raun tekist að koma í veg fyrir brottför af evrusvæðinu, sem hefði haft skelfilegar afleiðingar,“ höfðu fjölmiðlar eftir Michalis Sarris, fjármálaráðherra Kýpur. Samkomulagið felur í sér að innistæður umfram 100 þúsund evrur í Laiki-bankanum muni líklega að stórum hluta tapast. Stór hluti innistæðnanna var í eigu rússneskra auðjöfra, sem hafa notfært sér Kýpur sem skattaskjól. Almenningur á Kýpur sleppur hins vegar að mestu með skrekkinn, því innistæður upp að 100 þúsund evrum verða fluttar í annan banka og njóta fullrar tryggingar.

Þetta er í fyrsta sinn sem Evrópusambandið fellst á að láta innistæðueigendur taka á sig hluta tapsins. Á Grikklandi voru það á endanum fjárfestar sem tóku á sig hluta tapsins, og þurfti að fá samþykki þeirra til. En ekki var hróflað við innistæðum í grískum bönkum, ekki frekar en á Írlandi, Spáni eða í Portúgal.

Óttast er að þetta fordæmi geti haft áhrif á auðjöfra víða um heim, sem muni hér eftir hika við að geyma fé sitt á bankareikningum í aðildarríkjum Evrópusambandsins.

Afleiðingarnar á Kýpur eru meðal annars þær að bankakerfi landsins skreppur verulega saman, fer úr því að vera áttföld landsframleiðsla niður í viðráðanlega stærð. Jafnframt verður Kýpur af þeim tekjum sem hafa komið frá því að vera skattaskjól.

gudsteinn@frettabladid.is

## Krísan á Kýpur



**BANKASTARFSFÓLK MÓTMÆLIR** Starfsfólk Laiki-bankans á Kýpur hefur tekið þátt í mótmælum fyrir utan þinghúsið í Nikosíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### ➜ Banka skipt í „góðan“ og „slæman“

Í meira en viku hafa stjórnvöld á Kýpur leitað logandi ljósi að 5,8 milljörðum evra, ríflega 900 milljörðum króna, sem Evrópusambandið krefst að verði mótframlag Kýpverja gegn tíu milljarða evra neyðarláni, sem vonast er til að geti bjargað bönkunum á Kýpur frá falli og ríkissjóðnum frá því að fara í greiðsluþrot.

Fyrst var hugmyndin sú að leggja skatt á allar innistæður í kýpverskum bönkum. Þeirri hugmynd var hafnað af kýpverska þinginu á þriðjudaginn í síðustu viku.

Á endanum varð niðurstaðan sú að næststærsta banka landsins, Laikibankanum, verði skipt upp í tvo banka, slæman og góðan.

Í „góða bankann“ verði flutt bæði þau lán, sem fullvíst þykir að verði í skilum, og bankainnistæður upp að 100 þúsund evrum, eða um 16 milljónum króna. Þessi banki verði síðan sameinaður Kýpurbanka, sem er stærsti banki landsins.

„Slæmi bankinn“ fari hins vegar í gjaldþrotameðferð, en í honum verði skilin eftir þau lán, sem óvíst er að innheimtist, og sá hluti innistæðna sem er umfram 16 milljón króna lágmarkstryggingu.

Þetta á að tryggja 4,2 milljarða evra upp í mótframlagið.

### ➜ Tvískipt eyja í Miðjarðarhafinu

Kýpur er eyja í austanverðu Miðjarðarhafinu, litlu minni en Vestfirðir að stærð. Þar býr rúmlega milljón manns og eru um 800 þúsund þeirra grískættaðir en hinir flestir af tyrkneskum uppruna. Árið 1974 reyndi herforingjastjórnin á Grikklandi að innlima Kýpur í Grikkland. Tyrkir brugðust ókvæða við, hertóku tyrkneska hluta eyjunnar og æ síðan hefur eyjan verið tvískipt. Gríski hlutinn fékk inngöngu í Evrópusambandið árið 2004 og tók upp evruna árið 2008.

Lögreglan skoðar myndband úr öryggishjálmi annars stökkvarans:

# Reyndi að bjarga nemanum

**SLYS** Talið er að eldri og reyndari fallhlífarstökkvarinn sem lést í slysi í Flórída á laugardag, hafi reynt að koma hinum yngri til bjargar í stökkinu. Mennirnir létust báðir þegar þeir skullu til jarðar, en aðalfallhlífar þeirra opnuðust ekki og varabúnaðurinn ekki fyrr en of seint.

Lögreglan í Tampa í Bandaríkjunum rannsakar enn tildrög slyssins, en fram kom í fjölmiðlum vestanhafs í gær að ekkert benti til þess að nokkuð saknæmt hafi átt sér stað. Lögreglan rannsakar meðal annars efni úr myndbandsupptökuvél sem annar fallhlífarstökkvarinn var með á hjálmi sínum. Mennirnir voru báðir íslenskir og hluti af fallhlífarklúbbnum Í frjálsu falli, sem skipulagði ferðina til Bandaríkjanna.

Hjörtur Blöndal, formaður klúbbsins, sagði í samtali við Ríkisútvarpið í gær að hópnum hafi verið boðin áfallahjálp á sunnudag, en hún hafi verið afþökkuð. Þau hafi haldið góðu sambandi við fjölskyldur hinna látnu á Íslandi og að ákvörðun hafi verið tekin um að halda kyrru fyrir á Flórída og halda áfram að stökkva.

„Það er það sem Andri og Örvar hefðu viljað,“ sagði Hjörtur í samtali við Ríkisútvarpið.



**ÖRVAR ARNARSSON**



**ANDRI MÁR ÞÓRÐARSON**

Mennirnir sem létust hétu Andri Már Þórðarson, 25 ára, og Örvar Arnarson, 40 ára. Báðir ókvæntir og barnlausir. Andri var í námi hjá Örvari. - sv


VORIÐ NÁLGAST!
GRÍÐARLEGT ÚRVAL AF VORLEIKFÖNGUM
-25 %
af öllum
TRAMPÓLÍNUM
og aukahlutum
SÉRLEGA STERKBYGGÐ TRAMPÓLÍN
240 CM
TRAMPÓLÍN, ÖRYGGISNET FYLGIR EKKI MEÐ
20.249
SPARIÐ 6.750
366 CM
TRAMPÓLÍN, ÖRYGGISNET FYLGIR EKKI MEÐ
28.499
SPARIÐ 9.500
426 CM
TRAMPÓLÍN, ÖRYGGISNET FYLGIR EKKI MEÐ
32.249
SPARIÐ 10.750
VIÐ MÆLUM MEÐ NOTKUN ÖRYGGISNETS
• 240 cm: 14.999 sparið 5.000
• 366 cm: 17.249 sparið 5.750
• 426 cm: 20.249 sparið 6.750
Tilboðin gilda til og með 15.04.2013. VSK er innifalinn í verði.
Fyrirvarar eru gerðir vegna mögulegra prentvillna.
ToysRus
IT DOESN'T GET BIGGER THAN THIS!

B|L

VINSÆLIR
ENDA SPARNEYTNIR ATVINNUBÍLAR

RENAULT KANGOO DÍSIL
EYÐSLA 4,9 L / 100 KM*
KANGOO II EXPRESS
VERÐ: 2.541.833 KR. ÁN VSK.
1,5 DÍSIL - 90 HÖ VERÐ: 3.190.000 KR. M. VSK.



RENAULT TRAFIC DÍSIL
EYÐSLA 6,9 L / 100 KM*
TRAFIC STUTTUR
VERÐ FRÁ: 3.418.327 KR. ÁN VSK.
2,0 DÍSIL - 115 HÖ VERÐ: 4.290.000 KR. M. VSK.



RENAULT MASTER DÍSIL
EYÐSLA 8,0 L / 100 KM*
MASTER MILLILANGUR
VERÐ FRÁ: 4.292.821 KR. ÁN VSK.
2,3 DÍSIL - 125 HÖ VERÐ: 5.390.000 KR. M. VSK.



www.renault.is

RENAULT – Í LIÐI MEÐ ATVINNUREKENDUM Í 100 ÁR.

Það er ekki að undra að Renault sé stærstur á sviði sendibíla í Evrópu. Eftir meira en 100 ár í bransanum vita þeir hjá Renault hvað skiptir máli þegar bíllinn er vinnustaðurinn þinn: áreiðanleiki, sveigjanleiki og ekki síst þægindi.

RENAULT

BL ehf. Sævarhöfða 2 / 525 8000

Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622
Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – Bílasala Akureyrar / 461 2533



SKÝRSLA STARFSHÓPS UM GUÐMUNDAR- OG GEIRFINNSMÁLIN

## 9 ATRIÐI SEM DRAGA ÚR ÁREIÐANLEIKA JÁTNINGA

1. Lengd einangrunarvistar og tíðar og langar yfirheyrslur.
2. Einstaklingsbundnir áhættuþættir.
3. Tíð óformleg samskipti rannsakenda við sakborninga á meðan á rannsókn stóð, svo sem heimsóknir í klefa og ferðir með þá út úr fangelsinu.
4. Fjöldi samprófana, sem gat ýtt undir að sakborningar breyttu framburði sínum, aðeins vegna áhrifa annarra sakborninga.
5. Fjöldi vettvangsferða og tilrauna til að leita að líkum Guðmundar og Geirfinns.
6. Takmörkuð aðstoð lögmanna, en ljóst er að sakborningar fengu sjaldan að ræða einslega við lögmenn sína og dæmi eru um að þeim hafi beinlínis verið neitað um aðgang að lögmönnum.
7. Óttinn við að gæsluvarðhaldið yrði framlengt ef rannsakendur væru ekki sáttir við framburð þeirra.
8. Fangaverðir ræddu í einhverjum tilvikum við sakborninga um atvik málanna og fóru með rannsakendum að leita að líkunum. Yfirfangavörður var mikið inni í rannsókn málsins og ræddi bæði við rannsakendur og sakborninga.
9. Svo virðist sem rannsakendur hafi haft „rörsýn“ við rannsókn og haft fyrirfram skoðun á sekt sakborninga og neikvæð viðhorf til sumra, einkum Sævars og Kristjáns Viðars.

# Geirfinnsmál verði tekið upp aftur

**Hafið er yfir allan skynsamlegan vafa að framburður allra sakborninga í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum hafi verið óáreiðanlegur. Ekki átti að leggja þá til grundvallar. Sálfræðingar segja líklegt að þeir hafi „hvergi komið þar nálægt“.**

Hafið er yfir allan skynsamlegan vafa að framburður og játningar Erlu Bolladóttur, Sævars Ciesielskis, Kristjáns Viðars Viðarssonar, Tryggva Rúnars Leifssonar, Alberts Klahn Skaftasonar og Guðjóns Skarphéðinssonar í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum voru óáreiðanlegir. Þetta er meginniðurstaða sálfræðilegs mats í nýrri 500 blaðsíðna skýrslu starfshóps innanríkisráðuneytisins um málin, sem kynnt var í gær. Sálfræðingarnir Gísli H. Guðjónsson og Jón Friðrik Sigurðsson gerðu sálfræðimatið.

Starfshópurinn telur í ljósi þessa „veigamiklar ástæður fyrir því að málin verði tekin upp á ný“. Hópurinn tiltekur þrjár mögulegar leiðir til endurupptöku málsins. Í fyrsta lagi muni ríkissaksóknari meta hvort tilefni sé til aðgerða af hálfu ákæruvaldsins, í öðru lagi að sakborningarnir leiti sjálfir eftir því að málin verði tekin upp aftur og að það yrði stutt með opinberu fé, og í þriðja lagi að lagt verði fram frumvarp á Alþingi sem mæli fyrir um endurupptöku málsins.

Það sem er mjög óvenjulegt við rannsókn málanna er hin langa einangrunarvist sakborninga í gæsluvarðhaldi og vald rannsóknardómarans til að úrskurða þá aftur og aftur í varðhald. „Vitað er að löng einangrunarvist getur haft alvarleg áhrif á hugsun fólks og líðan. Þekkt einkenni eru óróleiki, ruglástand, einbeitingarerfiðleikar, óskýr hugsun, brenglað raunveruleikaskyn og svefntruflanir. Rannsóknir sýna einnig að langar yfirheyrslur leiða oft til þess að fólk gefur falskar játningar.“

Ljóst er af dagbókum Síðumúlafangelsisins að sakborningarnir sex voru yfirheyrðir mjög oft, mun oftar en skýrslur eru til um. Talað var við þá óformlega og í klefum þeirra, stundum að næturlagi og iðulega mjög lengi. „Þetta er alvarlegur galli á meðferð sakamála og sýnir að alls ekki er unnt að treysta eingöngu á fyrirliggjandi skýrslur við mat á framburði sakborninga,“ segir í skýrslunni. „Slík vinnubrögð rannsakenda auka mjög hættu á að sakborningar játi aðild að málum sem þeir hafa hvergi komið nærri og hafa enga þekkingu á.“

Mjög áberandi er hversu mikið ósamræmi var á milli sakborninga og hversu mikið og oft þeir breyttu framburði sínum, að því er fram kemur í skýrslunni. Þetta hafi lögreglumenn túlkað sem tilraunir sakborninga til að flækja málin. „Það er eins og rannsakendurnir hafi ekki litið á aðra möguleika en sekt sakborninganna. Mun líklegra er að ósamræmið hafi stafað af þekkingarleysi sakborninganna á málunum og að þeir hafi hvergi komið þar nálægt,“ segir í niðurstöðum sálfræðinganna.

thorunn@frettabladid.is



**KÚPLAÐ ÚT** „Það sem upp úr okkur hefur komið eru játningaþulur, ekkert annað. Þetta er heilaþvottur, þetta er andleg píning,“ sagði Sævar Ciesielski, þegar hann flutti eigin varnarræðu fyrir Sakadómi Reykjavíkur árið 1977. „Saklaust fólk er látið játa á sig rangar sakir og svo er því kúplað út úr þjóðfélaginu.“
MYND/BJARN LEIFUR BJARNLEIFSSON

## FÖLSK JÁTNING GUÐJÓNS

Framburður Guðjóns Skarphéðinssonar ber öll merki falskrar játningar, að mati sálfræðinganna. Hann hafi meðal annars sýnt ákafa við að hjálpa lögreglunni við að leysa málið, sýnt blint traust á yfirheyrendur, hafi haft vantraust á eigin minni og frjótt ímyndunarafl, hann hafi hægfara upplifað niðurbrot á raunveruleikamati og sýnt algjöra vangetu til að gefa lögreglu upplýsingar sem hægt var að staðfesta. Sú staðreynd að hann dró framburð sinn ekki til baka í mörg ár sé í fullu samræmi við vantrú á minningar um sakleysi sitt og að vera tekinn trúanlegur.

**➜ Örfá dæmi um lögmenn viðstadda í yfirheyrslum:**

# Hæstiréttur hafði ekki næga yfirsýn

Ljóst er að Hæstiréttur hafði ekki nægilega góða yfirsýn yfir aðgerðir lögreglu við rannsókn Guðmundar- og Geirfinnsmála, að mati starfshópsins. Ýmsir gallar hafi legið fyrir á rannsókn lögreglu þegar dómur Hæstaréttar féll árið 1980.

Hópurinn segir að slá megi því föstu að yfirheyrslur og viðtöl hafi verið margfalt fleiri en gögn gáfu til kynna. Réttur sakborninga til að njóta lögfræðilegrar aðstoðar hafi verið fyrir borð borinn oftar en dómstólar héldu, aðeins séu örfá dæmi í fangelsisdagbókum um að lögmenn hafi verið viðstaddir yfirheyrslur.

Þá sést á yfirheyrsluskýrslu að framburður sexmenninganna í einangrun barst á milli þeirra. Þau fengu þannig upplýsingar um rannsóknartilgátur lögreglunnar. Lögreglan hafi litið svo á að hlutverk hennar væri að samræma framburðina, og einblínt of mikið á sekt þeirra.

Neikvætt og fordómafullt viðhorf fangavarða í garð sakborninga, einkum Sævars Ciesielski og Kristjáns Viðars Viðarssonar, og sérstakt andrúmsloft og spenna í Síðumúlafangelsi jók jafnframt álag á sakborninga í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum.

Starfshópinn skipuðu Arndís Soffía Sigurðardóttir, formaður, Haraldur Steinþórsson og Jón Friðrik Sigurðsson. Auk þess störfuðu réttarsálfræðingurinn Gísli Guðjónsson og lögfræðingurinn Valgerður María Sigurðardóttir með hópnum.

- þeb

**6.105** daga voru sakborningarnir sex samtals í gæsluvarðhaldi vegna málanna.


FRÁBÆRT Í BÚSTAÐINN
Á VERÖNDINA
POLITRATTAN BORÐ
52.900
BORÐ
15.900
STÓLL
8.900
POLITRATTAN
ÞOLIR -15 GRÁÐUR
STÓLL
13.900
25.900
STÓLL
BORÐ OG STÓLAR
MOSAÍK
SÓFI
34.900
STÓLL
9.900
3 FYRIR 2
AF PÚÐUM
BORÐ
VERÐ FRÁ
14.900
ÁÐUR 79.900
69.900
BJALLA
MIKIÐ ÚRVAL AF
KÖNNUM OG STELLUM
Möguleiki á að hafa tunguna hægra
eða vinstra megin
the PIER
BREIDD 195 CM - TUNGA 150 CM
SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

## SKÝRSLA STARFSHÓPS UM GUÐMUNDAR- OG GEIRFINNSMÁL

**1974**
- **27. janúar 1974** Guðmundur Einarsson hverfur
- **19. nóvember 1974** Geirfinnur Einarsson hverfur

**1975**
- **20. desember 1975** Erla fyrst yfirheyrð vegna hvarfs Guðmundar

**1977**
- **19. desember 1977** Dæmt í málinu í sakadómi Reykjavíkur



**1980**
- **22. febrúar 1980** Dæmt í málinu í Hæstarétti



**1997**
- **15. júlí 1997** Fyrri endurupptökubeiðni Sævars hafnað

**1999**
- **18. mars 1999** Seinni endurupptökubeiðni Sævars hafnað

**2000**
- **22. júní 2000** Endurupptökubeiðni Erlu hafnað

**2009**
- **1. maí 2009** Tryggvi Rúnar Leifsson lést

**2011**
- **7. október 2011** Starfshópur um Guðmundar- og Geirfinnsmál skipaður af innanríkisráðherra
- **12. júlí 2011** Sævar Marinó Ciesielski lést

**2013**
- **25. mars 2013** Skýrsla starfshópsins kynnt almenningi

**➜ Gleðilegt fyrir réttlætið**

# Stjórnvöld eiga að fara alla leið

Erla Bolladóttir, einn sakborninga í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum, segir að niðurstaðan í skýrslu starfshóps innanríkisráðherra hafi ekki komið sér á óvart: „En ég gaf mér ekkert fyrirfram. Ég vonaðist eftir svona niðurstöðu. Þetta er mjög gleðileg niðurstaða fyrir sakir réttlætisins.“

Aðspurð um þær leiðir sem starfshópurinn leggur til í framhaldi af rannsókninni segir Erla að hún hafi ekki skoðað þær niður í kjölinn. „Mér fyndist, miðað við það sem hefur verið lagt í málið til að ná þessari niðurstöðu, að þá væri ekki annað sæmandi en að stjórnvöld tækju þetta alla leið. Ég held að það sé vænlegra en að við færum enn og aftur af stað. Við erum orðin mjög þreytt,“ segir Erla.

- þeb, shá



ERLA BOLLADÓTTIR

**Við erum orðin mjög þreytt.**

*Erla Bolladóttir, einn sakborninga í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum*

**Líka hversu grimmdarlegum aðferðum var beitt við rannsókn málsins. Pabbi var í rúm fjögur ár í gæsluvarðhaldi og af þeim í rúm tvö ár í einangrun.**

*Hafþór Sævarsson, sonur Sævars Ciesielski*

**➜ Sorglegt að Sævar sé ekki hér**

# Barátta pabba skilaði árangri

Hafþór Sævarsson, lögfræðinemi og sonur Sævars Ciesielski, segir það frábært að loksins sé komin viðurkenning frá hinu opinbera á því að játningar sakborninganna voru merkingarlausar. „Líka hversu grimmdarlegum aðferðum var beitt við rannsókn málsins. Pabbi var í rúm fjögur ár í gæsluvarðhaldi og af þeim í rúm tvö ár í einangrun. Það er grafalvarlegt mál og sorglegt að hann sé ekki hérna hjá okkur. Ég er hins vegar ánægður með að hans barátta skilaði árangri.“

- þeb, shá



HAFÞÓR SÆVARSSON

**➜ Sat í fjögur og hálft ár í fangelsi fyrir vitnisburð sem nefndin metur falskan**

# Íhugar að sækja bætur

„Ég get ekki mikið sagt þegar svona stórmenni komast að þessari niðurstöðu og er því í vandræðum með að mótmæla þeim,“ segir Guðjón Skarphéðinsson, sóknarprestur á Staðastað. Hann sat í fjögur og hálft ár í fangelsi fyrir aðild sína að Geirfinnsmálinu.

Í skýrslu nefndarinnar segir að það sé hafið yfir allan skynsamlegan vafa að framburður Guðjóns, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, hafi verið falskur.

Spurður hvort til greina komi að sækja bætur fyrir vistina á Kvíabryggju, segist Guðjón ekki vera kominn svo langt í lífinu að vera búinn að ákveða það.

„Ég kann ekkert á peninga, en er það ekki venjan að mál fari einhverja svoleiðis leið? En ég get svo sem ekkert sagt um hvenær eða hvernig ég geri það. Ég er ekki með neinn lögfræðing, hann er dáinn og bróðir hans sem síðan varð lögfræðingurinn minn er líka dáinn, svo ég þori varla að biðja þann þriðja,“ segir Guðjón. „Ég geri ráð fyrir því að fólkið sem var þarna líka muni hafa uppi einhverjar aðgerðir og síðan muni þetta fljóta sína leið.“

Guðjón segir það ekki nýjar fregnir að framburður hans í málinu á sínum tíma hafi verið falskur, en hann efast um að hann muni lesa skýrsluna. „Ég hef enga ástæðu til að lesa þessa skýrslu, ég hef hana ekki undir höndum og þótt ég fengi hana efast ég um að ég myndi nenna að lesa hana.“

- sv



GUÐJÓN SKARPHÉÐINSSON

**Ég geri ráð fyrir því að fólkið sem var þarna líka muni hafa uppi einhverjar aðgerðir og síðan muni þetta fljóta sína leið.**

*Guðjón Skarphéðinsson*



## → Ráðherra bíður



ÖGMUNDUR JÓNASSON

# Eðlilegt að bíða eftir saksóknara

„Mér finnst eðlilegt að bíða eftir niðurstöðu ríkissaksóknara, það er sá farvegur sem menn hljóta að horfa til núna,“ segir Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra, um leiðirnar þrjár sem starfshópurinn leggur til í skýrslu sinni að hægt sé að fara í kjölfarið.

„Í öðru lagi hljóta menn að bíða eftir því hver vilji hinna sakfelldu sjálfra er – hvort þeir vilja hafa frumkvæði að málinu. Og í þriðja lagi, reynist þær leiðir torsóttar, hljótum við að íhuga hitt – sem er lagafrumvarpsleiðin.“

Ögmundur áréttar að hópurinn telji eðlilegt að framhald verði á málinu. „En hvort sem svo verður þá tel ég að þessar lyktir núna marki að mörgu leyti tímamót fyrir þá sem hlut eiga að máli.“

Ögmundur segir að lögreglu- og fangelsisyfirvöld munu nú fá skýrsluna í hendur til yfirferðar, í því skyni að kanna hvort brotalamirnar sem afhjúpast í skýrslunni hafi allar verið bættar síðan þá, eða hvort enn þurfi eitthvað að gera í kerfinu. - sh

> Reynist þessar leiðir torsóttar, hljótum við að íhuga hitt – sem er lagafrumvarpsleiðin
>
> *Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra*

## → Saksóknari skoðar skýrsluna



SIGRÍÐUR J. FRIÐJÓNSDÓTTIR

# Eitthvað klárt fljótlega eftir páska

Sigríður Friðjónsdóttir, ríkissaksóknari, segir að hún og fleiri saksóknarar við embættið muni nú leggjast yfir skýrslu starfshópsins og meta hvort tilefni sé til að taka málið upp aftur.

Þau hafi þó ekki sett sér tímamörk í því sambandi. „Það er nú ýmislegt annað sem knýr dyra líka, en ætli við reynum ekki að vera tilbúin með eitthvað fljótlega eftir páska.“ - sh

## → Sakfellingin mistök, segir einn reyndasti réttarsálfræðingur heims

# Hvergi nema í Guantanamo Bay

„Það voru mistök að sakfella þessa einstaklinga,“ segir Gísli Guðjónsson réttarsálfræðingur, sem vann að málinu með starfshópnum og skrifaði heilan kafla í skýrsluna ásamt Jóni Fr. Sigurðssyni.

Gísli hefur unnið að yfir þúsund málum þar sem hann hefur þurft að leggja mat á sannleiksgildi vitnisburða í sakamálum. Hann segist aldrei hafa lagt eins mikla vinnu í neitt mál og þetta.

Þá segir hann jafnframt að Guðmundar- og Geirfinnsmálin séu einstök á heimsvísu, ekki síst með tilliti til þess hversu lengi sakborningarnir sættu gæsluvarðhaldi. Það eigi sér enga hliðstæðu, nema þá helst í Guantanamo Bay-fangabúðum Bandaríkjamanna á Kúbu.

Gísli segir að þegar hann hafði farið í þaula yfir öll gögn málsins hafi hann ekki verið í nokkrum vafa um þá niðurstöðu að lítið mark væri takandi á vitnisburðum sakborninganna.

Hluta af ástæðunni segir hann vera þá að íslenska réttarkerfið hafi einfaldlega ekki ráðið við svo flókið mál. „Málið var svo flókið að íslenska kerfið réð ekki við það. Þess vegna var fenginn þýskur sérfræðingur [Karl Schütz] til aðstoðar. Ég held að það hafi skemmt málið að fá hann inn í þetta. Það er greinilegt að hans skoðun var sú að þessir einstaklingar væru allir sekir og að hann þyrfti að ná fram játningu.“ - sh



GÍSLI H. GUÐJÓNSSON

> Málið var svo flókið að íslenska kerfið réð ekki við það. Þess vegna var fenginn þýskur sérfræðingur [Karl Schütz] til aðstoðar. Ég held að það hafi skemmt málið að fá hann inn í þetta.
>
> *Gísli Guðjónsson réttarsálfræðingur*





Hjálpum heima

Hjálparstarf kirkjunnar veitir fjölbreytta aðstoð á Íslandi. Við hjálpum til sjálfshjálpar.

Einnig er hægt að hringja í söfnunarsímann **907 2002**, gefa framlag á **framlag.is**, **gjofsemgefur.is** eða á söfnunarreikning **0334-26-886**, kt. 450670-0499.

**Valgreiðsla hefur verið send í heimabanka þinn**. Með því að greiða hana styður þú innanlandsaðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar og hjálpar til sjálfshjálpar.

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is

Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík, sími 528 4400

PIPAR\TBWA • SÍA • 130810


## ÁVINNINGUR HINS OPINBERA AF VERSLUN

Samtals greiða launþegar í verslun 75 milljarða kr. til ríkisins í ár. Það er álíka og það sem ríkið ver samanlagt til menntamála og samgöngumála á þessu ári.




**205** Tekjur launþega sem vinna í verslun verða um 205 milljarðar kr. á þessu ári.

**38** Íslendingar sem vinna í verslun eru 38 þúsund talsins.

### ➜ Verslun gæti breyst mikið á næstu árum

Fram kemur í skýrslunni að talsverðar breytingar séu fyrirsjáanlegar á umhverfi verslunar á næstu árum og áratugum. Ágúst nefnir að vaxandi netverslun og möguleikar á sjálfsafgreiðslu í verslunum, auk fleiri þátta, valdi því að starfsfólki í greininni muni sennilega fækka, auk þess sem laun í greininni muni líklega lækka. Við þessu þurfi að bregðast, svo sem með því að mennta það fólk sem hverfur úr greininni.

# Verslunin knýr allar vélar hagkerfisins

Verslun á Íslandi hefur ekki notið sannmælis að mati annars höfunda skýrslu um Hagræn áhrif verslunar. Fram kemur í skýrslunni að verslun standi að baki fimmtungi landsframleiðslu og að 38 þúsund Íslendingar starfi í greininni.


ÁGÚST EINARSSON

**EFNAHAGSMÁL** Verslun á Íslandi stendur undir fimmtungi hagkerfisins. Þetta er helsta niðurstaða skýrslunnar Hagræn áhrif verslunar sem Ágúst Einarsson, doktor í hagfræði, og Axel Hall, hagfræðingur við Háskólann í Reykjavík, hafa unnið.

„Umfang verslunar er miklu meira í íslensku efnahagslífi en áður hefur verið talið. Verslunin er að leggja 20% til landsframleiðslunnar á ári hverju og það vinna um 38 þúsund manns í greininni. Þær mikla skatttekjur sem fara í gegnum verslunina koma líka á óvart,“ segir Ágúst um skýrsluna.

Þá bætir Ágúst við að verslun á Íslandi hafi ekki notið sannmælis til þessa. „Það eimir kannski enn eftir af tilfinningum gagnvart einokunarverslun Dana því menn hafa stundum litið svo á að verslun sé einhver óþarfa milliliður en það er þverstæða. Verslun er frekar smurningin sem knýr allar vélar efnahagslífsins.“

Loks segir Ágúst að rannsóknir á verslun leiði fljótt í ljós hversu mikilvægt sé fyrir hana að fá að starfa hindrunarlaust. „Öll höft eins og við höfðum hér fyrir nokkrum áratugum eru mikill bölvaldur, ekki bara fyrir verslunina heldur einnig lífskjör fólksins í landinu. Og nú erum við með gjaldeyrishöft sem eru mikil vá og vond fyrir íslenskt efnahagslíf.“

magnusl@frettabladid.is


Hátíðarkrafturinn kemur úr Knorr

Settu hátíðarkraft í sósuna með Knorr – kraftinum sem þú þekkir og treystir!




...kemur með góða bragðið!

ÍSLENSKA/SIA.IS/NAT 61885 11/12



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**VARSLA** Efling nágrannavörslu í borginni er meðal þess sem hefur fækkað innbrotum í borginni.

Lögreglu tilkynnt um rúm 100 innbrot á mánuði:

# Helmingsfækkun innbrota á tveimur árum

**LÖGREGLUMÁL** Yfir 100 innbrot eru skráð hjá lögreglu í hverjum mánuði síðustu tólf mánuði. Innbrotunum hefur fækkað um helming á skömmum tíma, en þau voru um 200 á mánuði fyrir tveimur árum.

Samkvæmt samantekt Ríkislögreglustjóra voru 1.292 innbrot framin á tímabilinu frá mars 2012 út febrúar 2013. Á sama tímabili tveimur árum áður voru þau 2.698.

„Þetta er ágætis þróun sem var reyndar byrjuð fyrr,“ segir Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins.

Hann segir þrennt skýra fækkunina. Lögreglan hafi frá árinu 2009 lagt mikla áherslu á að upplýsa innbrot og stöðva virkustu brotamennina, enda hafi reynslan sýnt að þeir beri ábyrgð á stórum hluta innbrota. Þá hafi breytingar á skipulagi lögreglunnar árið 2009 fært rannsókn brota nær vettvangi og leyft lögreglumönnum að sérhæfa sig í ákveðnum hverfum. Þriðja atriðið sé svo efling nágrannavörslu í borginni.

Eignaspjöllum hefur einnig fækkað, úr 2.906 fyrir tveimur árum í 2.034 nú, sem er um þriðjungs fækkun. Fjöldi líkamsárása hefur hins vegar verið svo til óbreyttur síðustu ár, um 1.100 á ári.

- bj

## HEIMURINN




## Ísrael skilar skattgreiðslum til Palestínu

**1** **ÍSRAEL, AP** Stjórnvöld í Ísrael ætla að hefja á ný greiðslur á skattfé til palestínskra stjórnvalda. Ísrealar hafa fryst greiðslurnar frá því Palestína fékk áheyrnaraðild að Sameinuðu þjóðunum á síðasta ári.

Ekki kom fram í yfirlýsingu Benjamins Netanyahu, forsætisráðherra Ísraels, hversu háar upphæðir verða færðar til Palestínu. Ísrael innheimtir í hverjum mánuði skattgreiðslur sem nema um 100 milljónir bandaríkjadala, sem samsvarar um 12,3 milljörðum króna, fyrir stjórnvöld í Palestínu.

## Flóttamenn fórust þegar báti hvolfdi við Jólaeyju

**2** **ÁSTRALÍA** Tveir fórust og tveir slösuðust lífshættulega þegar báti með 95 flóttamenn innanborðs hvolfdi undan ströndum Jólaeyju, sem tilheyrir Ástralíu.

Skip áströlsku strandgæslunnar var skammt undan þegar bátnum hvolfdi og tókst skipverjum að bjarga öllum um borð. Mikið er um að flóttamenn frá Afganistan, Írak, Íran og Srí Lanka reyni að komast til Jólaeyjar, sem er nyrsta eyjan sem tilheyrir Ástralíu. Ekki hefur verið upplýst um þjóðerni þeirra sem voru í bátnum.



NORDICPHOTOS/AFP

**3** **INDLAND** Gestir hópast að 40 metra hárri styttu af guðinum Búdda sem var vígð í garði í borginni Rabong á Norður-Indlandi, skammt frá landamærum Tíbet, í gær.



**JEPPAR** Meðlimir Flugbjörgunarsveitarinnar á Hellu björguðu stúlkum úr sjálfheldu á Príhyrningi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Björgunarveitir kallaðar út:

# Unglingsstúlkur í sjálfheldu

**SLYS** Meðlimir Flugbjörgunarsveitarinnar á Hellu björguðu tveimur unglingsstúlkum sem lent höfðu í sjálfheldu á Þríhyrningi fyrir hádegi á mánudag.

Stúlkurnar höfðu farið einar í gönguferð á fjallið þegar þær lentu í sjálfheldu í klettabelti og hringdu þá eftir aðstoð.

Samkvæmt tilkynningu frá Landsbjörg gekk vel að komast að stúlkunum en björgunarmenn fóru upp í fjallið og komu að þeim ofan frá. Tryggðu þeir öryggi sitt og stúlknanna með línum áður en haldið var niður. Stúlkurnar voru ómeiddar þegar að var komið en þær voru að vonum skelkaðar eftir ævintýrið. - hó



**PLÖNTUR** Lögregla minnir á að í „fíkniefnasímanum“ 800-5005 er tekið við nafnlausum ábendingum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Lögregla upprætir kannabis:

# Hald lagt á 185 plöntur og átta kíló kannabiss

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur í tvígang komið upp um umfangsmikla kannabisræktun á höfuðborgarsvæðinu síðustu daga.

Karlmaður á fertugsaldri hefur játað að hafa staðið að ræktun í íbúðarhúsnæði í austurborg Reykjavíkur þar sem lagt var hald á 160 plöntur og átta kíló af kannabisefnum. Ekki var búið í húsinu.

Þá hefur karl á fimmtugsaldri játað ræktun í iðnaðarhúsnæði í Kópavogi þar sem 125 plöntur voru teknar. Þar segir lögregla miklu hafa verið kostað til við að koma upp ræktuninni. - óká

## VEIÐIVÖTN

### Slasaðist á vélsleða

Þyrla Landhelgisgæslunnar var kölluð út síðdegis á sunnudag vegna vélsleðaslyss við Grænavatn í Veiðivötnum. Maður sem ók fram af hengju kvartaði undan verkjum og var illa áttaður. Þyrlan var komin á staðinn um klukkan 17.00. Flogið var beint á Landspítalann í Fossvogi þar sem var lent 17.40.




# Ársfundur og ráðstefna
VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs

**fimmtudaginn 11. apríl 2013, kl. 8.00 – 12.00 og 13.00 – 16.30**
**á Grand Hótel Reykjavík – Gullteig**

## Ársfundur

| | |
|---|---|
| 08.00 – 08.30 | **Morgunverður** |
| 08.30 – 08.45 | **Ávarp:** Guðbjartur Hannesson, velferðarráðherra |
| 08.45 – 09.30 | **VIRK framtíð:** Vigdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs fer yfir starfsemina á liðnu ári og gerir grein fyrir áherslum og verkefnum til framtíðar |
| 09.30 – 10.30 | **Assessment of work capability for a social security benefit:** Sir Mansel Aylward frá Centre for Psychosocial and Disability Research í Bretlandi fjallar um hugmyndir og breytingar í þróun á starfsgetumati |
| 10.30 – 11.00 | **Kaffi** |
| 11.00 – 12.00 | **Hefðbundin ársfundarstörf samkvæmt skipulagsskrá** • Skýrsla stjórnar • Ársreikningur liðins árs • Breytingar á skipulagsskrá • Tilkynning um skipan stjórnar • Kosning endurskoðenda • Önnur mál |
| 12.00 | **Fundarlok** |

## Að meta getu til starfa – Hvað skiptir máli?
Ráðstefna um starfsendurhæfingu og vinnugetu

| | |
|---|---|
| 13.00 – 13.15 | **Ávarp frá Velferðarráðuneyti:** Guðrún Sigurjónsdóttir, sérfræðingur hjá Velferðarráðuneyti |
| 13.15 – 13.45 | **VIRK framtíð:** Vigdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs fer yfir starfsemina á liðnu ári og gerir grein fyrir áherslum og verkefnum til framtíðar |
| 13.45 – 14.45 | **Assessment of work capability for a social security benefit:** Sir Mansel Aylward frá Centre for Psychosocial and Disability Research í Bretlandi, fjallar um hugmyndir og breytingar í þróun á starfsgetumati |
| 14.45 – 15.10 | **Kaffi** |
| 15.10 – 15.30 | **Örorkumat samkvæmt staðli:** Haraldur Jóhannsson, yfirlæknir, læknisfræðileg ráðgjöf, Réttindasvið TR |
| 15.30 – 15.50 | **Eru örorkulífeyrisréttindi rétt metin?** Guðmundur Björnsson, endurhæfingar- og trúnaðarlæknir |
| 15.50 – 16.30 | **Hvernig getur VIRK virkað sem best?** Ása Dóra Konráðsdóttir, sviðsstjóri starfsendurhæfingar VIRK fjallar um árangursríka nálgun í starfsendurhæfingu og tengsl við starfsgetumat |

Ráðstefnustjóri er Ingibjörg Loftsdóttir, deildarstjóri ráðgjafadeildar VIRK
Dagskrá ráðstefnunnar og veitingar eru í boði VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs

Þátttakendur eru beðnir að skrá sig á ráðstefnuna, á heimasíðu **VIRK www.virk.is**
fyrir kl. 12.00 miðvikudaginn 10. apríl

www.virk.is

VIRK
STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

ATARNA

úr kjötborði



Svínalundir
**1.698,kr./kg**
verð áður 2.398,-/kg

úr kjötborði



Svínahnakki
**1.298,kr./kg**
verð áður 1.598,-/kg



Gott í kroppinn humarsúpa 1L
**998,kr.**
verð áður 1.142,-



Veislufugl m/fyllingu
**1.249,kr./kg**

úr kjötborði



FK hamborgarhryggur
**1.498,kr./kg**

# Fjarðarkaup
## 26. - 30. mars



Íslenskt heiðarlamb
**1.398,kr./kg**
verð áður 1.598,-/kg



Fjallalambs skyndi grill
**2.379,kr./kg**



Fjallalambs fjallalæri
**1.398,kr./kg**
verð áður 1.598,-/kg



KF London lamb
**1.998,kr./kg**




Ali Byonne skinka
**1.498,kr./kg**
verð áður 1.662,-/kg



KF lambalærisneiðar villikryddaðar
**1.898,kr./kg**



Ísfugl hunangslegin kalkúnabringa
**2.898,kr./kg**
verð áður 3.339,-/kg



Ferskar kjúklingabringur án aukaefna
**2.598,kr./kg**
verð áður 2.998,-/kg




Karamelluostakaka
**998,kr.**




Pik-Nik 255g
**698,kr.**

VISA

FK VIÐSKIPTAMANNAKORT - Tilvalið gjafakort

www.FJARDARKAUP.is

Grænar baunir 1/2 dós
**145,kr.**



Cocoa Puffs 467g
**598,kr.**



Maískorn 430g
**215,kr.**

Rauðkál 540g
**228,kr.**



Perur 1/1
**498,kr.**

Blandaðir ávextir 1/1
**498,kr.**



Mackintosh 2kg með After Eight 300g kaupauka
**2999,kr.**



Myllu súkkulaðiterta
**998,kr.**



Myllu jólakaka
**498,kr.**



Myllu Pizzusnúðar
25% meira
**298,kr.**



Pagen kanilsnúðar
**398,kr.**



Coke 4x2L með hátíðarappelsín í kaupbæti
**948,kr.**



Páskaostur
**1.348,kr./kg**



Auður
**438,kr.**



Súkkulaðimjólk 1/2 L
**152,kr.**



Sætar kartöflur
**348,kr.**

Appelsínur
**178,kr./kg**



Freyju rísegg nr.9 eða draumaegg nr.9
**1.898,kr./stk.**

Páska servíettur og kerti í miklu úrvali



## Hvað eru páskaeggin í súlunni mörg?

**Taktu þátt og þú gætir unnið iPad mini eða páskaegg!**

Fyrsti vinningur er iPad mini og Risapáskaegg frá Nóa Síríus!

Fjöldi páskaeggja í aukavinninga!




FK FJARÐARKAUP

| | |
|---|---|
| 26. mars 9 - 18 | Föstudagurinn langi LOKAÐ |
| 27. mars 9 - 19 | 30. mars 10 - 17 |
| Skírdagur 10 - 16 | Páskadagur og annar í páskum LOKAÐ |

Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimmtudaga 09:00 - 18:30, föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudag - www.fjardarkaup.is

FK FJARÐARKAUP

# SKOÐUN

Tímamótaskýrsla um 40 ára gömul sakamál:

## Réttarríki viðurkennir mistök

Skýrsla starfshóps innanríkisráðherra um Guðmundar- og Geirfinnsmálin markar tímamót í hartnær fjörutíu ára sögu þeirra mála og raunar í sögu íslenzks réttarfars. Niðurstöður hópsins staðfesta það sem lengi hefur verið haldið fram af þeim sem dæmdir voru fyrir aðild að málunum, að stórkostlegir annmarkar voru á rannsókn málsins, réttindi voru brotin á hinum grunuðu í stórum stíl og játningar þeirra voru knúnar fram með þvingunum og ómannúðlegri meðferð.



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Þar á meðal var misseralöng einangrunarvist sem að mati Gísla Guðjónssonar, eins fremsta sérfræðings heims á sviði falskra játninga, á sér ekki hliðstæðu á Vesturlöndum í seinni tíð nema þá í hinum illræmdu Guantanamo-fangabúðum, þar sem Bandaríkjamenn halda grunuðum hryðjuverkamönnum.

Starfshópurinn tekur ekki afstöðu til sektar eða sýknu í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum, en telur að af áðurnefndum sökum hafi ekki verið á játningum sakborninganna byggjandi fyrir dómi. Hafið sé yfir skynsamlegan vafa að framburður sakborninganna, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, hafi verið óáreiðanlegur eða falskur. Hæstiréttur hafi ekki getað metið rétt annmarkana á rannsókninni og álagið sem sakborningarnir voru undir þegar þeir játuðu.

Guðmundar- og Geirfinnsmálin hafa hvílt eins og mara á íslenzku þjóðinni um áratugaskeið, raunar allt frá því að rannsóknin hófst, en hún varð þegar mjög umdeild. Eftir árangurslausar tilraunir tveggja af hinum sakfelldu til að fá málin endurupptekin fyrir Hæstarétti var loks efnt til undirskriftasöfnunar, sem Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra brást við með skipan starfshópsins. Í yfirlýsingu ráðherrans þá, fyrir hálfu öðru ári, sagði: „Að mínum dómi er það slæmt fyrir réttarkerfið – og varðar almannahag – að sú skoðun sé útbreidd í þjóðfélaginu að réttarkerfið hafi brugðist.“

Þetta er í raun kjarni málsins. Vinna nefndarinnar hefur nú leitt í ljós með býsna óyggjandi hætti að réttarkerfið brást. Sú niðurstaða er nokkur sigur fyrir þá sem fengu þunga fangelsisdóma, byggða á ómarktækum játningum. Málinu er hins vegar ekki lokið og verður ekki lokið nema málið fáist endurupptekið fyrir Hæstarétti. Úr því sem komið er verður það að gerast, hvaða leið sem verður farin af þeim þremur sem starfshópur ráðherra lagði til; að ríkissaksóknari beiti sér fyrir því, að einhverjir hinna sakfelldu fari fram á endurupptöku með stuðningi hins opinbera eða að Alþingi setji sérstök lög, sem kveði á um að málið verði tekið upp að nýju.

Dómar Hæstaréttar eru endanlegir og skilyrði fyrir endurupptöku mála eiga að vera þröng. Eitt af grundvallaratriðum réttarríkis, sem virkar eins og það á að gera, er hins vegar að kerfið geti viðurkennt mistök þegar þau hafa átt sér stað. Skýrsla nefndar innanríkisráðherra er liður í þeirri viðurkenningu í þessum umdeildu málum – en ekki lokaskrefið.

Eins og nefndin bendir á, er það endalaust verkefni að tryggja hlutleysi við meðferð sakamála á öllum stigum réttarvörzlukerfisins og að fyllsta réttaröryggis sé gætt. Í rannsókn nefndarinnar á meðferð Guðmundar- og Geirfinnsmálanna felst alvarleg áminning um hvaða afleiðingar það getur haft þegar menn missa sjónar á þessum markmiðum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Af völdum og valdaleysi

Það er athyglisvert að lesa hugleiðingar Björns Bjarnasonar, fyrrum þingmanns og ráðherra, um þann hnút sem þingstörf hafa verið í undanfarið, en um það skrifaði hann pistil á heimasíðu sína á sunnudag. Pistillinn hefst reyndar á vænisýki í garð fréttastofu Ríkisútvarpsins, en Birni finnst hún allt of höll undir stjórnarflokkana og að Sjálfstæðisflokkurinn njóti þar ekki sannmælis. Ánægðari er Björn þó með fréttaflutning Morgunblaðsins af þeirri staðreynd að Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, hafi gripið til þess ráðs að halda ekki þingfund. Ástæðuna fyrir því að illa gengur að semja um þinglok telur Björn vera að Jóhanna Sigurðardóttir hafi ekki lengur nein völd. Raunar ætti Björn að vera ánægður með það, miðað við þann palladóm sem hann gefur henni; að hennar gamalkunna hlutverk sé að spilla fyrir öðrum.



### Landsdómsmál dúkkar upp

Björn segir það fráleitt að stjórnarandstaðan eigi að láta undan kröfum stjórnarflokkanna um afgreiðslu mála og spyr hvort þeir eigi það skilið. „Fyrir landsdómsmálið? Icesave-málið? Eða öll önnur óstjórnarmál síðustu fjögurra ára?“ Hér er áhugverð innsýn í málið, er það kergja út af landsdómsákærunni sem veldur því að ekki er hægt að fresta þingi.



### Vel heppnað dulargervi

Pétur Gunnlaugsson er glöggur maður. Hann sér í gegnum hjal Lýðræðisvaktarinnar um að þar séu stjórnarskrármál númer eitt, tvö og þrjú. Það blekkir hann ekki að stefnuskrá flokksins snúist öll í kringum drög stjórnlagaráðs að stjórnarskrá. Nei, Pétur veit betur. Hann sér sem er, að flokkurinn er femínískur Evrópuflokkur og er því hættur og farinn heim. Pétur þurfti ekki nema að líta einu sinni á þá staðreynd að Þórhildur Þorleifsdóttir eigi að leiða lista fyrir flokkinn og hann sá sinn einsýna sannleika.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## „Já, hiklaust“ – Carl Bildt

EVRÓPUMÁL



Össur Skarphéðinsson
utanríkisráðherra

Eitt þarf ég að leiðrétta í grein minni um góðan gest – Carl Bildt. Ég sagði þar tvennt standa upp úr Íslandsheimsókn hans: Annars vegar lýsing hans á hvernig aðild að ESB hefði styrkt sænskt efnahagslíf. Hins vegar að þrátt fyrir ágreining í upphafi væru nú velflestir Svíar hlynntir aðild – utan öfgamenn til hægri og vinstri.

Ég steingleymdi hins vegar að minnast á þriðja grundvallaratriðið hjá honum – sjálft fullveldið.

Í Silfrinu lýsti Bildt nöturlega göllum EES-samningsins fyrir Ísland og Noreg, sem verða möglunarlaust að taka við ákvörðunum ESB og innleiða án þess að hafa nokkur áhrif. Bildt var spurður af Silfur-Agli hvort hann teldi fullveldi þjóða meira innan ESB en utan. „Já, hiklaust“ svaraði hann einbeittur.

Bildt útskýrði í framhaldinu hvernig Svíþjóð hefur haft áhrif og gætt hagsmuna sinna með því að eiga sæti við borðið með hinum 26 aðildarríkjum Evrópusambandsins. Sömu reynslu höfum við heyrt frá öðrum gestum, eins og forseta Litháen og utanríkisráðherra Eistlands. Bæði, líkt og Carl Bildt, sögðu skýrt: „Fullveldi eykst með þátttöku, ekki einangrun.”

### Kjarnaatriði

Þessi reynsla góðra vinaþjóða leggur til hvílu kjarnaatriði í neikvæðum málflutningi Evrópuandstæðinga – að Ísland glati sjálfstæði sínu og fullveldi með því að ganga í ESB. Reynsla þeirra af inngöngu í ESB segir þvert á móti að fullveldi Íslands muni aukast með því að eiga þátt í sameiginlegum ákvörðunum um sameiginleg hagsmunamál. Í dag húkum við frammi á gangi þegar Evrópusambandið tekur ákvarðanir og fáum svo löggjöfina senda í tölvupósti. Halló, var einhver að tala um aðlögun?

Öll þekkjum við hvernig krónuhagkerfið grefur í dag stöðugt undan dugnaði og útsjónarsemi fólks, Ísland dregst aftur úr, og fullveldi okkar sem einstaklinga minnkar. Þess vegna mun efnahagslegur stöðugleiki sem fylgir aðild með lægri vöxtum, lægri verðbólgu og þar með lægri skuldum – auka fullveldi okkar sem einstaklinga. Carl Bildt hitti því naglann á höfuðið betur en hann kannski gerði sér grein fyrir.

Fullveldisrökin eru því tvímælalaust já-megin í Evrópuumræðunni. Nema góðir Íslendingar trúi Birni Bjarnasyni og Hjörleifi Guttormssyni betur en Carl Bildt.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Mjóu bökin



HEILSA
Teitur Guðmundsson
læknir

Ein helstu heilsufarsvandamál sem þekkt eru í hinum vestræna heimi, og þótt víðar væri leitað, eru vandamál tengd stoðkerfi okkar. Stoðkerfi er orð sem er notað um beinin, auk vöðva- og sinakerfi líkamans. Verkir og óþægindi frá þessum svæðum er einna algengast að valdi veikindum og fjarveru frá vinnustað. Það er því afar mikilvægt að reyna að draga úr álagi, hugsa um líkamsbeitingu okkar og vinna með skipulegum hætti gegn aðstæðum sem geta haft slæm áhrif á stoðkerfið.

Ein nálgunin er að framkvæma svokallað áhættumat starfa, sem á að gera reglubundið samkvæmt lögum og reglum um heilsu- og vinnuvernd, en þannig er mögulegt að nálgast vandamálin, greina þau og vinna að úrbótum. Það er þó ekki það eina sem er mikilvægt því einstaklingarnir sjálfir eru í lykilhlutverki þegar kemur að því að koma í veg fyrir veikindi tengd þessum svæðum. Áhættuþættir tengdir stoðkerfaeinkennum eru offita og yfirvigt, hreyfingarleysi og lélegt þjálfunarástand auk vinnuumhverfisþátta.

Mjóbaksverkir eru afar algengir og geta verið margvíslegir, allt frá vægum óþægindum til snarpra verkja sem geta leitt niður í annan eða báða fætur. Þeir geta komið skyndilega við átök eins og að lyfta eða bogra, en einnig við slys. Slíkir verkir geta orðið krónískir ef verkirnir hafa staðið lengur en þrjá mánuði samfleytt. Þá geta mjóbaksverkir þróast við ranga líkamsbeitingu eins og við setu eða langar stöður, við burð og rangar æfingar. Ekki má gleyma að ýmsir sjúkdómar og kvillar geta einnig valdið slíkum óþægindum og verkjum, en helst ber að nefna slit og bólgusjúkdóma, þrengingar í mænugangi, liðskrið og svo auðvitað beinþynningu og möguleikann á krabbameini sem oftast er í formi meinvarpa.

### Besta leiðin

Í þeim tilvikum þar sem um áverka er að ræða og verkir eru mjög miklir eða einkenni eru frá fleiri líffærakerfum en bakinu er ráðlegt að leita læknis sem fyrst. Sérstaklega ef um er að ræða truflun á þvaglátum eða hægðalosun, en slíkt bendir til mögulegs þrýstings á taugarætur eða jafnvel mænu og mænusekk og þarfnast frekari skoðunar.

Það sem í daglegu tali er kallað þursabit getur framkallað mikil óþægindi og jafnvel valdið því að viðkomandi einstaklingur á erfitt með að hreyfa og athafna sig. Hið sama gildir um brjósklos, sem er þrýstingur á taugarót eða mænu, og í flestum tilvikum veldur leiðniverk niður í þann fót eða á það svæði sem taugin sinnir. Mikilvægt er að greina vel á milli þessara tveggja algengu vandamála þar sem meðferð er ekki sú sama og getur þurft að framkvæma aðgerð hjá þeim sem þjást af slæmu brjósklosi. Algengast er þó, og sömuleiðis talin besta leiðin, að nota sjúkraþjálfun, bólgueyðandi lyf og tækla orsök vandans sem getur verið fjölþætt. Yfirleitt er sjúklingurinn vel móttækilegur, en þetta getur reynt á þolinmæðina og fæstir vilja kveljast að óþörfu og getur það leitt til togstreitu og ofmeðhöndlunar en það er vel þekkt í dag að of oft hafi verið gripið til aðgerðar vegna bakverkja.

### Virk forvörn

Greiningarúrræði eru margvísleg, allt frá hefbundinni læknisskoðun að flókinni myndvinnslu.

> Best af öllu er þó að stunda virka forvörn gegn vandamálum sem þessum með því að halda sér í kjörþyngd, hreyfa sig reglubundið og stunda rétta líkamsbeitingu við vinnu hvort heldur sem það er erfiðisvinna eða sitjandi við skrifborð.

Hið merkilega er þó að í flestum tilvikum bætir myndgreiningin litlu við áætlaða meðferð og hefur fyrst og fremst í för með sér aukinn kostnað, þó hún eigi sannarlega rétt á sér og þurfi að vera til staðar þegar skipuleggja skal aðgerð eða flóknari meðferðir. En í flestum tilvikum dugir einföld læknisskoðun til að átta sig á vandanum og þá er einnig vel þekkt að einkenni lagast oftar en ekki einfaldlega af sjálfu sér, eða með minniháttar aðstoð. Rannsóknir sýna að við einföldum bakverkjum ætti að hvílast sem minnst, frekar reyna að hreyfa sig og draga þannig úr bólgum og einkennum, og teygjur og styrkjandi æfingar geta gert gæfumuninn. En sökum þess hversu algengir mjóbaksverkir eru og í raun tímafrekur vandi sem ekki er til nein töfralausn á hafa komið fram fjölmargar meðferðir sem margar hverjar eru góðar og gildar. Aðalatriði er að greiningin sé rétt og að viðkomandi einstaklingur fái viðeigandi meðferð og endurmat nái hann ekki bata innan þess tímaramma sem þykir eðlilegur. Best af öllu er þó að stunda virka forvörn gegn vandamálum sem þessum með því að halda sér í kjörþyngd, hreyfa sig reglubundið og stunda rétta líkamsbeitingu við vinnu hvort heldur sem það er erfiðisvinna eða sitjandi við skrifborð.

## AF NETINU

### Ógleymanleg stund í innanríkisráðuneytinu

Þegar ég kynntist Sævar fyrst var hann nýsloppinn úr fangelsi og sýndi mér næstum feimnislega skjalabunka sem hann var byrjaður að safna í.

„Ég ætla nefnilega að sanna sakleysi mitt,“ sagði hann.

Hann náði ekki að lifa það sjálfur, ekki frekar en Tryggvi Rúnar Leifsson, annar sakborninganna sem látinn er.

En að börnin þeirra og aðrir ástvinir fái loksins að upplifa svolítið réttlæti, það er ósegjanlega dýrmætt.

Loksins er þessari gömlu martröð létt af þjóðinni.

http://blog.pressan.is/illugi/

*Illugi Jökulsson*




# Framhaldsskólum ekki hlíft



MENNTUN
Aðalheiður Steingrímsdóttir
formaður Félags framhaldsskólakennara

Í Morgunblaðinu 28. febrúar sl. skrifar Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir þingmaður grein sem hún nefnir Frestun menntastefnu og tíundar tillögur frá fundi Samtaka atvinnulífsins. Þar sagði að efla þyrfti menntun, rannsóknir og nýsköpun. Hún rifjar líka upp gamlar tillögur um að stytta námstíma til stúdentsprófs og að efla skuli iðn- og verknám til að draga úr brotthvarfi frá námi. Þingmaðurinn segir tillögurnar ekki nýjar því unnið hafi verið að þeim í ráðherratíð sinni. Hún segir það mikil mistök hjá ríkisstjórninni að fresta gildistöku mikilvægasta hluta laganna til 2015 sem gangi einmitt út á efla iðn- og starfsnám, stytta námstímann og minnka brotthvarf úr námi.

### Ákvæði um nýbreytni

Í þeim hluta laganna sem skotið var á frest eru tilgreind ákvæði um nýbreytni í námsmati, fimm daga lengingu starfstíma skóla, helstu tegundir lokaprófa, aðalnámskrá, námskrár og námsbrautalýsingar skóla, starfsgreinaráð og vinnustaðanám. Þar eru engin markmið tilgreind um að efla iðn- og verknám, stytta námstíma og minnka brotthvarf úr námi. Enda segja lögin lítið um hvernig nemendur eigi að vera menntaðir við lok framhaldsskóla. Í lagafrumvörpum var valin sú leið að festa ekki niður lengd námstíma því hann geti verið breytilegur frá upphafi grunnskóla og til loka framhaldsskóla. Um þessa nálgun hefur verið sátt enda í meira samræmi við skráða og óskráða skólastefnu hér á landi en einhliða inngrip í lengd námstíma til stúdentsprófs.

Þegar þingmaðurinn mælti fyrir lagafrumvörpunum í ráðherratíð sinni kom fram að gildi stúdentsprófs yrði áfram óskorað. Áréttaði Alþingi að gæði þess yrðu ekki skert og það hefði áfram þá stöðu að veita aðgang að háskólanámi. Í vinnu starfsgreinaráða við að útfæra iðn- og verknám síðan ríkir ekki sú hugsun að mennta fleiri nemendur á skemmri tíma til lokaprófs úr framhaldsskóla. En þegar kemur að námstíma til stúdentsprófs er vakin upp gamla tuggan um að stytting námstíma minnki brotthvarf úr námi. Þessi fullyrðing hefur hvorki verið rannsökuð né studd rökum. Stytting námstíma er ófrjó kerfisumræða, hún er hvorki menntastefna né forgangsmál í menntamálum. Gagnlegra er að standa með menntuninni í raun og veru í stað þess að kasta fram klisjum og fullyrðingum sem eiga sér ekki stoð í lögunum. Þessu má líkja við að atvinnulífið hafi dottið út 2008, og síðan þá ekki fylgst með þeirri þróun sem átt hefur sér stað. Nú hefur ASÍ tekið höndum saman við atvinnulífið við að móta menntastefnu fyrir þá ríkisstjórn sem tekur við eftir kosningar. Þingmaðurinn sér ekkert athugavert við að ASÍ og SA taki sér dagskrárvaldið! En að hlusta á sérfræðingana í skólunum nær ekki upp á pallborðið.

### Dýrar breytingar

Framhaldsskólalögin fela í sér dýrar breytingar; kostnaður er áætlaður á bilinu 1,3-1,7 milljarðar á verðlagi ársins 2008. Þeir fjármunir hurfu í efnahagshruninu. Oft heyrist að lítill niðurskurður hafi orðið í framhaldsskólum landsins þar sem þeir séu hluti af velferðarkerfinu. Þá er vísað til hinnar margrómuðu forgangsröðunar í ríkisfjármálum. Sú er ekki raunin og allt tal um að skólunum hafi verið hlíft er hrein blekking. Þetta veit fagfólkið í skólunum. Staðreyndir sýna svart á hvítu mikinn niðurskurð allt frá 2004/2005 sem hleypur á milljörðum. Afleiðingarnar eru sístækkandi námshópar, minni stuðningur við nemendur og vítahringur slæmra starfsskilyrða svo að skólastarfið er komið í öngstræti. Orsakir brotthvarfs frá námi eru flóknari en svo að skólunum sé bara um að kenna.

> ➜ Þar eru engin markmið tilgreind um að efla iðn- og verknám, stytta námstíma og minnka brotthvarf úr námi.

### Mikilvægast að skila fénu

Kennarasamtökin hafa aldrei litið á námstíma sem heilagt atriði. Þvert á móti hafa þau lengi haft þá áherslu að nemendum eigi að bjóðast möguleikar á að ljúka námi á mislöngum tíma og á mismunandi aldri. Mikilvægast fyrir framhaldsskólana er að þeim verði skilað því fé sem hefur verið rifið innan úr þeim með niðurskurði á löngum tíma. Framhaldsskóli fyrir alla, fjölbreytt nám við hæfi, valkostir og stuðningur er mun þýðingarmeira og miklu framar í forgangsröðinni en einhliða áhersla á árafjöldann. Út úr þessari þröngu og ófrjóu hugsun þarf að komast.

AÐALFUNDUR

FÉLAG TÆKNIFÓLKS Í RAFIÐNAÐI — 20 ára

**Aðalfundur**
Félags tæknifólks í rafiðnaði

verður haldinn að Stórhöfða 31
þann 3. apríl 2013 kl:17:00

**Dagskrá:**

Venjuleg aðalfundarstörf
samkvæmt lögum félagsins

Reykjavík 25. mars 2013.

*Stjórn Félags tæknifólks í rafiðnaði*

www.rafis.is/ftr




# Um tilfinningar og staðreyndir

NÁTTÚRUVERND



**Sigrún Blöndal**
bæjarfulltrúi á Fljótsdalshéraði

Þær hafa verið í meira lagi skáldlegar fyrirsagnirnar og yfirlýsingar fólks í fjölmiðlum undanfarna daga eftir að það virtist verða því ljóst að Lagarfljót hefði breyst við það að Jökulsá á Dal var veitt þangað. Undirrituð hefur búið á bökkum Lagarfljóts í á fjórða áratug og veit því fullvel hvaða áhrif vatnaflutningarnir höfðu á þetta fagra vatn. Fljótið er á sínum stað en ásýnd þess hefur breyst og lífríki sömuleiðis þó að það sé fjarri því „dautt“ eins og sumir halda fram. Hvað gengur mönnum til með þessum yfirlýsingum? Koma upplýsingar um ástand lífríkis Lagarfljóts stórkostlega á óvart? Það er harla ólíklegt nema kannski fólki sem býr utan svæðisins og á sjaldan – eða aldrei leið um Fljótsdalshérað. Væri ekki nær að fólk kynnti sér raunveruleikann og reyndi að horfa á málið frá sjónarhorni íbúa á svæðinu?

Ákvörðunin um byggingu Kárahnjúkavirkjunar og framkvæmdir í framhaldinu voru hugsaðar til að styrkja atvinnulíf og búsetu á Austurlandi. Framkvæmdirnar ollu gríðarlegum deilum, bæði innan fjórðungs og utan og enn er umræðuefnið eldfimt í sumum fjölskyldum. En horfum á stöðuna árið 2013. Finnst þeim sem gráta Lagarfljót skipta einhverju að atvinnutækifærin sem framkvæmdirnar sköpuðu gerðu fjölda fólks kleift að snúa aftur til sinna heimahaga og nýta margvíslega menntun sína? Finnst þeim einhverju skipta að um 800 manns á Austurlandi hafa atvinnu í álverinu eða við afleidd störf. Finnst þeim einhverju skipta að nú eru að verða mögulegar almenningssamgöngur á Austurlandi vegna stærðar atvinnusvæðisins? Skiptir einhverju að atvinnuleysi á Austurlandi er aðeins um 3%? Er það til hins verra fyrir lífríki landsins að Jökulsá á Dal stefnir í að verða góð laxveiðiá?

**Rangar fullyrðingar**

Í umræðunni undanfarna daga hafa menn dregið ýmislegt fram í máli sínu til stuðnings um að á Fljótsdalshéraði sé allt á fallandi fæti; svo mjög að þar standi fjöldi auðra bygginga – með myglusveppi. Það er dapurlegt að menn skuli ekki einu sinni hafa fyrir að afla sér upplýsinga þannig að farið sé með rétt mál. Hér eru íbúðir, líkt og á höfuðborgarsvæðinu, sem ekki er búið í. Hér, eins og annars staðar, ætluðu menn sér um of og byggðu umfram þörf. Fullyrðingar um að húsnæði sé allt undirlagt af myglusveppi eru beinlínis rangar.

Oft er talað um umræðuhefð á Íslandi og notkun gífuryrða. Fullyrðingar um að Lagarfljót sé „dautt“ eru dæmi um slíkan málflutning og engum til framdráttar.

**➜ Oft er talað um umræðuhefð á Íslandi og notkun gífuryrða. Fullyrðingar um að Lagarfljót sé „dautt“ eru dæmi um slíkan málflutning og engum til framdráttar.**

Rannsóknir voru gerðar og ályktanir dregnar um umhverfisáhrif sem margar hafa gengið eftir. Segja má að ýmislegt hefði mátt rannsaka betur sem hugsanlega hefði leitt til ákvörðunar um frekari mótvægisaðgerðir. Það er þó ekki hægt að segja nú hvort frekari upplýsingar hefðu breytt einhverju um lokaákvörðunina.

Margt hefði þurft að undirbúa betur í framkvæmdaferlinu, t.d. að styrkja heilbrigðisstofnanir, vinnueftirlit og heilbrigðiseftirlit til að takast á við stóraukin verkefni. Starfsfólk margra stofnana vann þrekvirki meðan á framkvæmdunum stóð en stofnanirnar sitja að nokkru leyti enn uppi með fjárhagshalla sem erfitt hefur reynst að fá leiðréttan.

Staðreyndin er sú að á bökkum Lagarfljóts lifir fólk ágætu lífi. Að tala eins og sumir undanfarið er fjarstæða. Hér er fádæma náttúrufegurð og gott mannlíf sem við njótum og bjóðum öðrum að njóta með okkur við fljótsins dreymnu ró.

# Öryggi og gæði heilbrigðisþjónustu

HEILBRIGÐISMÁL



**Geir Gunnlaugsson**
landlæknir



**Anna Björg Aradóttir**
sviðsstjóri Eftirlits og gæða



**Laura Sch. Thorsteinsson**
hjúkrunarfræðingur

Öryggi og gæði í heilbrigðisþjónustunni hafa verið mjög í brennidepli fjölmiðla undanfarnar vikur. Landlæknir fagnar slíkri umræðu. Í samræmi við hlutverk embættisins er starf þess fjölbreytt og umfangsmikið á þessu sviði eins og sjá má í nýlegri samantekt sem er að finna á heimasíðu embættisins landlaeknir.is.

Það hefur kynt undir þessa umræðu að Íslendingar hafa nokkur undanfarin ár gengið í gegnum mikinn niðurskurð í opinberum rekstri, m.a. í heilbrigðiskerfinu. Þá þarf að huga sérstaklega að því að öryggi sjúklinga sé ekki ógnað og að gæði þjónustunnar haldist þrátt fyrir breytt skipulag. Rannsóknir hafa sýnt að þættir eins og álag á starfsfólk, óánægja í starfi og óánægja með starfsumhverfið geta haft neikvæð áhrif á gæði og öryggi þjónustunnar.

Heilbrigðisstarfsfólk hefur á liðnum misserum lýst áhyggjum sínum af því að heilbrigðiskerfið sé nú komið að þolmörkum sökum niðurskurðar. Starfsfólki hefur fækkað og álag þar með aukist. Úrræði til að veita þjónustu hafa einnig breyst en þróun þekkingar og tækniframfarir hafa haft í för með sér að sjúklingar liggja skemur á sjúkrahúsum og glíma við erfiðari og flóknari vanda en áður. Einstaklingum sem bíða vistunar á hjúkrunarheimilum hefur einnig fjölgað. Nokkrir tugir þeirra bíða nú á Landspítalanum og ein birtingarmynd þess eru gangainnlagnir. Slíkt hefur í för með sér álag á starfsfólk og þá sem njóta þjónustunnar. Einnig hafa kjör versnað, ekki síst í samanburði við nágrannalöndin. Því hafa margir leitað út fyrir landsteinana til skemmri eða lengri tíma sem hefur áhrif á þjónustuna hér á landi. Framtíðarskipulag Landspítala er einnig í óvissu en niðurstaða í því máli snertir óneitanlega gæði þjónustunnar og öryggi sjúklinga þegar til lengri tíma er litið.

**Góður árangur**

Í umræðu um núverandi vanda heilbrigðisþjónustunnar er auðvelt að gleyma því að hún er þrátt fyrir allt góð. Nýjustu tölur frá Hagstofu Íslands staðfesta að enn einu sinni er ungbarnadauði lægstur á Íslandi í samanburði við önnur lönd í Evrópu. Íslenskir karlmenn lifa karla lengst í álfunni og meðalaldur kvenna er í fremstu röð. Einnig má minna á að þjónustan hér á landi var metin sú þriðja besta í Evrópu árið 2012. Slíkur árangur kemur ekki af sjálfu sér enda niðurstaða þrotlausrar vinnu margra á liðnum árum, líka á tímum efnahagslegrar niðursveiflu.

**Öryggisbragur**

Öryggisbragur í heilbrigðisþjónustu er flókið hugtak, en felur í sér sameiginleg gildi og viðhorf sem ásamt skipulagi og stjórnun stofnunar leiða til ákveðins vinnulags og hegðunarmynsturs um öryggi þjónustunnar. Góður öryggisbragur er fyrir hendi þar sem öryggi sjúklinga er sett í öndvegi og áhættustjórnun er samofin öllu því sem gert er. Slíkur öryggisbragur einkennist af opnum samskiptum og gagnkvæmu trausti milli starfsmanna og sjúklinga.

**➜ Góður öryggisbragur er fyrir hendi þar sem öryggi sjúklinga er sett í öndvegi og áhættustjórnun er samofin öllu því sem gert er. Slíkur öryggisbragur einkennist af opnum samskiptum og gagnkvæmu trausti milli starfsmanna og sjúklinga.**

Þar sem öryggisbragur er þróaður eru atvik í þjónustunni skoðuð ofan í kjölinn, reynt að læra af þeim og beita markvissum aðgerðum til að koma í veg fyrir að þau gerist aftur. Aftur á móti ef öryggisbragur er vanþróaður er atvikum sópað undir teppið eða áhersla lögð á að finna sökudólg í stað þess að leita lausna. Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt að orsakir atvika eru í flestum tilfellum margþættar og tengjast í mörgum tilvikum ágöllum í skipulagi. Því er mikilvægara að spyrja: Hvað gerðist, í stað þess að leita sökudólgs með spurningunni: Hverjum er það að kenna?

**Að lokum**

Heilbrigðisstarfsfólki ber lagaleg, fagleg og siðfræðileg skylda til að veita góða heilbrigðisþjónustu og bera hag notenda þjónustunnar fyrir brjósti. Stjórnendum heilbrigðisstofnana ber síðan skylda til að fylgjast með mælikvörðum varðandi gæði þjónustu, öryggi sjúklinga og öryggi starfsfólks, m.a. varðandi álag og bregðast við með viðeigandi hætti til að tryggja gæði og öryggi þjónustunnar.

Gæði og öryggi heilbrigðisþjónustu koma ekki af sjálfu sér og því þurfa Embætti landlæknis, heilbrigðisstarfsfólk, heilbrigðisstofnanir, notendur þjónustunnar og allur almenningur að taka höndum saman við að stuðla að góðri heilbrigðisþjónustu. Landlæknir hvetur starfsfólk og notendur þjónustunnar til að koma ábendingum um það sem betur má fara hvað varðar gæði og öryggi til stjórnenda heilbrigðisstofnana og ef þeir eru ekki sáttir við viðbrögð þeirra geta þeir leitað til Embættis landlæknis með áhyggjur sínar.

# NÝTT FRÁ PHILIPS




## HÁGÆÐA PHILIPS SJÓNVARP Á FRÁBÆRU VERÐI

### Einfallt en glæsilegt tæki fyrir þá sem vilja framúrskarandi myndgæði

**Philips 42HFL7406D**

- Örþunnt LED sjónvarp
- Ambilight baklýsing sem eykur upplifunina
- 2in1 standur, hægt að festa beint á vegg eða setja á borð
- 400Hz Perfect Motion Rate með HD Natural Motion gerir hröðustu myndir skýrar og skarpar
- Vel tengjum búið með 4 HDMI, USB, Scart, VGA, RCA og heyrnartólstengi ásamt kortarauf
- Smart TV með nettengingu. Hægt er að fara á netið og margt fleira

SmartTV

ambi light | 400 Hz Perfect Motion Rate | Full HD LED

**VERÐ**
**179.995**
FRÁBÆRT VERÐ




## EINSTÖK MYNDGÆÐI OG GLÆSILEG RAMMALAUS HÖNNUN

3D | SmartTV | ambi light

**Philips 42PFL6907T**
42" 3D Smart LED Full HD 1080p TV með Pixel PreciseHD og Dual Core örgjörva. Ambilight Spectra 2 baklýsing. 600Hz Perfect Motion Rate. Easy 3D. 2D-3D breytir. Stafrænn DVB-C, DVB-T, DVB-T2 móttakari. Smart TV netvafri, þráðlaust í gegnum Wi-Fi. Skype möguleiki. 3 x USB, 4x HDMI App fyrir iPhone og Android síma og spjaldtölvur.

**TILBOÐ**
**249.995**
FULLT VERÐ 269.995




**Philips 32HFL5573D**
32″ Smart LED með Full HD Pixel Plus HD, 400 Hz Perfect Motion Rate. NetTV. Stafrænum DVB-C, DVB-T, DVB-T2 móttakara. 3x USB, HDMI, Ethernet, Optical út, VGA & CI rauf, EasyLink o.fl.

**VERÐ**
**99.995**
FRÁBÆRT VERÐ




**Philips 22HFL3232D**
22" HD-Ready LED sjónvarp með Digital Crystal Clear og 1366 x 768p upplausn. Háskerpu stafrænn DVB-T móttakari (MPEG4). 6w RMS Incredible Surrou

**VERÐ**
**49.995**
FRÁBÆRT VERÐ




**Heimilistæki** ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT






# „Þjóðinni fært þjarkið sitt“

SAMFÉLAG



Sighvatur Björgvinsson
fv. ráðherra

Mörgum Íslendingum lætur ekki ýkja vel að rökræða. Miklu betur að þjarka. Í þjarkinu eru ekki brúkaðar röksemdir, heldur fullyrðingar. Annar segir að svart sé hvítt. Hinn að hvítt sé svart. Því lengur sem þjarkað er þeim mun groddalegri verða fullyrðingarnar. Hámarkinu er svo náð með stóryrðum og kjaftbrúki (sjá bloggheima). Kjaftbrúkurum er gjarna svo mikið niðri fyrir, að þeir geta varla skrifað eina setningu óbrjálaða á íslensku máli. En dugnaðinn vantar ekki. Sletturnar ganga í allar áttir!

Frá þjarkinu á undanförnum áratugum er margs að minnast. Um Hafnarfjörð „sem verður óbyggilegur sakir barnadauða af völdum mengunar ef álver rís í Straumsvík“. Um Alþingi, sem „hætt verður að kjósa til ef Ísland gengur í EFTA því þá verður þjóðinni stjórnað frá útlöndum“. Um „hvernig landið muni fyllast af Portúgölum og Spánverjum sem setjast munu upp á kerfið ef Ísland gengur í EES“. Ég nýt þess mjög mikið að hitta slíka viðmælendur og rifja upp ummælin. Þá þurfa þeir allt í einu að flýta sér afskaplega á áríðandi stefnumót annars staðar. Hafa ekki tíma til að ræða málin. Íslendingurinn viðurkennir aldrei að hafa haft rangt fyrir sér. Þá þarf hann endilega að fara eitthvert annað.

## Versti óvinurinn

Versti óvinur þeirra sem unna þjarkinu er ef veruleikinn er látinn mæta á staðinn. Þá er ekki lengur hægt að þjarka. Veruleikinn fellir nefnilega dóminn. Hann gerði það í Straumsvík. Hann gerði það um EFTA. Hann gerði það um EES.

Í síðustu tuttugu ár hafa þjarkarar þjarkað um ESB. Skipst á fullyrðingum, sem stöðugt verða groddalegri. Viðhaft stóryrðin – „þjóðníðingar og landráðamenn“ – og kjaftbrúk. Orðið svo heitt í hamsi að megna ekki að koma frá sér á blogginu heilli setningu á óbrjálaðri íslensku. Sem sé: Náð toppnum.

Svo stóð til að láta veruleikann mæta á staðinn. Það ákvað Alþingi. Láta veruleikann skera úr um, hvort ESB-aðild myndi neyða æsku landsins inn í evrópskan her (sem raunar er ekki til) og annað álíka. En það nær auðvitað engri átt. Þá gæti þjóðin tapað þjarkinu sínu. Misst af því að geta haldið áfram að þjarka í a.m.k. önnur tuttugu ár til viðbótar. Góðir menn sjá að það má ekki gerast. Það má ekki hafa þjarkið af þjóðinni!

Mikið er það nú ánægjulegt að flokkar hafa tekið ákvörðun um að leyfa þjóðinni að halda áfram að þjarka um ESB. Koma í veg fyrir að veruleikinn sé kvaddur á vettvang. Mikið held ég að mörgum sé létt. Loksins þjóð með trygga framtíð. Meira að segja bannað að miðla upplýsingum um ESB. Loka skal Evrópustofu. Skella barasta í lás. Reka fólkið heim. Þjóðinni verður fært þjarkið sitt aftur. Hvílík unun! Hvílíkt öryggi! Hvílík framtíðarsýn!

Forystuflokkurinn, sem kennir sig við þjóðarsjálfstæðið, hefur talað.

**➜ Þjóðinni verður fært þjarkið sitt aftur. Hvílík unun! Hvílíkt öryggi! Hvílík framtíðarsýn!**

# Fjárhættuspil auglýst í sundlaugum

AUGLÝSINGAR



Kolbrún Halldórsdóttir
Forseti BÍL – Bandalags íslenskra listamanna

Hvílík gæfa, sem við Íslendingar njótum, að eiga allt þetta heita vatn og hafa verið svo lánsöm að koma okkur upp sundlaugum í nánast hverju bæjarfélagi svo allir fái notið þeirra einstöku lífsgæða sem felast í sundiðkun. Sundlaugarnar í Reykjavík eru einstakir samkomustaðir, félagsmiðstöðvar í hverfum borgarinnar, þar sem allir aldurshópar eiga erindi. Morgunhanarnir koma fyrir allar aldir og sötra fyrsta kaffisopa dagsins í félagi við aðra fastagesti. Skólakrakkarnir taka svo við þegar líða tekur á morgun og þegar degi tekur að halla koma vinnulúnir borgarar, oft heilu fjölskyldurnar saman, til að njóta dásemda heita vatnsins. Sundlaugarnar halda vel utan um gesti sína, enda hefur víðast hvar verið lagður metnaður í hönnun þeirra. Sumar hverjar eru miklir konfektmolar, út frá sjónarhóli byggingarlistar.

Það á t.d. við um Vesturbæjarlaug, sem hefur notið aðdáunar Vesturbæinga síðan hún var vígð 1961. Stórkostlegt var að koma inn í anddyrið í fyrsta sinn, þar sem við blasti gríðarmikið fiskabúr með framandi fisktegundum. Þegar fram liðu stundir þurfti fiskabúrið reyndar að víkja og þá blasti við ný sýn þegar inn var komið; gluggaveggurinn sem veit út að lauginni sjálfri naut sín nú til fulls. Oft er gluggasyllan þéttsetin börnum, sem horfa dáleidd út á túrkís-blátt vatnið. Og inn um þennan stóra glugga horfa sundgarparnir þegar synt er í átt að húsinu.

## Dapurlegar breytingar

En nú hafa orðið dapurlegar breytingar á stemningunni í anddyri Vesturbæjarlaugar. Þegar inn er komið blasir við stórt auglýsingaskilti, einmitt þar sem fiskabúrið stóð, og lokar fyrir útsýn til laugarinnar sjálfrar. Og hvað ætli menn sjái ástæðu til að auglýsa í sundlaugunum, spyr einhver; trúlega hollustu af einhverju tagi? Nei, því er ekki að heilsa, því auglýsingin í Vesturbæjarlaug er frá Eurojackpot og ákallið er „Föstudagar til fjár“! Það hafa eflaust margir samúð með erfiðum fjárhag borgarinnar, en rekstrarvandinn getur varla verið svo slæmur að grípa þurfi til slíkra örþrifaráða að auglýsa fjárhættuspil í sundlaugunum.

Varla eru ráðamenn í borginni svo skyni skroppnir að þeir átti sig ekki á því að auglýsing í anddyri sundlaugar jafnast á við auglýsingu í anddyri grunnskóla, því þangað koma skólabörn í skólasund, sem er hluti af skyldunámi. Í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar 2013 segir að setja skuli reglur um auglýsingar í skóla- og frístundastarfi, en jafnvel þó að ekki sé búið að setja reglurnar þá þarf ekki annað en að fletta upp á heimasíðu umboðsmanns barna til að finna leiðbeinandi reglur um neytendavernd barna. Þar segir að happdrætti í hagnaðarskyni og fjárhættuspil eigi ekkert erindi til barna. Það getur því varla verið annað en að yfirvöld í Reykjavíkurborg bregðist skjótt við og fjarlægi auglýsingaskiltið um fjárhættuspil úr anddyri Vesturbæjarlaugar og opni aftur fyrir frískandi útsýnið til laugarinnar.

**➜ Þar segir að happdrætti í hagnaðarskyni og fjárhættuspil eigi ekkert erindi til barna.**

# Krafan um afnám verðtryggingar er ákall um ESB-aðild

FJÁRMÁL



Bolli Héðinsson
hagfræðingur

Þeir sem krefjast afnáms verðtryggingar hafa ekki svarað því hvað eigi að koma í staðinn fyrir hana. Án verðtryggingar er ekki hægt að styðjast við íslenska krónu, fyrir því hafa verið færð sannfærandi rök í úttektum og skýrslum á undanförnum misserum. Einnig má benda á að Landsfundur Sjálfstæðisflokksins fjallaði um afnám verðtryggingar og komst að sömu niðurstöðu, að verðtryggingin væri óhjákvæmilegur fylgifiskur krónunnar.

Það er ekki svo að verðtrygging hafi verið fundin upp af kölska í þeim eina tilgangi að koma heimilum á kaldan klaka. Verðtrygging þjónar ákveðnum tilgangi og mikil sátt ríkti í þjóðfélaginu um upptöku hennar á sínum tíma. Verðtryggingin leysti vanda sem þá var við að glíma og gerði lánveitingar til langs tíma mögulegar. Verðtryggingu fylgja aftur á móti verulegir ókostir sem hafa komið fram með skýrari hætti á seinni árum og vega ókostir hennar þyngra í umræðunni um þessar mundir.

## Skortur á samkeppni

Ef hér á landi ríkti samkeppni á fjármálamarkaði myndu fjármálastofnanir sjá sér leik á borði og bjóða upp á fleiri tegundir lána en þau hefðbundnu vísitölulán sem okkur bjóðast í dag. Óverðtryggð lán með breytilegum vöxtum eru kostur sem margir hafa nú kosið að nýta sér og eftir að sýna sig hvernig reynast í íslensku efnahagsumhverfi. Önnur lánaafbrigði hljóta einnig að koma til greina, t.d.

- lán með verðtryggingarþaki þannig að lán hækki ekki yfir fyrirfram umsamin mörk.
- fasteignalán þar sem fasteignin ein er sett að veði, án sjálfskuldarábyrgðar, þannig að lántakandi geti skilað inn lykli að eigninni og verið skuldlaus, lendi hann í erfiðleikum með afborganir.

Báðar þessar leiðir eru færar og ekkert nema skortur á samkeppni á fjármálamarkaði kemur í veg fyrir að þær séu nú þegar í boði. Rétt er að benda á að sá sem tekur lán á þessum kjörum, annaðhvort með verðtryggingarþaki eða „lyklaákvæði“ þyrfti sjálfsagt að greiða töluvert hærri vexti en sá sem tekur hefðbundið verðtryggt lán. Lánastofnun eða lífeyrissjóður, sem veitti slík lán, myndi meta þessi ákvæði lánasamningsins sem viðbótaráhættu sem þyrfti að ná inn fyrir með hærri vöxtum.

Allt ber þetta þó að sama brunni, hér á landi ríkir ekki samkeppni á fjármálamarkaði og eina vonin til að hér megi búast við samkeppni, verður ekki fyrr en erlendir bankar sjá ástæðu til að opna hér útibú. Það er ekki líklegt til að freista þeirra, fyrr en við tökum upp annan gjaldmiðil. Enn hefur ekki verið sýnt fram á að Íslendingum standi neinir aðrir gjaldmiðlar til boða en evra, í kjölfar aðildar að ESB.

# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ


## GRILLAÐUR HVÍTLAUKUR



Hvítlaukur verður sætur og góður þegar hann er bakaður í ofni eða pakkaður í álpappír og settur á útigrillið. Skerið toppinn af hvítlauknum, vætið hann með ólífuolíu og pakkið síðan inn í álpappír. Einnig er gott að baka hvítlauksrif með kartöflum í ofni.













# LÍÐUR MUN BETUR MEÐ FEMARELLE

**ICECARE KYNNIR** *Femarelle er náttúruleg lausn fyrir konur á breytingaaldri. Það er gert úr jurtaefnum og rannsóknir sýna að það slær á einkenni tíðahvarfa.*

Vinkona mín gaf mér fyrsta pakkann og sagði mér að prófa þar sem Femarelle hefði reynst konum vel á breytingaskeiði," segir Guðfinna Guðný Sigurgeirsdóttir. „Þar sem ég hafði barist við vanlíðan vegna tíðahvarfa fannst mér ég hafa engu að tapa. Ég tók upp bæklinginn og kannaðist strax við einkenni eins og hitakóf, stirðleika í liðum og vöðvum, skapsveiflur og annað sem fylgir tíðahvörfum. Eftir að ég fór að taka Femarelle fann ég fljótlega fyrir jákvæðum breytingum á líkama og sál. Lundin varð léttari, hitakófum fækkaði og það sem mest um munar fyrir mig þá minnkaði stirðleiki í liðum og vöðvum til muna. Nú get ég gengið um án þess að vera stirð og öll mín líðan er mun betri. Mér varð ljóst að með hjálp Femarelle gat ég komist léttar í gegnum breytingaskeiðið. Núna þakka ég vinkonu minni fyrir að kynna mig fyrir Femarelle sem ég hvet allar konur til að prófa," segir Guðfinna Guðný.

**SLÆR Á ÓÞÆGINDI**

Ekki eru allar konur sem vilja taka inn hormónalyf heldur velja náttúrulegri leið til að koma í veg fyrir ýmsa fylgikvilla tíðahvarfa. Má þar nefna hitakóf, höfuðverk, svefntruflanir, skapsveiflur og óþægindi í liðum og vöðvum. Rannsóknir á Femarelle sýna að inntaka á efninu slær á öll þessi óþægindi á innan við mánuði frá því töflurnar eru fyrst teknar inn. Auk þess þykir sannað að Femarelle eykur beinþéttni og viðheldur þannig heilbrigði beina.

Til viðbótar við sannaða virkni hafa rannsóknir einnig sýnt fram á öryggi Femarelle. Þar sem Femarelle er jurta-SERMi hefur það áhrif á ýmsa líkamshluta, slær á einkenni breytingaskeiðsins og bætir heilsu beina, án þess að hafa áhrif á brjóst eða móðurlíf.

**FEMARELLE - ÖRUGGUR KOSTUR**

Femarelle er náttúrulegt jurtaSERMi (selective estrogen receptor modulator) gert úr jurtaefnum. Innihald hylkjanna er: 322 mg DT56a (tofu extract) og 108 mg hörfræjaduft.

**FEMARELLE ER EKKI HORMÓN OG INNIHELDUR EKKI ÍSÓFLAVÓNÍÐA**

Fæst í öllum apótekum, heilsuvöruverslunum og í heilsuhillum stórmarkaða. Skoðið upplýsingar á www.icecare.is og Femarelle á Facebook.

**ÁNÆGÐ** Guðfinna er mjög ánægð með virkni Femarelle.











Eru ekki allir öruggglega að fá sér D vítamín núna?

3 mánaða skammtur




DLUX 1000

handhægi D-vítamín úðinn, hámarksnýting

BetterYou

www.gengurvel.is

Fæst í apótekum, heilsubúðum og stórmörkuðum.


## SÝNING Á KLAPPARSTÍG

**SKEPNUSKÖPUN** Sýning Róshildar Jónsdóttur vöruhönnuðar á módelum úr fiskbeinum stendur nú yfir í Sparki.



Spark er til húsa á Klapparstíg 33 í Reykjavík en ranglega var farið með heimilisfangið í fyrri umfjöllun í blaðinu.

Sýningin stendur til 31. maí en opið er virka daga frá klukkan 10.00 til 18.00 og á laugardögum milli klukkan 12.00 og 16.00.
Nánari upplýsingar er að finna á www.sparkdesignspace.com.



**GÖNGUGARPAR** „Þorgerður byrjaði þegar hún var sjö ára. Lára fór fyrstu dagleiðina sína þegar hún var fimm ára og Óli sem er sex ára fór í fyrstu gönguna síðasta sumar og byrjaði bratt því við fórum Vonarskarðið og lentum í hellirigningu allan síðasta daginn. Það var mikil hetjuferð,“ segir Brynhildur. MYND/VILHELM


BRÚÐKAUPSBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

KEMUR ÚT MIÐVIKUDAGINN 27. MARS



Meðal efnis í blaðinu eru siðir og venjur, veislumatur, förðun, brúðkaupsmyndir ásamt ýmsu skemmtilegu tengdu brúðkaupinu.

Tryggið ykkur pláss sem allra fyrst.

Umsjón auglýsinga í Brúðkaupsblaðið eru:

Elsa
s: 512-5427
elsaj@365.is

Jóna María
s: 512-5473
jmh@365.is

FRÉTTABLAÐIÐ


# KRAKKAR GETA ALLT

**FJÖLSKYLDUVÆN ÚTIVIST** *Brynhildur Ólafsdóttir fjallaleiðsögumaður ætlar að ganga þvert yfir landið með krökkunum sínum. Þau eru tæplega hálfnuð með áætlunina og stefna á ferðalok árið 2017.*

Daginn sem ég varð fertug fór ég með elstu dóttur mína, sem þá var sjö ára, í gönguferð frá Reykjanesvita í Bláa lónið. Við ákváðum þá að ganga þvert yfir landið í áföngum á tíu árum og að þetta yrði fyrsti spölurinn. Nú höfum við gengið í fimm sumur, 4-5 daga í senn. Við köllum þetta Mömmugönguna,“ segir Brynhildur Ólafsdóttir fjallaleiðsögumaður.

Þær mæðgur fengu gjarnan félagsskap vinkvenna og vina á göngunni til að byrja með og svo bættust systkinin við eftir því sem þau eltust. Brynhildur segir lítið mál að þvælast í margra daga göngur með þrjú börn, svo lengi sem leiðangurinn stoppar oft til að skoða það sem fyrir augu ber.

„Ég er orðin snillingur í alls kyns bullsögum,“ segir hún hlæjandi. „Ég segi þeim gömlu þjóðsögurnar og bæti við þær og skreyti og hef þær eins langar og ég mögulega get. Þetta er líka frábær kennsla í jarðfræði. Stundum þarf ég að grisja gegnum bakpoka krakkanna til að létta þá því þau eru miklir steinasafnarar,“ segir hún sposk.

Gangan síðasta sumar var fyrsta gangan þar sem fjölskyldan gekk öll saman og fóru þau um Vonarskarð. Þau gengu með allan búnað á bakinu og lentu í hellirigningu síðasta daginn og skriðu hundblaut í skála um kvöldið.

„Venjulega hefur maðurinn minn keyrt búnaðinn á undan okkur, tjaldað og verið byrjaður að grilla þegar við komum í náttstað. En í fyrra var ekki hægt að „trússa“ svo við gengum saman fjölskyldan. Þetta var mikil hetjuferð og ótrúlega skemmtileg þó við höfum verið eins og hundar á sundi síðasta daginn. Þarna vorum við í algjörri einangrun saman í nokkra daga og höfðum góðan tíma til að spjalla. Það verða svo mikil samskipti í svona ferðum sem er frábært,“ segir Brynhildur.

Næsta sumar mun fjölskyldan ganga norðan Tungnafellsjökuls.

„Við göngum ekki alveg beina leið heldur þræðum svæði sem okkur finnst falleg og skemmtileg. Næsta sumar löbbum við fyrir norðan Tungnafellsjökul, niður með Skjálfandafljóti áleiðis að Mývatni og tökum Jökulsárgljúfrin. Svo endum við á Langanesi árið 2017, eða þar um bil. Við eigum reyndar eftir einn part sem við munum taka undir lokin, Þjórsárverin. Þar þarf að vaða svo mikið að við ætlum að bíða með það þar til krakkarnir verða orðnir stærri.“ En ætla þau að láta staðar numið þegar lokaáfanga verður náð?

„Krakkarnir eru reyndar farin að spyrja hvort það verði ekki Pabbaganga sem taki við. Það er svo gaman að hafa svona einn fastan punkt í sumrinu sem allir bíða eftir.“ ■ vidir@365.is



**BRUGÐIÐ Á LEIK** Brynhildur segir galdurinn á bak við langar gönguferðir með börn að stoppa oft, skoða sig um og leika sér. MYND/ÚR EINKASAFNI



**KALDIR KRAKKAR** Þorgerður, Lára og Óli njóta gönguferðanna og segir Brynhildur fjölskylduna eiga gæðasamverustundir í einangruninni.



**GENGIÐ Í BLÍÐUNNI** Sólin skín líka á göngugarpana þó stundum þurfi að klæða sig vel.


Vissir þú að...
Það er bannað að mismuna börnum eftir litarhætti!

Barnaheill
Save the Children á Íslandi



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# BÍLAR

**Reynsluakstur** Mitsubishi Outlander
**Hennessey Ford GT** nær 430 km hraða
**Rússar** ferðast um á fals-sjúkrabílum

ÞRIÐJUDAGUR 26. MARS 2013




FRÉTTABLAÐIÐ
› visir.is/bilar

MYND: EINAR H. SIGURÐSSON

# ELSTI PORSCHE-BÍLL LANDSINS

## Talsvert margir Porsche-bílar eru til á Íslandi, flestir af gerðinni Cayenne, en einnig þónokkrir sportbílar.

Sá elsti þeirra er af gerðinni Porsche 356 og sést hann hér við einn af gimsteinum íslenskrar náttúru, við Jökulsárlón á fallegum degi. Bíllinn er af árgerð 1963 og ber týpunúmerið Porsche 356 B Super 90. Eigandi bílsins er Einar H. Sigurðsson, en hann hefur ekki átt bílinn ýkja lengi af 50 ára sögu hans, eða í sex ár.

**Kom til landsins árið 2007**

Spurður hvernig og hvenær hann eignaðist þennan dýrgrip, sagði Einar. „Þessi bíll kom hingað til lands það herrans ár 2007, þegar Íslendingar gátu leyft sér enn þá smá lúxus, en það má víst ekki lengur. Porsche 356 er afar fáséður, jafnvel í Þýskalandi þar sem þeir voru smíðaðir á árunum 1948 til 1965. Þetta er reyndar eina eintakið á Íslandi. Mest er til af þeim í Bandaríkjunum og þá helst í Kaliforníu þar sem um þessa bíla er til sérstakur sjónvarpsþáttur sem heitir eftir þeim sem hafa ráð á að safna svona gripum. Þessi bíll kostaði á við fimm Thunderbird-bíla sömu árgerðar í svipuðu ástandi sem segir örlítið til um hvernig markaðurinn metur söfnunargildi bílsins.“

**PORSCHE**
**356 B SUPER 90**

**VÉL**
Er af Boxer-gerð 1,6 lítra, 90 hestöfl

**HÖNNUÐUR**
Ferdinand "Ferry" Porsche

**FRAMLEIDDIR BÍLAR**
75.000

**FRAMLEIÐSLUÁR**
1948-1956

**Handsmíðaður af þýskri nákvæmni**

„Þessir bílar voru og eru enn handsmíðaðir af þýskri nákvæmni og það voru framleiddir um það bil 75.000 eintök af 356-bílnum. Talið er að um helmingur þeirra sé enn til. Ólíkt flestum 50 ára gömlum bílum er verulega gaman að aka þessum bíl,“ segir Einar. Eða eins og Kaninn segir; „Porsche 356 loves twisty roads“. Að sjálfsögðu er bíllinn afturhjóladrifinn og vélin er aftur í. Hún er af Boxer-gerð og alls ekki með neitt ofursprengirými, eða 1,6 lítra, en skilar samt 90 hestöflum. Er það enn einn votturinn um mikla verkfræðiþekkingu Þjóðverja, hvað þá ef þeir eru hjá Porsche. Sá sem hannaði 356-bílinn var Ferdinand „Ferry“ Porsche, sonur Ferdinands Porsche er hannaði Volkswagen-bjölluna og var stofnandi Porsche-fyrirtækisins.

**Fór til heimahaganna í fyrra**

Í fyrra fór Einar með 356-bílinn góða til Frakklands með íslenska Porsche-klúbbnum. Siglt var með bílinn til Hamborgar og þaðan ekið til Frakklands, en einnig til höfuðstöðva Porsche í Þýskalandi og þær skoðaðar. Var það ógleymanlegt, sem og öll ferðin.



LEGUR OG PAKKDÓSIR

Stál og Stansar ehf.
VAGNHÖFÐI 7 – SÍMI 517 5000







MITSUBISHI OUTLANDER

**2,2 DÍSILVÉL, 150 HESTÖFL**
**Fjórhjóladrif**

**Eyðsla** 5,7 l./100 km í bl. akstri

**Mengun** 150 g/km CO2
**Hröðun** 11,7 sek.
**Hámarkshraði** 190 km/klst
**Verð** 7.290.000 kr.
**Umboð** Hekla



Útlit jepplingsins er mjög breytt frá síðustu kynslóð. Hann er nú bólginn í útliti og allar línur sveigðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI

# RÚMMIKILL OG SPARNEYTINN ÞJARKUR

## Með sérlega háa sætisstöðu og duglegur í torfærum.

**MITSUBISHI OUTLANDER**
**Finnur Thorlacius** reynsluekur

Ekki hefur borið mikið á nýjum bílum frá Mitsubishi á síðustu misserum og því telst það til enn meiri frétta að frá þeim er komin ný kynslóð af hinum vinsæla Outlander-jepplingi. Síðasta kynslóð hans var reyndar orðin átta ára gömul og því full ástæða til. Óvenjulegt er að ein kynslóð bíls endist svo lengi en frá 2006 hefur Mitsubishi selt ríflega 100.000 eintök af honum á ári og reyndar hátt í 170.000 bíla metárið 2007. Útlitsbreytingin á Outlander er mikil og hafa mjúkar línur leyst af hólmi kantaðri og beinni línur. Um algerlega nýjan bíl er að ræða og Mitsubishi segir flest í honum nýtt. Með nýrri hönnun hans var haft í huga að fyrir í honum myndi komast Plug-In Hybrid tvinnkerfi og búast má við að sjá hann þannig búinn í haust. Eins og margur nýr bíllinn í dag hefur Outlander farið í væna megrun milli kynslóða og tapaði hann 144 kílóum í þetta skiptið og er það vel.

### Rúmgóður en hófstillt innrétting

Nýi Outlander-inn er talsvert mikið rúmbetri bíll en forveri hans, enda bólginn að sjá og býsna langur. Fyrir vikið er hann einn af rúmbetri jepplingum sem nú bjóðast. Svo langur er bíllinn að hann má fá í 7-manna útfærslu, en þegar þau sæti eru ekki í notkun falla þau niður og farangursrýmið verður alveg flatt. Flott útfærsla þar. Það er 477 lítrar og stækkar í 1.022 lítra ef aftursæti er fellt niður. Mitsubishi Outlander fæst bæði með bensín- og dísilvél, en reyndur var bíll með dísilvél, sem búast má við að verði vinsælli. Það kom reynsluökumanni nokkuð á óvart hve hófstillt innrétting bílsins er og talsvert frá því að teljast nýtískuleg. Aðgerðastýri með flipaskiptingu og snertiskjárinn fyrir miðju lyfta honum þó upp. Stjórna má flestu á snertiskjánum. Að öðru leyti eru mælaborðið og stjórntæki ekki til að gleðja mjög augað, né heldur sætin eða litavalið. Allt virkar þetta þó vel og hljómkerfið gladdi ökumann fyrir ágæti sitt. Þó var verulega undarlegt að sjá að takkinn til að hækka og lækka í því er hægra megin á tækinu. Verulega undarleg staðsetning það. Allir farþegar sitja óvenju hátt í bílnum og slær þar hátt í jeppa. Útsýni er því gott og gluggar og gluggaumgjörð alls ekki til skerðingar hvað það varðar.

### Dísilvél með miklu togi

Venjulegur akstur Outlander er fyrirhafnarlítill og ljúfur en slær þó engin met í þessum flokki bíla. Fyrir því finnst að þar fer nokkuð stór bíll. Hann er fínn í stýri en sökum ágætrar veghæðar og hárrar uppbyggingar bílsins hallast hann nokkuð í hröðum beygjum og farþegum er réttara að finna sér traustatak. Ekki var gengið langt að mörkum hans sökum of lítils veggrips og hættu á að þar léti eitthvað undan. Dísilvélin, sem er 2,2 lítrar og 150 hestöfl, er hins vegar hin ágætasta, togar vel með sínum 380 Newton-metrum og skemmtilegt er að gefa henni aðeins inn. Millihröðun er fín og hann vinnur sterklega á hærri snúningi. Þetta er greinilega fín vél því hún er að auki sparneytin og eyðir ekki nema 5,7 lítrum í blönduðum akstri. Ekki var alveg að marka reynsluaksturinn, sem svo til að öllu leyti fór fram innanbæjar, enda sýndi hann um tveggja lítra hærri tölu. Ágætt samt. Outlander hefur fína torfærueiginleika og fékk hann örlítið að finna fyrir því. Drifgeta hans og fjórhjóladrif henta vel hérlendis. Nokkra furðu vakti, fyrir nýhannaðan bíl, hversu mikið heyrist í vélinni í farþegarýminu og veghljóð fær einnig alltof greiða leið þar inn. Þarna mætti Mitsubishi gera aðeins betur.

### Sumar nýjungar teljast vart til bóta

Nokkrar nýjungar fylgja nýjum Outlander og ein þeirra er línuskynjari sem lætur ökumann vita ef hann óvart er að fara yfir veglínu eða hreinlega sofnar undir stýri. Þessi búnaður er einn mest pirrandi búnaður sem ökumaður hefur kynnst og fyrsta verk væri að taka hann úr sambandi. Skynjarinn hélt uppi mjög vanþegnum tónleikum allan reynsluaksturinn því skynjarinn er afar duglegur að láta vita af því ef nálgast er ökulínu, hvað þá ef ökumaður gerist svo djarfur að skipta um akrein. Þetta er ein af þeim mörgu óþörfu truflunum sem ökumenn ættu að geta verið án og full ástæða til að velta fyrir sér hvort búnaðurinn hafi ekki frekar þveröfug áhrif en þau sem til er ætlast. Sem betur fer var ekki nálgunarvari í bílnum, en þá gæti leiðin hafa legið á ákveðna gerð stofnana, frekar en upp í Heiðmörk. Tónleikar sem bárust úr hljóðkerfi bílsins voru af mun smekklegri gerð. Hægt er þó að slökkva á línuskynjaranum með einum takka. Annar og betri búnaður í bílnum er skriðstillir með árekstrarvörn. Heldur hann réttri vegalengd milli bíla og bremsar ef með þarf. Outlander bætist nú í stóran hóp jepplinga sem í boði eru. Allir hafa þeir sína kosti en stærstu kostir Outlander eru mikið rými, fín torfærugeta, sjö farþega kostur og ágætt verð. Óhætt er að mæla eindregið með einum sérstökum og flottum lit sem bíllinn býðst í, þ.e. bronslit. Bíllinn verður allur eðall og það stirnir á hann í sólinni.

BÍLAR
www.visir.is/bilar
Umsjón blaðsins **Finnur Thorlacius** finnurth@365.is
Útgáfufélag 365 miðlar ehf. Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Auglýsingar Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbirgir@365.is Sími 5125432
Hönnun Silja Ástþórsdóttir siljaa@frettabladid.is
FORMÚLA 1 Vísir.is

# FERÐAHÝSI

**Kynningarblað**
Hjólhýsi, fellihýsi, húsbílar, tjaldvagnar, heimasmíði, reynslusögur og góð ráð.

ÞRIÐJUDAGUR **26. MARS 2013**


# Víkurverk, allt í ferðalagið

Starfsmenn Víkurverks hafa áralanga reynslu af þjónustu við fólk sem ferðast innanlands. Víkurverk leggur metnað sinn í að vera ávallt með gæðavörur í úrvali og þjónusta viðskiptavini sem best. Víkurverk selur hjólhýsi, fellihýsi, húsbíla og tjaldvagna og ýmsa aukahluti. Fyrirtækið tekur að sér sölu notaðra ferðavagna og rekur verkstæði fyrir allar gerðir ferðavagna.



Víkurverk, að Víkuhvarfi 6, leggur metnað sinn í að vera ávallt með gæðavörur í úrvali og þjónusta viðskiptavini sem best.

Aukahlutaverslun okkar er sú stærsta á landinu og hafa viðskiptavinir haft á orði að hún standist samanburð við álíka verslanir erlendis," segir Arnar Barðdal, framkvæmdastjóri Víkurverks í Víkurhvarfi 6. Hann segir úrval aukahluta í versluninni mjög mikið, og má þar nefna borð, stóla og annan vinsælan viðlegubúnað. „Þau hafa til dæmis slegið í gegn O-grillin síðastliðin þrjú ár. Hönnun þeirra er einstaklega vel heppnuð en grillin hafa fengið hönnunarverðlaun fyrir útlit og notagildi," segir Arnar og bætir við að grillin séu fyrirferðarlítil og henti því vel í ferðavagna sem og heima. Grillin eru að sögn Arnars fljót að hitna og hitna jafnt. „Allir sem hafa keypt O-grill eru á einu máli – þetta eru snilldar grill."

## Nýjungar í ár

Víkurverk er ávallt vakandi fyrir nýjungum og flytur inn vörur sem henta þörfum viðskiptavina á hverjum tíma. Sem dæmi um nýjung í ár má nefna Sprite – lítil og létt tveggja rúma hjólhýsi. „Þau henta vel fyrir þá sem eru með minni bíla. Húsin eru lítil að utan en stór að innan, rúmgóð og vel skipulögð," lýsir Arnar en hjólhýsin fást í tveimur gerðum til að byrja með. Húsin eru búin ríkulegum staðalbúnaði. „Þetta eru virkilega vel hönnuð hús og á frábæru verði," segir hann.

## Kúnninn hannar vagninn

Víkurverk þjónustar afar breiðan viðskiptavinahóp. Ekki aðeins eru seldir nýir ferðavagnar því Víkurverk tekur einnig notaða ferðavagna í umboðssölu, en það er í dag stór hluti af starfsemi fyrirtækisins. Þá sér Víkurverk einnig um tjaldvagnaleigu, meðal annars fyrir VR og fleiri verkalýðsfélög. Víkurverk selur tjaldvagna, fellihjólhýsi, hjólhýsi og húsbíla. „Mjög algengt er að við tökum gamla vagninn upp í nýjan," segir Arnar og bendir á að þeir sem séu að byrja í ferðamennskunni kaupi oftast notuðu vagnana. „Þeir sem mestu reynsluna hafa í bransanum og ætla að endurnýja ferðavagninn panta nýjan á haustin og veturna," segir Arnar og bendir á að þannig geti viðskiptavinurinn hannað vagninn sinn að mörgu leyti sjálfur. Einnig getur Arnar þess að auðvelt er að fá lán vegna ferðavagnakaupa þannig að allir geta eignast sinn ferðavagn, nýjan sem notaðan.

Arnar segir auðvelt að ferðast með hjólhýsi. Þó sé einnig orðið algengt að fólk kaupi sér stærri hús og fastsetji þau á sama stað yfir sumarið og jafnvel allt árið.

## Reynslumiklir viðgerðarmenn

Verkstæði Víkurverks þjónustar allar gerðir ferðavagna ásamt því að annast standsetningu nýrra vagna. „Á verkstæðinu vinna miklir reynsluboltar og snillingar sem geta leyst nánast hvaða vandamál sem upp koma," segir Arnar. Verkstæðið annast öll innkaup á varahlutum fyrir umboð Víkurverks og almennar varahlutapantanir í aðrar gerðir vagna.

Einnig annast verkstæðið allar almennar bílaviðgerðir, s.s. tímareimaskipti, bremsuviðgerðir og smurþjónustu. „Við höfum nýlega byrjað á þeirri nýjung að flytja inn og festa dráttarbeisli á bíla," upplýsir Arnar og hlakkar til góðs ferðasumars.



O-grillin hafa slegið í gegn síðastliðin þrjú ár.

# Hobby – vinsælustu hjólhýsin

„Hobby eru vinsælustu hjólhýsin í heimi," segir Jóhannes Þórarinsson, innkaupastjóri Víkurverks sem fer með umboð á sölu Hobby-hjólhýsanna. Jóhannes segir Íslendinga hafa tekið ástfóstri við Hobby vegna fallegrar hönnunar og ekki síst notagildis. „Þeir sem kaupa Hobby vilja ekkert annað. Þeir kaupa Hobby aftur og aftur," segir hann.

Að sögn Jóhannesar hefur það alltaf verið takmark Hobby að vera skrefi á undan öðrum og láta þannig draum fólks um fullkomið frí rætast. „Hobby hefur alltaf verið í fararbroddi varðandi nýjungar. Þeir voru fyrstir með salerni sem var losað utan frá og fyrstir til að hanna geymslu aftan á hjólhýsunum sem hægt var að opna utan frá," lýsir hann.

Hobby skarar fram úr þegar kemur að hönnun hjólhýsa og húsbíla og hefur hlotið fjölmörg verðlaun frá fagaðilum og fagtímaritum. „Hobby Premium er algjörlega ný lína sem kom á markað árið 2012. Með Premium-línunni festir Hobby sig í sessi sem frumkvöðull í hönnun sem aðrir framleiðendur taka sér til eftirbreytni," segir Jóhannes, en Hobby Premium hjólhýsin fengu evrópsku hönnunarverðlaunin annað árið í röð í fyrra.

Íslendingar kjósa flestir þægindi á sínum ferðalögum og æ fleiri festa því kaup á hjólhýsum. Jóhannes segir þrjá af hverjum fjórum sem kaupa sér hjólhýsi á Íslandi kaupa Hobby. „Gæði, glæsileiki og gott verð einkenna Hobby-hjólhýsin," segir Jóhannes að lokum.



Jóhannes Þórarinsson, innkaupastjóri Víkurverks, fyrir framan Hobby-hjólhýsi. MYND/PJETUR

# Bjuggu í húsbíl í fimm ár

Sigrún Haraldsdóttir og eiginmaður hennar, Guðmundur Vikar Þorkelsson, bjuggu í húsbíl í fimm ár og ferðuðust um Evrópu. Meðal annars komu þau með stóran hóp húsbílaeigenda til Íslands.



Sigrún Haraldsdóttir og Guðmundur Vikar Þorkelsson hafa ferðast um alla Evrópu í húsbíl.



Sigrún og Guðmundur skipulögðu ferð til Íslands með 120 húsbílum árið 2004. Norðmennirnir úr þeim hópi voru svo ánægðir að í maí á hverju ári halda þeir Íslandsmót til að rifja upp ferðina. Þessi mynd er tekin við slíkt tækifæri.

MYNDIR ÚR EINKASAFNI

Að ferðast um í húsbíl gefur manni einstaklega frjálst líf. Það var þó algjör tilviljun að ferðalagið hófst. Við keyptum bílinn árið 2002 en vorum búin að ákveða löngu áður að kaupa bát eða bíl. Ég er hins vegar sjóveik og var þess vegna ekki jafn spennt fyrir báti,“ segir Sigrún. Þau hjónin fluttu til Danmerkur árið 1995 og höfðu ákveðið að færa sig um set og selja húsið árið 2002. „Við ætluðum að flytja til Árósa en töldum að það myndi taka einhvern tíma að selja húsið okkar. Við fengum hins vegar strax mjög gott tilboð en með þeim fyrirvara að við yrðum búin að losa það tveimur vikum síðar. Okkur fannst ekki mikið mál að setja dótið í geymslu og búa bara í bílnum í tvo til þrjá mánuði á meðan við værum að leita að nýju húsnæði. Þetta urðu fimm ár,“ segir Sigrún.

### Halda Íslandsmót í Noregi

„Við ókum að smábátahöfn þar sem eru mörg bátahýsi og fólk hefur vetursetu. Þar kynntumst við frábæru fólki. Síðan héldum við ferðinni áfram um alla Evrópu, vorum til dæmis á Spáni í nokkra mánuði. Héldum jól í Þýskalandi og fórum um allt á Norðurlöndunum. Mesta upplifunin var þegar við komum með 120 húsbíla til Íslands árið 2004. Ég held að það sé heimsmet vegna þess að ég veit ekki til þess að svo stór hópur manna og bíla hafi farið saman í ferju. Þessi ferð var einstaklega vel heppnuð og margir sem voru í ferðinni halda enn hópinn. Fólkið hefur sagt mér að þessi ferð hafi verið toppurinn á ferðalögunum en það hefur farið um alla Evrópu og til Bandaríkjanna. Til dæmis Norðmennirnir sem hittast á Íslandsmóti í maí á hverju ári til að rifja upp þessa ferð. Þá klæðast þeir íslenskum lopapeysum og eru með íslenskan fána,“ útskýrir Sigrún og bætir því við að þau hafi kynnst ótrúlega mörgu góðu fólki á þessu ferðalagi.

„Þegar við dvöldum á Spáni kynntumst við meðal annars Englendingum og Þjóðverjum. Þetta fólk vildi endilega að við settum í gang aðra Íslandsferð. Sömuleiðis Belgi sem gefur út ferðablað en hann hefur verið áhugasamur um að við settum upp ferð til Belgíu. Við förum aftur til Íslands árið 2005 en þá voru 55 bílar með okkur. Það er hins vegar mikil undirbúningsvinna og skipulagning fyrir svona ferð og að mörgu þarf að huga.“

### Varist þjófa

Sigrún segir að þetta hafi verið afar skemmtilegur tími. Nú býr hún í Viborg á Jótlandi en þau lögðu bílnum fyrir ári. „Guðmundur hefur átt við veikindi að stríða og á erfitt með að komast upp í bílinn. Við þyrftum að fá bíl með lyftu,“ útskýrir Sigrún en hún vill benda fólki, sem ferðast um Evrópu á húsbíl, á að sýna mikla gætni. „Vinafólk okkar lenti í því að lögreglumenn stöðvuðu þau á hraðbraut á Spáni. Annar þeirra skoðaði bílinn að innan á meðan hinn ræddi við þau fyrir utan. Það var ekki fyrr en þau komu á næstu bensínstöð sem þau áttuðu sig á að öllu verðmætu hafði verið stolið úr bílnum. Þetta voru ekki lögreglumenn heldur svæsnir þjófar. Það má aldrei stöðva bílinn nema á fjölmennum stöðum, sama hvort það er lögregla eða einhver annar. Ég vaknaði einu sinni við að öryggiskerfið fór í gang hjá okkur en sem betur fer náðu þjófarnir ekki að stela neinu. Það er mikil lífsreynsla að búa á þennan hátt og maður verður að vera bæði vel tryggður og vita í hverju maður getur lent. Vatn getur frosið í leiðslum um vetur og eitt og annað getur komið upp. Við vorum alltaf að læra og erum reynslunni ríkari. Sem betur fer er fólk á húsbílastöðum afar hjálplegt og þar er mikill samhugur. Ætli við séum ekki fyrstu Íslendingarnir sem lifum eins og sígaunar,“ segir Sigrún og hlær.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 **Umsjónarmenn auglýsinga:** Sigurður Helgi Grímsson, sigurdurhg@365.is, s. 512-5464 **Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.



# Heildarþjónusta í hundrað ár

Seglagerðin Ægir hefur fylgt Íslendingum í útilegur í heila öld. Fyrirtækið selur allt til ferðalaga og starfrækir auk þess öflugt verkstæði.

Þegar verslað er við okkur á fólk viðskipti við rótgróið fyrirtæki. Það má hafa það í huga þegar fólk ákveður hvert það beinir viðskiptum sínum," segir Gunnar Jónsson, sölustjóri hjá Seglagerðinni Ægi, en Seglagerðin er eitt af elstu fyrirtækjunum á landinu. „Við höfum starfað í hundrað ár og hér hefur sama fólkið unnið í áratugi. Við byggjum því á mikilli þekkingu og reynslu."

Hjá Seglagerðinni Ægi er rekin stærsta saumastofa landsins. Þar eru saumuð fortjöld á allar tegundir fellihýsa, svefntjöld og grjótgrindanet svo eitthvað sé nefnt. Hægt er að fá sérsaumað eftir þörfum og segir Gunnar alla þjónustu veitta með bros á vör. „Við þjónustum allan markaðinn," segir Gunnar.

Þá hefur Seglagerðin Ægir hannað og framleitt tjaldvagna sérstaklega fyrir íslenskar aðstæður um árabil.

„Við byrjuðum árið 1996 að hanna og smíða Ægis-tjaldvagnana fyrir íslenskar aðstæður og þeir eru okkar vinsælasta söluvara enn í dag. Við vorum eina fyrirtækið sem bauð upp á íslenska hönnun í tjaldvögnum þar til fyrir ári," segir Gunnar og bætir við að Ægis-vagnarnir hafi verið mest seldu tjaldvagnarnir hér á landi um árabil og reynst vel.

„Þessir vagnar eru á stærri dekkjum en gengur og gerist og hærri. Búið er að þétta þá svo ryk kemst ekki inn í þá en við saumum tjaldið úr sama dúk og Ægis-tjöldin. Tjaldið er einnig hannað til að standast rok og ágang veðurs við íslenskar aðstæður. Við erum alltaf að þróa tjaldvagnana eftir kröfum viðskiptavina. Þá látum við einnig breyta þeim fellihýsum sem við flytjum inn svo þau henti einnig íslenskum aðstæðum," segir Gunnar. Hann segir Seglagerðina Ægi einfaldlega bjóða allt sem þurfi til ferðalaga.

„Við bjóðum upp á heildarpakkann til ferðalaga. Ef einhvern vantar eitthvað þá útvegum við það. Við seljum tjaldvagna, fellihýsi, hjólhýsi og húsbíla og einnig alla fylgihluti og varahluti. Þá rekum við verkstæði fyrir alla þessa vagna og þjónustum allar tegundir á markaðnum. Það geta allir komið til okkar."



Seglagerðin Ægir er eitt af elstu fyrirtækjum á landinu en það hefur starfað í heila öld. „Hjá okkur fæst allt til ferðalaga," segir Gunnar Jónsson sölustjóri. „Tabbert-hágæðahjólhýsin hafa aldrei verið glæsilegri en nú en við bjóðum þau á sambærilegu verði og mun ódýrari tegundir erlendis." MYND/GVA



# Úrval ferðavagna á glæsilegu sýningarsvæði á Korputorgi

Útilegumaðurinn hefur fært starfssemi sína í glæsilegt húsnæði á Korputorgi sem býr yfir stóru útisýningarsvæði. Fyrirtækið selur vandaðar vörur og leggur áherslu á trausta þjónustu. Aukin áhersla verður lögð á umboðssölu notaðra ferðavagna.

Í lok síðasta árs opnaði Útilegumaðurinn glæsilega ferða- og útivistarverslun á Korputorgi. Verslunin hafði um nokkurra ára skeið haft aðsetur að Fosshálsi í Reykjavík en hefur nú aðsetur í mun stærri og glæsilegri sýningarsal. Útilegumaðurinn var opnaður árið 2007 og hefur alla tíð lagt áherslu á gott vöruúrval, sanngjarnt verð og persónulega þjónustu. Verslunin hlaut mjög góðar viðtökur í upphafi og segir Gunnar Jóhannsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, nýja húsnæðið enn hentugra fyrir viðskiptavini enda nær svæðið nú yfir 1.700 fermetra. „Útilegumaðurinn selur gott úrval hjólhýsa, fellihýsa og húsbíla frá traustum og þekktum framleiðendum. Auk þess bjóðum við upp á úrvals tjöld og ýmsan ferðabúnað eins og skyggni, fortjöld, mottur og fleira. Við kappkostum að bjóða upp á gott úrval vara sem henta ólíkum hópum. Þar sem útisýningarsvæði er stórt og í alfaraleið og er ætlunin að leggja aukna áherslu á umboðssölu notaðra ferðavagna.“



Traust og góð þjónusta einkennir Útilegumanninn. Frá vinstri: Gunnar Jóhannsson framkvæmdastjóri, Sævar Davíðsson verslunarstjóri og Þorsteinn Garðarsson sölustjóri. MYND/GVA

## Traustir framleiðendur

Útilegumaðurinn býður upp á hjólhýsi frá þremur þýskum framleiðendum, Dethleffs, Knaus og Weinsberg. Þorsteinn Garðarsson, sölustjóri hjá Útilegumanninum, segir Dethleffs-hjólhýsin vera margverðlaunuð hjólhýsi og vera í hæsta gæðaflokki. „Fyrirtækið hefur 80 ára reynslu af framleiðslu hjólhýsa. Þau hafa verið seld hérlendis í mörg ár og reynst afar vel. Þessi hjólhýsi eru mjög vel útbúin og hlaðin staðalbúnaði. Þar má meðal annars nefna AirPlus-loftdreifikerfi sem kemur í veg fyrir að loft staðni í innréttingum og AL-KO ATC-stöðugleikakerfið sem kemur í veg fyrir að húsið rási. Stöðugleikakerfið er gríðarlega mikilvægur öryggisbúnaður, ekki síst á íslenskum vegum þar sem að hvörf hafa myndast í vegi eða ef bílstjóri þarf snögglega að sveigja bifreiðina til. Einnig eykur ATC-kerfið mjög öryggi í roki. Hjólhýsin eru auk þess mjög vel einangruð og vandaður viður er í innréttingum.“

Hjólhýsin frá Dethleffs innihalda ALDE ofna- og hitakerfi eða TRUMA-gasmiðstöð, rafmagnsgólfhita, sjö hólfa Cold Foam lúxusdýnu í hjónarúmi sem aðlagast líkamanum. Í öllum stærri húsunum er stór 175 lítra ísskápur með frysti, stórri sóllúgu, 70 lítra neysluvatnstanki ásamt 20 lítra klósetttanki og álfelgur.

Þorsteinn segir hjólhýsin frá Dethleffs sérstaklega vel einangruð og bjóði upp á ALDE lokað vatnshitakerfi sem hægt er að keyra bæði á gasi og rafmagni. „ALDE-kerfið er sérstaklega hentugt fyrir þá sem nota hjólhýsin yfir veturinn og er þá hægt að velja bæði gas eða rafmagn.“

Hjólhýsin frá Knaus hafa einnig verið seld hérlendis í fjölda ára og reynst vel. Þau hafa einnig hlotið fjölda verðlauna að sögn Þorsteins. „Knaus hefur smíðað hjólhýsi í yfir fimmtíu ár og eru þau þekkt fyrir lága bilanatíðni og fallega og stílhreina hönnun. Útilegumaðurinn býður upp á Knaus-hjólhýsin í þremur útfærslum, Sport, Südwind og Südwind Exclusive.

Útilegumaðurinn býður einnig upp á hjólhýsi frá Weinsberg sem eru að sögn Þorsteins á góðu verði en um er að ræða nýtt vörumerki hérlendis. „Weinsberg-hjólhýsin koma frá sömu verksmiðju og Knaus. Þau hafa unnið til verðlauna í flokki fjölskylduvænna hjólhýsa. Weinsberg-hjólhýsin eru þægileg í drætti, hagkvæm og endingargóð. Í stað íburðar leggur Weinsberg áherslu á hagkvæm atriði sem gera lífið í hjólhýsinu einfalt og þægilegt.“

## Úrval fylgi- og aukahluta

Útilegumaðurinn selur einnig fellihýsi frá Rockwood og segir Þorsteinn þau sérstaklega framleidd eftir óskum fyrirtækisins. „Þau henta því íslenskum aðstæðum mjög vel. Fellihýsin hafa meðal annars evrópskar þrýstibremsur sem eru sömu tegundar og eru í evrópskum hjólhýsum.“ Fellihýsin hafa að sögn Þorsteins galvaníseraða grind, fjaðrir, vandaðar springdýnur, sem hægt er að hita upp ef húsið er tengt rafmagni. „Einnig má nefna uppblásið nefhjól, lás í beisli, öfluga viftu í lofti, litað plast í gluggum, markísu, dýpri ísskáp með hillum í hurð, gasúttak á hlið og margt fleira. Við erum með húsbíla frá Dethleffs og Weinsberg sem eru margverðlaunaðir hvor í sínum flokki. Ásamt því að vera með þeim mest seldu í Evrópu.“



Hjólhýsin frá Dethleffs eru sérstaklega vel einangruð að sögn Þorsteins Garðarssonar sölustjóra. MYND/GVA

Útilegumaðurinn selur auk þess ýmsa fylgihluti í ferðavagna að sögn Þorsteins. „Við seljum til dæmis fortjöld og markísur frá Prostor og fortjöld frá Blue Diamond. Síðan erum við með sólarsellur frá Global Solar í Ameríku sem eru ljósnæmustu sellurnar á markaðnum og þurfa aðeins birtu til að hlaða. Einnig má nefna mikið úrval af aukahlutum og smávöru tengda ferðavögnum og útilegu almennt, til dæmis tjöld, bakpoka, svefnpoka, borð, stóla, kælitöskur og kælibox. Einnig seljum við vinsælu gasgrillin frá O-Grill, prjónavörur frá Varma og gæðaskó frá Lomer.“

Nánari upplýsingar um vöruúrvalið hjá Útilegumanninum má finna á www.utilegumadurinn.is.



Á morgnana er náðugt að geta kveikt á útvarpinu og hlustað á veðurspána og ljúfa tóna.


Gamaldags spilastokkur þjappar fólki saman og eykur enn á yndi og gleði samverustundanna.


Ávextir í skál eru sannkölluð eldhúsprýði og hvetja ferðafólk til að fá sér hollan bita á milli mála.


Gítar er ómissandi ferðafélagi enda skapar huggulegt gítarspil einstök notalegheit á ferðalögum.

# Heimili að heiman

**Fellihýsi, húsbílar og hjólhýsi bjóða upp á heimililega stemningu þegar heimilislífið er fært úr stað. Það er notalegur griðastaður í villtri náttúrunni og hægt að gera hann enn vistlegri með hlýlegum snúningi.**


Rómantískir púðar gera ferðahýsi að sannkölluðu heimili í náttúrunni.


Fersk blóm í vasa skapa heimilislegan blæ og gleðja bæði augu og anda ferðalanga.


Kaffi er aldrei eins gott í plastmálum. Ljúf uppáhelling í ekta krúsum gefur himneskt andrúmsloft í ferðahýsið.


Mun heimilislegra er að bera sælgæti fram í fallegri skál en umbúðunum þegar gesti ber að garði.


Mjúkt og hlýtt teppi ætti að vera staðalbúnaður í öllum ferðahýsum og ávallt til taks fyrir kósí samverustundir undir heiðum


Tillitsemi ætti að vera í hávegum höfð á tjaldsvæðum enda fólk í miklu nábýli.

## *Vertu góður nágranni*

Á ferðalögum er jafn mikilvægt að vera góður granni og að gleyma ekki góða skapinu. Tillitsemi ætti að vera í hávegum höfð og best að kynna sér umgengnisreglur tjaldsvæða við komu. Hafið eftirfarandi í huga til að eiga farsælt sambýli við aðra gesti tjaldsvæðisins:

- Komið ykkur fyrir á réttum stöðum innan tjaldsvæðisins.
- Hafið hávaða og skark í lágmarki.
- Losið ykkur við vatnsúrgang á þar til gerðum stöðum, fjarri náttúrulegum vatnsuppsprettum.
- Notið lífræna sápu, þvottaefni og uppþvottalög sem brotnar auðveldar í náttúrunni.
- Sýnið náttúrunni virðingu og gætið þess að valda ekki skemmdum á nærliggjandi gróðri.
- Haldið ykkur á merktum gönguleiðum við náttúruskoðun. Það raskar ekki jarðvegi og verndar gróður.
- Gætið þess að allt rusl og úrgangur fari í ruslagám við brottför.
- Hafið hundinn í ól. Eigendur eru ábyrgir fyrir gæludýrum sínum á tjaldsvæðum. Hundgá og óhirtur hundaskítur er óþolandi fyrir aðra gesti tjaldsvæða.
- Færið ekki nestisborð tjaldsvæða í leyfisleysi.
- Hófsemi og tryggur nætursvefn er lykill að góðu sambýli á tjaldsvæðum.
- Hreinsið eldstæði og útigrill tjaldsvæða við brottför.


Magnús Óskarsson segir eitt mesta úrval ökutækja landsins að finna á einum stað hjá Bílás. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Eitt mesta úrval ökutækja á einum stað

**Bílás, bílasala Akraness,** fagnar þrjátíu ára starfsafmæli í ár. Þar fást ekki bara bílar heldur flytur fyrirtækið inn hágæða ferðahýsi á góðu verði.

Við flytjum inn ný Hobby-hjólhýsi frá Þýskalandi. Húsin eru viðurkennd gæðavara og vel búin og eru að sjálfsögðu seld með ábyrgð fyrir framleiðslugöllum eins og lög gera ráð fyrir," segir Magnús Óskarsson annar eigandi Bíláss, bílasölu Akraness.

Bílás á 30 ára starfsafmæli í ár en fyrirtækið er í eigu bræðranna Magnúsar og Ólafs Óskarssona. Það hefur starfað frá árinu 1983, að mestu við sölu bíla en sala á notuðum ferðavögnum hefur þó verið stór hluti af rekstrinum.

„Reynslan af þeim viðskiptum er orðin ágæt," segir Magnús. „Af hjólhýsunum tókum við í fyrstu inn hús eftir pöntunum en það fór hins vegar mikill tími í tilboðsgerð í kringum það og pantanir voru færri en við reiknuðum með. Við ákváðum því að taka inn nokkur hús á síðasta ári og þau seldust öll. Við slógum því til og höfum haldið innflutningi á ferðahýsum áfram. Þá höfum við einnig verið að prófa okkur áfram með aukahluti eins og markísur og sólarsellur. Verðið hjá okkur er gott þar sem við erum með litla yfirbyggingu á starfseminni," útskýrir Magnús.

Bílás fer einnig með umboð á nýjum bílum fyrir Öskju, BL og Heklu. Magnús segir líklega óvíða eins mikið úrval ökutækja á einum stað. „Það er upplagt fyrir höfuðborgarbúa að kíkja hingað á Skagann, og ég segi nú stundum í gamni að Reykjavík sé í úthverfi Akraness. Hér er líka sérhæfð ísbúð ásamt góðum verslunum og einnig tjaldaðstaða með góðri þjónustu. Markaðssvæði okkar er öll landsbyggðin. Við erum fullir bjartsýni á framhaldið þrátt fyrir nokkra óvissu í þjóðmálunum."

Nánari upplýsingar á www.bilas.is.















# Fullkomið ferðafrelsi á LMC

Inni í einu af þeim glæsilegu hjólhýsum sem standa í sýningarsal P.Karlssonar ehf. í Kópavogi situr Þrúðmar Karlsson, einn af eigendum fyrirtækisins og segir okkur frá þeim þægindum sem fylgja því að eiga hjólhýsi eða húsbíl.

Lýsandi dæmi um ferðafrelsi er það að geta skotist eftir vinnu á föstudegi út í búð, sett matinn í ísskápinn, rennt af stað í útilegu og beinlínis slappað af strax að akstri loknum. „Þetta er það sem fólk sækist eftir þegar það kaupir sér hjólhýsi eða húsbíl. Að fara úr stressinu og vera komið í afslöppun nánast um leið og búið er að stoppa bílinn,“ segir Þrúðmar sem hefur um sextán ára skeið unnið við sölu og þjónustu á ferðahýsum. Oftar en ekki á fólk skemmtilegustu og eftirminnilegustu minningarnar úr útilegum. „Það er gefandi að eiga þátt í því að skapa þannig stundir.“

### Úr tjaldi í hjólhýsi

Þróunin í ferðahýsum hefur verið mjög hröð undanfarin ár og farið frá tjöldum yfir í tjaldvagna og síðan úr tjaldvögnum yfir fellihýsi. „Flest okkar eru að leita eftir þægindum og sem minnstri fyrirhöfn í fríinu og hjólhýsin og húsbílarnir eru þar fremst í flokki. Ferðafrelsið er það sem gerir þennan ferðamáta svo eftirsóknarverðan, hvort sem fólk ferðast eitt og sér eða saman í hóp. Margir kúnnar eru í góðu sambandi við okkur og hafa lýst yfir ánægju sinni og upplifun eftir góða og skemmtilega ferð.“

### Lengra sumar

Hjólhýsi og húsbílar gera það að verkum að ferðatími fólks lengist, bæði er hægt að fara fyrr af stað á vorin og vera lengur að fram á haust. „Reyndar eru sumir að allan ársins hring og vita ekkert betra en að komast í kyrrð og ró í ferðahýsinu sínu um leið og færi gefst. Þá skiptir öllu máli að vera með góðan vagn eða húsbíl þannig að ferðalagið verði eins skemmtilegt og fyrirhafnarlítið og mögulegt er.“ Þannig er hýsið orðið að sumarbústað á hjólum sem hægt er að elta sólina á og skoða nýtt umhverfi í hverri ferð.

### Þýsk gæðavara

Árið 2011 tók P.Karlsson við umboðinu fyrir þýsku húsbílana og hjólhýsin frá LMC á Íslandi sem þá höfðu ekki verið flutt inn síðan 2008. „Á þeim tíma höfðu orðið miklar breytingar, og þá sérstaklega á innréttingunum sem voru uppfærðar í nútímalegra horf.“ Þá er P.Karlsson einnig söluaðili annarra þekktra merkja eins og McLouis-húsbíla og Elnagh-húsbíla og hjólhýsa ásamt því að selja notaða vagna og bíla.

### Fjölbreyttar útfærslur

P.Karlsson býður upp á 32 útfærslur af hjólhýsum í þremur flokkum; Musica, Maestro og Scandica en það eru margar stærðir sem fólk getur valið um, allt frá Musica 390 D upp í Scandica 735 K. „Flestir ættu að finna útfærslu sem hentar þeirra fjölskyldustærð en fólk þarf einnig að hafa í huga að velja hús sem hentar fyrir bílinn þannig að allt vinni vel saman.“ Húsin eru einstaklega vel búin svo sem best fari um fólk í fríinu. „Heitt og kalt vatn, stórir ísskápar, mikið geymslupláss undir bekkjum og rúmum, glæsilegar innréttingar, eldhús með eldavél, vaski og viftu. Svo getur fólk bætt við aukabúnaði eins og skyggnum, sjónvarpi og fleiru.“



Ferðafrelsið er að sögn Þrúðmars það sem gerir þennan ferðamáta svo eftirsóknarverðan. MYND/GVA

### Samstarf við húsbílaleigu

P.Karlsson hefur stækkað jafnt og þétt frá stofnun og er félagið nú komið í samstarf við McRent, stærstu húsbílaleigu í Evrópu. „McRent Iceland ehf. mun hefja starfsemi 1. maí næstkomandi. Þar verða leigðir út þýskir gæðahúsbílar með öllum borðbúnaði og aukabúnaði, svo sem bakkmyndavél, skyggni og fleiru. Bílarnir eru því fullbúnir í ferðalagið. Áætlað er að nokkrir bílanna verði svo seldir tveggja ára gamlir á almennum markaði. Þá verða í boði tveggja ára gamlir húsbílar á frábæru verði hjá okkur.“

Í glæsilegum sýningarsal P.Karlssonar að Ögurhvarfi 2 er hægt að skoða úrval hjólhýsa. Einnig er að finna myndir og teikningar af þeim inni á heimasíðunni www.pkarlsson.is.

P. KARLSSON EHF.

LMC

# Rómantískar vetrarstundir í hjólhýsi

Olga E. Ágústsdóttir og eiginmaður hennar, Aðalsteinn Böðvarsson, festu kaup á hjólhýsi í hjólhýsagarði á Suðurlandi fyrir ári. Þar hafa þau dvalið flestar helgar síðan og skilja ekkert í því að hafa ekki látið verða af þessum draumi fyrr enda segja þau félagsskapinn yndislegan. Þau víla ekki fyrir sér að dvelja í húsinu á veturna enda sé það afar rómantískt.

Segja má að Olga og Aðalsteinn hafi eignast nýtt líf þegar þau fjárfestu í hjólhýsi í hjólhýsagarði fyrir ári. „Við vorum þarna nánast allar helgar í sumar enda vorum við heppin með veður, yfirleitt 20 stiga hiti og sól fyrir utan tvær rigningarhelgar," segir Olga sem er himinlifandi yfir nýju híbýlunum. Áður áttu þau fellihýsi en höfðu um nokkurt skeið langað í hjólhýsi eða húsbíl. „Svo vorum við á gangi í hjólhýsahverfi og sáum til sölu hús. Þetta var eitthvað svo kósý og næs að við ákváðum að kýla á það og höfum ekki orðið fyrir vonbrigðum, það er bara æðislegt að vera þarna."

En er eitthvað við að vera í svona hjólhýsagarði? „Það er sko alltaf nóg að gera," svarar Olga og hlær. „Við förum mikið í göngutúra, göngum upp fjallið og tökum tíu til ellefu kílómetra göngur. Svo dyttar maður að í kringum sig, gengur um hverfið og spjallar við fólkið," lýsir hún og bætir við að þau hafi kynnst yndislegu fólki á þessu eina ári. „Við erum til dæmis í skemmtinefnd og þá þarf heilmikið að skipuleggja til dæmis fyrir verslunarmannahelgina," segir hún glöð í bragði.

Er mikill samgangur á milli hjólhýsanna? „Já, en þú situr ekkert uppi með nágrannana," svarar Olga kímin og heldur áfram: „Það er svo skrítið að þó stutt sé á milli hjólhýsanna þá er maður mjög sér. Maður verður ekkert var við fólkið þó það sé við hliðina á manni." Mikill gróður er í garðinum en hjólhýsi Olgu og Aðalsteins stendur hins vegar á fremur beru

> **Mér datt bara ekki í hug að þetta væri svona notalegt.**

svæði. „Við sjáum alla koma og fara. Þeir kalla okkur borgarstjórana þarna því við vitum alltaf hver er á svæðinu," segir Olga hlæjandi.

Þau hjónin láta sér ekki nægja að dvelja í sveitinni á sumrin heldur hafa notað hjólhýsið í vetur líka. „Það er bara rómantískt. Þá er færra fólk á svæðinu en samt eru alltaf einhverjir í fimm til sex húsum. Við förum ekki síður í göngutúra á veturna enda er mikil veðursæld á staðnum," segir Olga. En er ekkert kalt á þeim í hjólhýsinu? „Nei, maður er bara í stuttermabol inni og við þurfum varla að kynda neitt nema á nóttunni," segir hún.

Hjólhýsi Olgu er fest niður og því ferðast þau hjónin ekki með það. Í kringum húsið er sólpallur og þar er skúr, en á sumrin eru þau með fortjald. En væri ekki betra að eiga bara sumarbústað? Því er Olga ekki sammála. „Í hverfinu er fólk sem hefur átt sumarbústað en selt hann til að kaupa hjólhýsi hér. Þannig losnar það við alla garðvinnu og viðhald auk þess sem þetta er mikið ódýrara," útskýrir hún og sér helst eftir því að hafa ekki keypt hjólhýsi fyrr. „Mér datt bara ekki í hug að þetta væri svona notalegt," segir Olga og hlakkar til næstu ára í hjólhýsagarðinum sem hún ætlar að njóta með eiginmanninum og barnabörnunum sem stundum fá að koma með ömmu og afa.



Hjónin nota hjólhýsið sumar jafnt sem vetur.


Olga gæðir sér á dýrindis grillmat enda smakkast allt betur undir beru lofti.



Aðalsteinn slakar á eina kvöldstund í sumar.


Svo útilegurnar geti orðið sem flestar og ánægjulegastar borgar sig að hugsa vel um svefnpokann sinn.
NORDIC PHOTOS/GETTY

## *Góð meðferð svefnpoka tryggir betri endingu*

- Góð meðferð á svefnpoka borgar sig svo hann endist lengur og geri sitt gagn.
- Dúnpoka skal ekki geyma þétt pakkaða í þröngum loftþéttum pokum. Það fer illa með dúninn og dregur úr einangrunargildi hans.
- Best er að geyma svefnpoka í hreinu, loftræstu umhverfi, til dæmis í netapoka.
- Gætið þess að setja pokann ekki rakan ofan í poka þar sem hann gæti þá myglað.
- Óhreinan svefnpoka er gott að þvo í þvottavél, fara í öllu eftir þvottaleiðbeiningum á pokanum og nota þar til gerð þvottaefni.
- Marga svefnpoka má þurrka í þurrkara. Gott er að setja tennisbolta með í þurrkarann til að slá loft aftur í dúninn. Athugið þó að fylgja leiðbeiningum á pokanum varðandi hitastig.
- Til að minnka líkurnar á að pokinn verði óhreinn er ráð að sofa í undirfatnaði ofan í pokanum, eða í innri poka.
- Líkamsfita getur skemmt dún ef hún kemst í snertingu við hann.

# Nýr íslenskur húsbíll

Rótor ehf. sérhæfir sig í vörum og þjónustu tengdum húsvögnum, breytingum og smíði húsbíla og -vagna ásamt sölu þeirra og innflutningi. Nú smíðar Rótor nýja íslenska húsbíla í samstarfi við Reimo, Heklu og Landsbankann.

Rótor ehf. að Helluhrauni 4 í Hafnarfirði er lítið, traust fjölskyldufyrirtæki sem Lárus G. Brandsson hefur stjórnað frá stofnun þess árið 1989 og verður fyrirtækið því 25 ára á næsta ári.

Fagfólk með ríka reynslu og þjónustulund aðstoðar viðskiptavini Rótors jafnt í verslun sem á þjónustuverkstæði og eru vöruverð afar samkeppnishæf, enda flytur fyrirtækið sjálft inn megnið af sínum vörum. Stærstu viðskiptavinahópar fyrirtækisins eru húsvagnasmiðir og félagar húsvagnafélaga.

### Tólf mánaða húsbíll

Rótor býður nú, í samvinnu við Reimo í Þýskalandi, Heklu og Landsbankann, upp á einstakan ferða- og fjölskyldubíl af gerðinni Volkswagen Transporter T5, sem er hannaður af Reimo en útfærður fyrir Ísland af Lárusi sem er bifvélavirkjameistari og með áratuga reynslu í faginu. Rótor sér um að útbúa bílana frá grunni. „Þetta er því nýr íslenskur húsbíll," segir Lárus og bætir við að Rótor sé eina íslenska fyrirtækið sem taki nýja bíla og breyti í húsbíla. „Þetta er í raun tólf mánaða húsbíll sem nýtist til ferðalaga á sumrin og t.d. skíða- og vélsleðaferða á veturna," segir Lárus og bendir á að bílarnir komist inn í flestar bílageymslur því þeir eru undir tveimur metrum á hæð. „Þetta eru jafnframt rúmgóðir fjölskyldubílar og því kjörnir sem annar bíll á heimili."

### Trio Style

Til eru nokkrar gerðir af Reimo-húsbílum. Mesti fjölnotabíllinn er „Trio Style" sem hentar til ferðalaga, búðarferða, í vinnuna, skólann eða til flutninga. „En fyrst og fremst er hann fullbúinn ferðabíll fyrir fjölskylduna," segir Lárus. Einn slíkur er nú í smíðum hjá fyrirtækinu sem sýna á hjá Heklu á bílasýningu nú í maí. Bíllinn verður með innréttingar úr eplaviði, sæti fyrir fimm með þriggja punkta öryggisbeltum, svefnplássi fyrir fjóra, helluborði og vaski undir gleri.

Nánari upplýsingar um bílana og aðra þjónustu Rótors er að finna á www.rotor.is en einnig á Facebooksíðu fyrirtækisins sem er afar virk og vinsæl.


Lárus G. Brandsson bifvélavirkjameistari fyrir framan verslun Rótors, við nýjan VWT5 Trio Style sem er í smíðum hjá fyrirtækinu.
MYND/GVA


Rafn A. Guðjónsson, húsgagnasmiður á þjónustuverkstæði Rótors, að smíða skáp í Hyundai-húsbíl.

# Heimasmíðað háfjallahjólhýsi

**Um mitt ár 2008 fæddist hugmynd hjá Lárusi Rafni Halldórssyni að smíða hjólhýsi að ástralskri fyrirmynd sem myndi þola íslenskar aðstæður. Smíðinni er ekki enn lokið, enda smíðað á kvöldin og um helgar þegar peningar eru afgangs um mánaðamót.**

Lárus hafði verið að skoða áströlsk hjólhýsi þegar hugmyndin kviknaði að því að smíða eitt slíkt fyrir íslenskar aðstæður. „Ég er jeppamaður og hafði til margra ára verið að leita mér að einhverju sem er þægilegra en tjald. Rakst svo á áströlsk hýsi sem kallast teardrop-trailer sem eru pínulitlir vagnar með rúmi sem er hægt að skríða inn í og fá sér blund,“ segir Lárus um upphaf og tilurð háfjallahjólhýsisins sem hann vinnur nú að.

Hjólhýsið er 3,5 metrar á lengd, 1,7 metrar á breidd og 1,6 metrar á hæð, úr stálgrind sem klædd er með ál- og timburplötum. „Það er mun sterkbyggðara en hefðbundin hjólhýsi, er á stórum dekkjum og smíðað til að þola einstaklega erfiðaðar aðstæður. Það er ótrúlega létt og vegur ekki nema um 950 kíló.“

Lárus er enn ekki búinn að klára hýsið en stefnir á það í sumar. „Ég stalst í smá prufuferð í fyrrasumar. Það var mjög hlýtt og gott og maður fann ekki fyrir vindi í því.“ Inni í hýsinu er queen-size rúm og því nóg pláss fyrir par með eitt barn. Þá eru veggirnir einangraðir með 40 millimetra einangrun. „Innréttingarnar eru svipaðar og eru í Econoline-bílunum en ég á eftir að útbúa eldunaraðstöðu og setja gasmiðstöð í hjólhýsið.“

Hugmyndin með smíðinni var að lengja sumarið en Lárus segist þó hafa ferðast minna undanfarin ár af mörgum sökum. „Bæði er orðið dýrt að ferðast vegna olíu- og dekkjakostnaðar og svo eignuðumst við Helga Dröfn Jónsdóttir okkar fyrsta barn í vetur. Þá erum við líka að flytja svo það hefur eðlilega hægt aðeins á smíðinni og ferðalögunum.“ Þegar hjólhýsið verður klárt hefur Lárus planað ferðalag þvert yfir Ísland, frá Reykjavík til Egilsstaða eftir slóðum og línuvegum.

Kostnaðurinn við að smíða svona græju er töluverður og verkefnið er tímafrekt. „Þetta er mikil vinna og ég hef verið á hrakhólum með hýsið. Var með það í geymslu í eitt og hálft ár en nú er ég kominn aftur með húsnæði.“ Lárus er tölvufræðingur og sjálfmenntaður í hjólhýsasmíðum. „Ég hef alla tíð lagað mína jeppa sjálfur og er sjálflærður í rafsuðu. Ég hef þó fengið mikla aðstoð við smíðina á hjólhýsinu frá Guðmundi Höskuldssyni bifreiðasmiði ásamt fleiri góðum félögum.“

Lárus segist hissa á ríkinu sem rukkar 13 prósent aðvinnslugjald af öllu efni sem fer í smíðina og áætlaðri vinnu. „Ég þarf að áætla á mig lágmarksvinnutíma og kaup og taka saman allan efniskostnað. Ofan á það leggur ríkið svo aðvinnslugjöld. Það er ansi furðulegt að vera rukkaður um skatt fyrir áhugamálið sitt og frítíma. Nógu dýrt er þetta samt.“


Háfjallahjólhýsið er sterkbyggðara en hefðbundin hjólhýsi, er á stórum dekkjum og smíðað til að þola einstaklega erfiðaðar aðstæður. Það er ótrúlega létt og vegur ekki nema um 950 kíló.


1 Byrjað á grindinni í þröngu rými.


2 Unnið í hjólabúnaði sem er ansi öflugur.


3 Búið að klæða botngrindina.


4 Komin grind yfir hýsið.


5 Byrjað að innrétta.

## SÆTAR KVÖLDSTUNDIR



**Það er** indælt að stinga sér inn í hlýtt ferðahýsi að kveldi með grillaðan eftirmat til að gæða sér á. Þá er tilvalið að hafa hann á hollustunótum og bera fram grillaðan ananas með kanilsykurssmjöri. Skerið átta sneiðar af ferskum ananas fyrir fjóra. Blandið saman 4 matskeiðum af smjöri, 3 matskeiðum af púðursykri og einni teskeið af kanil og penslið ananassneiðarnar með blöndunni. Grillið á álbakka þar til gyllt og mjúkt og berið fram með ís og karamellu- eða súkkulaðisósu. Gott er að sáldra yfir söxuðum hnetum eða ristuðu kókosmjöli.

## *Dýrasti húsbíllinn*



Dýrasti húsbíll veraldar er Vantare Platinum Plus sem kostar rúmlega 300 milljónir króna. Húsbíllinn er eðli málsins samkvæmt hinn glæsilegasti enda hefur hann viðurnefnið „Beverly Hills mansion on wheels“ ytra. Inngangurinn skartar tröppum úr fágætum Inka-marmara og innréttingar húsbílsins einkennast að mestu leyti af ítölsk gæðaleðri, kristal og glæsilegum viði.

Stofan í húsbílnum inniheldur ítölsk glæsihúsgögn og þar má meðal annars finna vínskáp með sérhönnuð vínglösum eftir hönnuðinn Michael Weems og karöflu frá Neiman Marcus.

Auðvitað fylgir húsbílnum flatskjár. Hann stendur við hjónarúmið en hægt er að færa hann með einu handtaki niður í gólfið þegar hann er ekki í notkun.

Einnig má finna glæsilega innréttaðan eldhúskrók í bílnum en þótt húsbíllinn sé dýr fylgir kokkur ekki með í kaupunum.

Rúsínan í pylsuendanum er svo hólf milli fram- og afturdekkja bílsins þar sem hægt er að koma fyrir litlum sportbíl enda er ekki létt verk að skjótast á ströndina eða út í búð á svo stórum og miklum bíl. Bensíntankur húsbílsins tekur 890 lítra af bensíni þannig að bílstjórinn þarf ekki að stoppa á mörgum bensínstöðvum á ferðalaginu.



## KEMUR Á ÓVART

Rockford-Fosgate hljóðkerfi 650 vött - öflugt og hljómgott

Aftursæti á brautum og góð þriðja sætaröð

- Lágstemmd innrétting
- Mikið veg- og vélarhljóð
- Akstureiginleikar

- Mikið rými
- Há sætisstaða
- 7 sæti sem valkostur



Gott aðgengi að skottrými og mikið pláss.







**LÁTLAUS INNRÉTTING**
**Aðgerðastýri og snertiskjár lyfta upp innréttingunni.**

**FLIPASKIPTING**
**Skemmtilegt leiktæki en sjaldan notuð í venjulegum akstri.**

**STÓRT SKOTT**
**Með eitt stærsta skottið meðal jepplinga.**



Ríkir Rússar ferðast um í lúxusinnréttuðum sjúkrabílum.

# Ferðast um á fals-sjúkrabílum

Hver hefur ekki oft óskað sér í þungri umferð, þar sem ekkert gengur að komast áfram, að setja bara upp blikkandi ljós, kveikja á sírenunni og láta alla aðra víkja fyrir sér. Sem betur fer er þetta ekki hægt víða, en þetta er greinilega hægt í Rússlandi, hvar annars staðar. Þar leigja ofurríkir Rússar sér bíla sem gerðir hafa verið eins að útliti og venjulegir sjúkrabílar. Vegna þessa hafa lögreglumenn verið beðnir að rannsaka sjúkrabíla á götum Moskvu með reglulegum hætti til að stöðva þessa starfsemi. Þessir fals-sjúkrabílar eru alls ekki ódýrir í leigu og kosta 200 dollara á hvern klukkutíma, eða um 25.000 krónur. Það þarf þó ekki að sitja í sjúkrabörum eða á bekkjum í bílnum því þeir hafa verið útbúnir eins og sannir lúxusbílar svo leigjendur þeirra geti borðað kavíarinn sinn og drukkið kampavín með í eðlilegu umhverfi.

## Hennessey Ford GT nær 430 km hraða

Texas Mile-keppnin er sannarlega hátíð hraðans og er haldin annaðhvort ár í litlum bæ rétt norður af Corpus Christi í Texas. Þar var í síðustu viku sett enn eitt hraðametið er Hennessey Ford GT náði 430 kílómetra hraða. Síðast í haust náði þessi sami bíll 424 km hraða og bætti þá að sjálfsögðu eigið met sem var 415. En hvernig ætli slíkur bíll sé búinn? Hann er með 5,7 lítra V8-vél með tveimur forþjöppum og brennir 117 oktana bensíni, sem aðeins er notað á keppnisbíla.





SIMPLY CLEVER

ŠKODA




Láttu þér líða vel. **ŠKODA Rapid** er nýr og glæsilega hannaður fjölskyldubíll frá **ŠKODA** sem uppfyllir kröfur þeirra sem vilja gott innanrými og mikil þægindi fyrir fjölskylduna. Heildarlengd **Rapid** er 4,48 metrar, haganleg hönnun gefur gott rými fyrir fimm farþega og farangursrýmið rúmar 550 lítra sem er með því besta sem gerist í þessum stærðarflokki.

Komdu við í HEKLU eða hjá umboðsmönnum um allt land og reynsluaktu nýjum og frábærum **ŠKODA Rapid.**

**Velkomin í reynsluakstur á frábærum fjölskyldubíl**

Nýr ŠKODA Rapid kostar aðeins frá:

**3.090.000,-**

m.v. ŠKODA Rapid Ambition 1.2TSI, 86 hestöfl, beinskiptur.

4,2 — Eyðsla frá 4,2 l/100 km

114g — $CO_2$ frá 114 g/km

ÖRYGGI — 5 stjörnur í árekstrarprófunum EuroNcap

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

## tilkynningar

### Mýrdalshreppurskipulags – og byggingarfulltrúi

### Auglýsing um skipulagsmál í Mýrdalshreppi

*Í samræmi við 1.mgr.41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi skipulagstillögur.*

**Hjörleifshöfði**

Deiliskipulagið nær yfir um 1,8 ha svæðið við Hjörleifshöfða að vestanverðu. Um er að ræða lagningu vegar að afmörkuðu bílastæði ásamt gerð áningarstaðar með upplýsingaskiltum. Áningarstaðurinn markar upphaf gönguleiðar á Höfðann.

**Klettsvegur 1**

Deiliskipulagið nær yfir um 2 ha svæði við Klettsveg í Vík í Mýrdalshreppi. Í skipulaginu felst að lóðirnar Klettvegur 1 og Klettsvegur 3 verða sameinaðar í eina lóð. Auk þess er stofnuð lóðin Klettsvegur 2 sem ætluð er undir bílastæði fyrir hótel og aðra þjónustu á svæðinu. Byggingareitur lóðarinnar er stækkaður m.t.t viðbyggingar við núverandi hótel.

Tillögur þessar liggja frammi hjá fulltrúa skipulags- og byggingamála í Mýrdalshreppi, Austurvegi 17, 870 Vík og á heimasíðu Mýrdalshrepps www.vik.is. Frá 3.apríl til og með 15.maí. Athugasemdafrestur við tillögu þessa er til 16:00, miðvikudaginn 15.maí. Athugasemdum ef einhverjar eru skal skila skriflega á skrifstofu Mýrdalshrepps, Austurvegi 17, 870 Vík Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögurnar tejast samþykkir þeim.

Fh.Byggingafulltrúa
**Vigfús Þór Hróbjartsson**
**Fulltrúi á sviði skipulags-og byggingarmála**
**Mýrdals- og Skaftárhreppi**

### Auglýsing atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um veitingu leyfa til hrefnuveiða árið 2013

Með auglýsingu þessari vill ráðuneytið gefa aðilum kost á að sækja um leyfi til hrefnuveiða en skilyrði fyrir veitingu leyfanna koma fram í reglugerð nr. 359/2009 um breytingu á reglugerð nr. 163 30. maí 1973, um hvalveiðar.
Skilyrði fyrir veitingu leyfa til hrefnuveiða eru eftirfarandi:

1. Að minnsta kosti einn úr áhöfn hafi reynslu af hrefnuveiðum. Við mat á því hvort aðili hafi reynslu af hrefnuveiðum er sú krafa gerð að aðili hafi a.m.k. verið samfellt í þrjá mánuði skytta á hrefnuveiðibát. Heimilt er Fiskistofu að meta jafngilda annarskonar reynslu eða þekkingu svo að hún fullnægi áskilnaði skv. þessari grein.
2. Skyttur sem annast veiðar og aflífun dýra skulu hafa sótt viðurkennt námskeið í meðferð skutulbyssa og sprengiskutla og í aflífunaraðferðum við hvalveiðar. Auk þessa skal skytta hafa fullnægjandi skotvopnaleyfi.

Þá er kveðið á um veiðiaðferðir og veiðibúnað sem skip sem ætluð eru til hrefnuveiða skulu vera búin í reglugerð nr. 359/2009 um breytingu á reglugerð nr. 163 30. maí 1973, um hvalveiðar með síðari breytingum.

Umsóknir um leyfi til hrefnuveiða skulu sendar atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Skúlagötu 4, 150 Reykjavík. Frestur til að skila inn umsóknum rennur út þann 12. apríl 2013.

Skipulags stofnun

### Efnistaka úr landi Skúta Hörgársveit

**Mat á umhverfisáhrifum - athugun Skipulagsstofnunar**

Skútaberg ehf. hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um efnistöku í landi Skúta, Hörgársveit.
Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 27. mars til 8. maí 2013 á eftirtöldum stöðum: Á skrifstofu Hörgársveitar, í Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á heimasíðu Environice:www.umis.is.

Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 8. maí 2013 til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þar fást ennfremur nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum.

Birt samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 m.s.b.

***Skipulagsstofnun***

## atvinna

### Kennarar einstakt tækifæri

**Óskar þú eftir rólegu og fjölskylduvænu umhverfi?**

Í Trékyllisvík á Ströndum er lítill skóli sem heitir Finnbogastaðaskóli. Hann er fámennasti skóli landsins, en margur er knár þótt hann sé smár. Skólinn hefur allt til að bera sem prýða má einn skóla, en vantar kennara í fullt starf frá 1. ágúst 2013. Ódýr, stór og góð íbúð til staðar á skólalóð. Sláðu til, hringdu í Elísu skólastjóra í síma 4514032 /5877419 finnbs@ismennt.is eða Oddnýju oddvita í síma 4514001 arneshr@simnet.is fyrir 8. apríl.

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

### Sumarstörf hjá Hafnarfjarðarbæ 2013

**Vinnuskólinn og Umhverfi og framkvæmdir í Hafnarfirði óska eftir að ráða starfsfólk til sumarstarfa.**

Eftirfarandi störf eru í boði:
**Flokksstjórar í Vinnuskóla**
**Leiðbeinendur á íþrótta- og leikjanámskeiðum**
**Leiðbeinendur í skólagörðum**
**Leiðbeinendur á gæsluvöllum**

*Lágmarksaldur umsækjenda um þessi störf er 21 ár (fæddir 1992)*

**Í fegrunarflokki (blómaflokki)**
**Í sláttuflokki**
**Í viðhaldsflokki**
**Aðstoðarleiðbeinendur á íþrótta- og leikjanámskeiðum**
**Aðstoðarleiðbeinendur í skólagörðum**
**Aðstoðarleiðbeinendur á gæsluvöllum**

*Aldur umsækjenda um þessi störf er 17 – 20 ára (fæddir 1993 – 1996).*

Í flestum tilvikum er vinnutímabilið 6 – 7 vikur. Fjöldi vinnustunda í viku getur verið breytilegur eftir árgöngum.

Sótt er um sumarstörf rafrænt á www.hafnarfjordur.is.

**Ath. að umsóknarfrestur er til 12. apríl. Ekki er tekið á móti umsóknum eftir þann tíma.**

Fyrirspurnir má senda á netföngin vinnuskoli@hafnarfjordur.is og gardyrkja@hafnarfjordur.is

## KEYPT & SELT

### Til sölu



**FERMINGARGJAFIR Í ÚRVALI**
Fjarstýrðar þyrlur með eða án myndavélar, bílar, skip, plastmódel og mfl. Verslun í Glæsibæ Tactical Sími 517-8878.

**ÓDÝR HEIMILSTÆKI**
Þvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. Ábyrgð fylgir. S. 845 5976.

### Óskast keypt

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

### Verslun



**NÝ SKEMMTILEG SENDING**
Vinsælasta unaðsvara heims We-Vibe II og III, Butt plugs, S&M ástarkúlur, egg o.fl. Sendum um allt land - tökum við millifærslu og greiðslukorti www.hush.is




## HEILSA

### Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

### Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

### Þjónusta



Dóra Dröfn Skúladóttir hjúkrunarfræðingur hefur opnað samtalsmeðferðarstofu að Skipholti 50b. Með Diploma í Hugrænni atferlismeðferð. Viðtalspantanir alla daga í S. 841-7010. hamir@simnet.is.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

Falleg 90 fm íbúð til leigu í 109. Leigist á 80 þ. Laus um mánaðarmótin. Uppl. í s. 692 3002.

### Sumarbústaðir

Skoða og verðmet um páskana. Uppl. Jón Rafn Lögg. fasteignasali hjá Valhöll. S: 695-5520. Mikil sala.

### Atvinnuhúsnæði

Til leigu ca.85fm iðnaðarhúsnæði við Dalveg í Kópav. Uppl. e. kl. 17 s. 893 3475.

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## ATVINNA

### Atvinna í boði

**HÁRSNYRTISTOFA**
Hárgreiðslumeistari/atvinnutækifæri. Til leigu stóll. Áhugasamir sendið umsóknir á thjonusta@365.is

Óskum eftir smiðum, vönum mótauppslætti framtíðarstarf í boði. S. 691 8907.

**FISKMARKAÐUR GRÍMSEYJAR.**
Óskar eftir starfsfólki. Hafið samband í s. 467 3119 eða á sveinagardar@simnet.is

### Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta**
**S. 661 7000.**
**Proventus.is**



GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

# FINLUX SJÓNVÖRP

## GÆÐI Á GÓÐU VERÐI




**FINLUX**

**Finlux 32FLY132B**
Einfalt og gott 32" LCD sjónvarp með 1366x768p upplausn, progressive scan og stafrænum DVB-T móttakara. Innbyggður margmiðlunarspilari. Vel tengjum búið með HDMI, USB, Digital Coax, VGA, Heyrnartólstengi og CI rauf fyrir afruglarakort.

**69.990**




FÆST EINNIG MEÐ DVD Á 54.990

**FINLUX**

**Finlux 22FLHS910**
Örþunnt 22" LED sjónvarp með 1366x768p upplausn og stafrænum DVB-T móttakara. 12/220v og hentar því vel í ferðalagið. Innbyggður margmiðlunarspilari. Vel tengjum búið með HDMI, USB, Digital Coax, VGA, Heyrnartólstengi og CI rauf fyrir afruglarakort.

**49.990**




**FINLUX**

**Finlux 40FLHY930**
Einfalt og gott 40" háskerpu LCD sjónvarp með 1920x1080p upplausn, progressive scan og stafrænum DVB-T móttakara. Innbyggður margmiðlunarspilari. Vel tengjum búið með 2xHDMI, 2xUSB, Digital Coax, VGA, Heyrnartólstengi og CI rauf fyrir afruglarakort.

**99.990**




**FINLUX**

**Finlux 42FLSY930LHC**
Örþunnt 42" háskerpu LED sjónvarp með 1920x1080p upplausn, 100Hz, progressive scan og stafrænum DVB-T2/DVB-C móttakara. Innbyggður margmiðlunarspilari. Vel tengjum búið með 4xHDMI, 2xUSB, Digital Coax, VGA, Heyrnartólstengi og CI rauf fyrir afruglarakort.

**129.990**

# Sjónvarpsmiðstöðin

FINLUX

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

# Hreinsunarátak við Miðjarðarhaf í bígerð

Tómas J. Knútsson, forsprakki Bláa hersins, vinnur nú að því að setja hreinsunarátak á laggirnar sem hefur það að markmiði að hreinsa strendur Miðjarðarhafsins.



**TÓMAS J. KNÚTSSON** Undirbýr hreinsun Miðjarðarhafsstranda. MYND /HILMAR BRAGI BÁRÐARSON

Tómas J. Knútsson kafari hefur barist fyrir því um árabil að strendur landsins séu hreinsaðar og tekið þátt því sjálfur. Nú hefur hann fært úr kvíarnar og er kominn í undirbúningshóp frjálsra félagasamtaka sem ætla að standa fyrir hreinsunarátaki við strendur Miðjarðarhafsins.

„Það var þannig mál með vexti að ég flutti fyrirlestur um Bláa herinn á ráðstefnu samtakanna Lets do it! sem haldin var í Lettlandi. Þegar ég var búinn að segja þeim frá starfinu hér og kynna Ísland fyrir þeim var ég beðinn um að koma í undirbúningshóp átaks sem hefur það að markmiði að virkja íbúa í löndunum sem umkringja Miðjarðarhafið,“ segir Tómas, sem fékk það hlutverk að tengja Lets do it! og kafarasamtökin Padi. „Við stefnum á það að halda aðalhreinsunardag í september og vonandi gengur það eftir.“

Tómas hefur lengi haft áhuga á umhverfismálum. „Ég rak köfunarfyrirtæki um tíma og ofbauð ruslið neðansjávar. Loks tók ég af skarið og stóð fyrir hreinsunarátaki sjálfur og sú vinna vatt upp á sig.

Bæði fékk ég til liðs við mig fólk til að taka þátt í hreinsun stranda hér á landi og svo hef ég verið iðinn við það að minna sveitarfélögin á skyldu sína gagnvart umhverfinu. Og það er ekki hægt að segja annað en að þau hér á Reykjanesi hafi sýnt mér mikinn skilning,“ segir Tómas sem býr í Sandgerði. - sbt

## Blái herinn 18 ára

Félagasamtökin Blái herinn sem Tómas J. Knútsson stofnaði árið 1995 hefur sinnt margvíslegum umhverfisverkefnum. Meðal annars:

- Skipulagt og framkvæmt yfir 80 hreinsunarverkefni í nokkrum sveitarfélögum á landinu.
- Tekið þátt í nokkrum tugum fyrirlestra um umhverfismál.
- Heimsótt tugi leikskóla, grunnskóla og fjölbrautarskóla og haldið bæði fyrirlestra og sýnt sjávardýr til fróðleiks fyrir yngstu kynslóðirnar.
- Rætt við alla umhverfisráðherra frá því að embættið var stofnað og barist fyrir grænni byltingu og sjálfbærni á Íslandi.
- Hreinsað yfir 1000 tonn af alls kyns rusli og drasli úr umhverfi okkar, aðallega sjávarströndinni, opnum svæðum og höfnum landsins. Þar af eru um 100 tonn af rafgeymum sem safnað hefur verið og lágu bak við verkstæði,úti í móa eða annars staðar (888 tonn af 1.000 tonnum koma úr landi Reykjanesbæjar).
- Komið því til leiðar að nokkur verkstæði safna nú rafgeymum í viðurkennd ílát frekar en að rafgeymar liggi eins og hráviði um allar trissur.
- Hefur hreinsað af hafsbotni yfir 300 dekk og 100 rafgeyma.

**Heimild:** blaiherinn.is

---

†



Innlegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar

**HELGA JÓNSSONAR**
**frá Reykjanesi,**
**Hlíðarvegi 29, Kópavogi.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks líknardeildar Landspítalans fyrir kærleiksríka og góða umönnun.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**María Jónsdóttir**
**María Haraldsdóttir**
**Sigurlaug E. Rögvaldsdóttir**

---

†



Þökkum af alhug alla hlýju og vináttu við

**HALLDÓR ÓLAFSSON**

og okkur fjölskylduna. Sérstakar þakkir til starfsfólks á deild 13G á Landspítalanum og vina og ættingja er heimsóttu hann.
Guð blessi ykkur öll.

**Erla Björgvinsdóttir**
**Hildur Halldórsdóttir** — **Jónas Kristjánsson**
**Ólafur Brynjar Halldórsson**
**Halldór Jónasson** — **Helga Jónasdóttir**

---

†



Okkar ástkæri sonur, bróðir, mágur, frændi og vinur,

**ÖRVAR ARNARSON**
**Kambaseli 53, Reykjavík,**

lést af slysförum í Flórída, laugardaginn 23. mars. Útförin verður auglýst síðar.

**Örn Karlsson** — **Ingibjörg Ósk Óladóttir**
**Ingólfur Arnarson** — **Áslaug Harðardóttir**
**Þórhalla Arnardóttir** — **Kolbeinn Guðjónsson**
**og systkinabörn.**

---

†



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**SVEINBJÖRN EINARSSON**
**fyrrverandi kennari, Hjarðarhaga 26,**

lést föstudaginn 22. mars. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 3. apríl, klukkan 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð Sigurlaugar Margrétar Pétursdóttur, reikn. 512-14-401370, kt. 530511-0140.

**Hulda Hjörleifsdóttir**
**Ingveldur Sveinbjörnsdóttir** — **Jón Sigurðsson**
**Hjörleifur Sveinbjörnsson** — **Ingibjörg Sólrún Gísladóttir**
**Ágústa Sveinbjörnsdóttir** — **Magnús S. Magnússon**
**Árný Erla Sveinbjörnsdóttir** — **Össur Skarphéðinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUÐNI EINAR GESTSSON**
**Hlaðbæ 10, Reykjavík,**

andaðist á líknardeildinni í Kópavogi 11. mars. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Guðbjörg Margrét Sigurðardóttir**
**Jóhannes Guðnason** — **Sigríður Sigurðardóttir**
**Guðmundur Hákon Guðnason** — **Guðrún Sigurbjörg Guðmundsdóttir**
**Egill Guðnason**
**Sjöfn Guðnadóttir** — **Snorri Hermannsson**
**Stefanía Hrönn Guðnadóttir**
**afabörn og langafabörn.**

---

†



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**MAGNEA HALLDÓRSDÓTTIR**
**Bragagötu 29,**

lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund 23. mars sl. Hún verður jarðsungin frá Hallgrímskirkju í Reykjavík miðvikudaginn 27. mars kl. 15.00. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Kvæðamannfélagið Iðunni.

**Reynir Grímsson** — **Kari Grimsby**
**Lárus Halldór Grímsson**
**Bára Grímsdóttir** — **Chris Foster**
**Helgi Grímsson** — **Sigrún Sigurðardóttir**
**Guðrún Sesselja Grímsdóttir** — **Hermann Sæmundsson**
**og barnabörn.**

---

†



Kærar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**FRIÐLEIFS JÓHANNSSONAR.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á deild L-2 á Landakotsspítala fyrir frábæra umönnun og hlýja nærveru sem hann varð aðnjótandi á meðan hann dvaldi þar.

**Snjólaug Sigurðardóttir**
**Jóhann Sveinn Friðleifsson** — **Íris Stefánsdóttir**
**Sigurður Ingi Friðleifsson** — **Brynhildur Bjarnadóttir**
**og barnabörn.**

---

†



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug og samúð vegna andláts og útfarar elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og systur,

**BJARKAR KRISTINSDÓTTUR**
**Þorláksgeisla 27, Reykjavík.**

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki á kvenlækningadeild 21A fyrir einstaka alúð og umhyggju.

**Þröstur Þorvaldsson**
**Kristinn Andri Þrastarsson** — **Dagný Ingadóttir**
**Sólveig Þrastardóttir** — **Grétar Þór Sæþórsson**
**barnabörn og systkini.**

---

†



Ástkær eiginkona mín, móðir og amma,

**AUÐUR GARÐARSDÓTTIR**
**Bárugötu 35, Reykjavík,**

verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík í dag, þriðjudaginn 26. mars, kl.15.00.

**Jóhannes Bergsveinsson**
**börn og barnabörn..**

---

†



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÁSLAUG JÓNSDÓTTIR**
**forvörður,**
**Austurbrún 2,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni 22. mars sl. Jarðarförin auglýst síðar.

**Sigurjón Þ. Ásgeirsson**
**Hlynur V. Ásgeirsson** — **Patricia Bono**
**Þórunn H. Óskarsdóttir** — **Sigurður A. Jónsson**
**Hrafnkell S. Óskarsson** — **Arndís Hulduddóttir**
**Margrét L. Óskarsdóttir** — **Rúnar Salvarsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---

†



Þökkum innilega auðsýnda samúð og vináttu við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**HILMARS KRISTJÁNS BJÖRGVINSSONAR**
**lögmanns og fv. forstjóra**
**Innheimtustofnunar sveitarfélaga,**
**Fögrubrekku 27, Kópavogi.**

**Rannveig Haraldsdóttir**
**Haraldur Arason** — **Helen Hreiðarsdóttir**
**Björn Stefán Hilmarsson** — **Laufey Fjóla Hermannsdóttir**
**Valdimar Héðinn Hilmarsson**
**barnabörn og langafabörn.**

---

Vegna útfarar **Unnar Benediktsdóttur** verða **Meba/Rhodium í Kringlunni og Smáralind** lokaðar í dag 26. mars frá kl. 12-15.

---


*Fjölbreytt úrval legsteina*
*Frí áletrun og uppsetning*

Sjá nánar á granithollin.is sími 555 38 88
Bæjarhrauni 26 (á móti Fjarðarkaupum)



Graníthöllin
*Bæjarhrauni 26 - 220 Hafnarfirði*
*www.granithollin.is*
*Sími 555 38 88*

# NÓATÚN

Við gerum meira fyrir þig




**Úrbeinað lambalæri fyllt með sveppum og camembert**

**2598 kr./kg**

Verð áður: ~~2898 kr./kg~~



H&G veislusalat, 100 g

**459 kr./pk.**

~~578 kr./pk.~~

20% afsláttur



Jarðarber í boxi, 250 g

**349 kr./pk.**

~~499 kr./pk.~~

30% afsláttur



Ferskur ananas

**279 kr./kg**

~~379 kr./kg~~

25% afsláttur




Baguette

**179 kr./stk.**

~~279 kr./stk.~~

35% afsláttur




Egils malt og appelsín, 0,5 lítrar

**179 kr./stk.**

~~189 kr./stk.~~




Páskaegg í úrvali




Lambafille með fiturönd **3958 kr./kg** ~~4398 kr./kg~~




Lambalæri af nýslátruðu **1698 kr./kg**



15% afsláttur

Ísfugl, ferskar kalkúnabringur **2898 kr./kg** ~~3498 kr./kg~~



Kalkúnn, ferskur **1898 kr./kg**

## Opnunartími yfir páskana

| | Skírdagur 28. mars | Föstud.langi 29. mars | Laugardagur 30. mars | Páskadagur 31. mars | Annar í páskum 1. apríl |
|---|---|---|---|---|---|
| Grafarholt | 8 - 24 | Lokað | 8 - 24 | Lokað | 8 - 24 |
| Hringbraut | 8 - 24 | Lokað | 8 - 24 | Lokað | 8 - 24 |
| Austurver | 8 - 24 | 8 - 24 | 8 - 24 | 8 - 24 | 8 - 24 |
| Nóatún 17 | 8 - 24 | 8 - 24 | 8 - 24 | 8 - 24 | 8 - 24 |
| Hamraborg | 8 - 24 | 8 - 24 | 8 - 24 | 8 - 24 | 8 - 24 |

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

EXPO • www.expo.is

# NÓATÚN

Hamraborg – Nóatún 17 – Hringbraut – Austurver – Grafarholt

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** lítill, **6.** tveir eins, **8.** kk. nafn, **9.** fuglahljóð, **11.** verslun, **12.** ávítur, **14.** ofsareiður, **16.** komast, **17.** sjáðu, **18.** hnoðað, **20.** frá, **21.** skjóla.

**LÓÐRÉTT**
**1.** skrifa, **3.** skóli, **4.** fljótsbakka, **5.** bók, **7.** fífla, **10.** erfiði, **13.** stígandi, **15.** skúr, **16.** gogg, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** smár, **6.** kk, **8.** ari, **9.** rop, **11.** bt, **12.** ákúra, **14.** klikk, **16.** ná, **17.** sko, **18.** elt, **20.** af, **21.** fata.
**LÓÐRÉTT: 1.** skrá, **3.** ma, **4.** árbakka, **5.** rit, **7.** kokkála, **10.** púl, **13.** ris, **15.** kofi, **16.** nef, **19.** tt.


BRÚÐKAUPSBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS
KEMUR ÚT MIÐVIKUDAGINN 27. MARS



Meðal efnis í blaðinu eru siðir og venjur, veislumatur, förðun, brúðkaupsmyndir ásamt ýmsu skemmtilegu tengdu brúðkaupinu.

Tryggið ykkur pláss sem allra fyrst.

FRÉTTABLAÐIÐ
Umsjón auglýsinga í Brúðkaupsblaðið eru:
Elsa • s: 512-5427 • elsaj@365.is
Jóna María • s: 512-5473 • jmh@365.is







GRÍÐARLEGT ÚRVAL AF RÚMUM FYRIR HUNDA.

TAKMARKAÐ MAGN Í GERÐ.

GÆÐIN SKIPTA MÁLI
DÝRARÍKIÐ
Holtagörðum ... fyrir dýravini
Stærsta og skemmtilegasta gæludýraverslun landsins S: 568 66 68 Opið 11-18 virka daga / 12-18 um helgar


# Kurteisar aðvaranir

**BAKÞANKAR**
Álfrúnar Pálsdóttur



Í síðustu viku eyddi ég nokkrum afbragðsgóðum túristadögum í Skotlandi. Það er nú varla í frásögur færandi nema fyrir þær sakir að Skotland kom mér skemmtilega á óvart. Ég sá ekki einn einasta mann í skotapilsi en bruggaði mitt eigið viskí. Ég fékk að fylgjast með landsliðsæfingu Skota í knattspyrnu. Mér var sagt að þeir væru eins og við, vanari að tapa en vinna landsleiki. Þrátt fyrir að taka á móti mér með hvítum snjóflygsum og köldu roki þegar ég bjóst við að vera á leiðinni í smá vorstemningu náðu Skotarnir sjálfir að hlýja mér með almennilegheitum. Glaðlyndir og kurteisir upp til hópa, eiginlega þannig að kaldi Íslendingurinn vissi ekki hvernig við ætti að bregðast á köflum.

**BÚÐASTARFSMENN** tóku á móti mér með bros á vör og splæstu iðulega í kveðjuna „Sæl góða mín, hvernig hefurðu það í dag?“ Þegar fullkomlega ókunnugur einstaklingur vill vita hvernig þér líður er ekki annað hægt en svara með góðu brosi og jákvæðnina að vopni. Götusalinn á horninu vinkaði og brosti án þess að reyna að selja mér eintak, þrátt fyrir bítandi kuldann í gráum hversdeginum.

**MERKILEGUST** þótti mér samt skiltamenningin í Skotlandi. Aðvörunarskilti eru einstaklega kurteisleg og gildir þá einu hverju þeim er ætlað að banna. Hver mundi voga sér að kveikja sér í sígarettu inni í leigubíl þegar búið er að koma notalegu skilti fyrir við hurðina þar sem stendur „Okkur þætti vænt um ef farþegar myndu láta það vera að kveikja sér í sígarettu í þessum bíl. Takk kærlega fyrir.“ Í lyftunni á hótelinu var svipað skilti sem greindi frá því að reykingar innan veggja hótelsins væru ekki leyfðar, nema viðkomandi vildi borga mörg pund fyrir. „Við minnum á að ef þú kveikir þér í sígarettu inni á hótelinu gæti það orðið dýrasta sígaretta lífs þíns því þá neyðumst við til að rukka þig um 150 pund. Það er því best fyrir þig að láta það vera.“

**ÓSJÁLFRÁTT** fór ég að hugsa um aðvörunarskiltin hérna heima og áttaði mig á því að þau búa öll yfir frekjulegum undirtóni miðað við vinalegu skosku skiltin. „Reykingar bannaðar.“ „Bannað að leggja.“ „Akstur bannaður.“ „Slökktu á farsímanum.“ Miðað við skosku skiltin, sem eru eiginlega eins og vinsamleg tilmæli, verða íslensku skiltin bara að leiðinlegum skipunum þegar þau eru lesin upphátt. Kannski færri myndu stelast til að leggja í fatlaðrastæði við Kringluna ef skilaboðin væru á þessa leið: „Kæri viðskiptavinur, okkur þætti vænt um að þú sýndir þá kurteisi að skilja þetta stæði eftir fyrir þá sem þurfa á því að halda, enda er styttra að innganginum héðan. Takk kærlega fyrir hugulsemina.“

## MYNDASÖGUR

### PONDUS
Eftir Frode Øverli




### GELGJAN
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### HANDAN VIÐ HORNIÐ
Eftir Tony Lopes




### BARNALÁN
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# PÁSKAKILJURNAR




**GEIM**

„... spennandi og skemmtileg.“
Friðrika Benónýsdóttir / Fréttablaðið




**ÚLFSHJARTA**

„Ást, spenna og drama …
Hvað þarftu meir?“
Blær Bjarkardóttir




**SVIFFLUG**

★★★★
Algemeen Dagblad



**SUMAR ÁN KARLMANNA**

„... þetta er mjög flinkur höfundur!“
Egill Helgason / Kiljan




**ÚTLAGI**

★★★★
Friðrika Benónýsdóttir / Fréttablaðið




**VERNDARENGLAR**

„Hrikalega spennandi saga ...“
Gefle Dagblad

FORLAGIÐ

*www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu*



**SÖNGFUGLAR** Jana María flytur íslensk uppáhaldslög á Café Rosenberg í kvöld. MYND: HEIÐA.IS

## Söngfuglar á Rosenberg

„Það var dálítið erfitt að velja uppáhaldslög úr þessu fimm kvölda prógrammi frá í fyrra, en við erum búin að komast að niðurstöðu og setja saman rosa flott prógramm,“ segir söngkonan Jana María um dagskrá tónleika sinna á Café Rosenberg í kvöld.

Prógrammið sem Jana María er að vísa til var tónleikaröð í Salnum í fyrravetur undir nafninu Söngfuglar en þar voru flutt þekktustu lög íslenskra dægurlagasöngvara. Jana María flutti ásamt Ívari Helgasyni og hljómsveit.

Meðal flytjenda sem verður fjallað um í kvöld eru: Ellý Vilhjálms, Ingibjörg Þorbergs, Helena Eyjólfs, Sigrún Jóns, Haukur Morthens, Alfreð Clausen, Vilhjálmur Vilhjálmsson og Óðinn Valdimarsson. „Ívar er reyndar ekki með mér núna, ég verð bara ein, en það er aldrei að vita nema óvæntir leynigestir skjóti upp kollinum á tónleikunum,“ segir Jana María.

Tónleikarnir hefjast klukkan 21 og kostar 2.000 krónur inn. - fsb



**ELSA WAAGE** Músíkin þyrfti að vera ókeypis fyrir alla sem oftast,“ segir hún.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

➜ Wagner var frægur fyrir að pota í eiginkonur bestu vina sinna. Mathilde Wesendonck var ein þeirra, hann skrifaði þessa tónlist henni til heiðurs.

# Falleg og tilfinningaþrungin ljóð

Elsa Waage mezzosópran syngur rómantísk ljóð í Hörpu í dag klukkan 12.15. Aðgangur er ókeypis í boði Íslensku óperunnar.

„Þetta eru Wesendonck-söngvar Wagners sem ég ætla að syngja við undirleik Antoníu Hevesi píanóleikara. Afskaplega falleg ljóð og tilfinningarík,“ segir Elsa Waage mezzosópran, spurð út í efnisskrá hádegistónleikanna í dag í Norðurljósasal Hörpu. Hún segir söngvaflokkinn eitt þekktasta tónverk Wagners fyrir utan óperurnar. „Wagner var frægur fyrir að pota í eiginkonur bestu vina sinna. Mathilde Wesendonck var ein þeirra, hann skrifaði þessa tónlist henni til heiðurs við ljóð eftir hana og undiraldan leynir sér ekki,“ lýsir Elsa og bætir við. „Það er ekki margt sem passar að syngja á undan og eftir Wesendonck-ljóðunum, svo þau henta mjög vel á stuttum hádegistónleikum.“

Elsa kveðst hafa búið á Ítalíu í tæp tuttugu ár en flutt til Íslands rétt fyrir jólin 2011. „Ég átti ítalskan mann en missti hann sumarið 2009. Eftir það var ég ein með dóttur mína Júlíu á unglingsaldri og við ákváðum að flytja heim. Hún fór beint í menntaskóla og er í deild í MH þar sem hún fær kennslu á ensku,“ segir Elsa, sem segir þær mæðgur þó hafa viðhaldið íslenskunni með spunasögum meðan þær bjuggu úti. „Á kvöldin vorum við með spunasögur um sömu karakterana og þyrftum eiginlega að skrifa um þá bók,“ segir hún glaðlega. „Að hafa þurft að hugsa á hverjum degi pínulítið á íslensku það hefur hjálpað henni.“

Elsa nam fyrst söng hjá Elísabetu Erlingsdóttur, við Tónlistarskólann í Reykjavík. Leið hennar lá til Amsterdam og síðar til Washington þar sem hún lauk BM-gráðu við Catholic University Of America. Hún byrjaði starfsferilinn vestanhafs en hefur sungið víða um heim á undanförnum árum við góðan orðstír. Eitt af aðalhlutverkunum í Il Trovatore í Íslensku óperunni var í hennar höndum síðasta haust og var hún tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna fyrir frammistöðu sína. Tónleikarnir í Norðurljósasal Hörpu hefjast klukkan 12.15 í dag. Frítt er inn, í boði Íslensku óperunnar. Það finnst Elsu frábært. „Músíkin þyrfti að vera ókeypis fyrir alla sem oftast,“ segir hún.

gun@frettabladid.is

ENNEMM / SÍA / NM51142

einn ..

Millifærðu með hraðfærslum í Appinu




Veldu hraðgreiðslur á upphafsskjámynd og smelltu á þekktan viðtakanda

Við bjóðum góða þjónustu

Skannaðu kóðann til að sækja Appið.

islandsbanki.is | Sími 440 4000

# Mislíkar húmorslausar glæpasögur

Hermann Jóhannesson hefur sent frá sér skáldsöguna Olnbogavík, glæpasögu sem gerist í sjávarþorpi úti á landi og hefur endurskoðanda sem aðalpersónu og sérkennilegan prest í aukahlutverki. Hann segir persónurnar aðallega skyldar honum sjálfum.

Olnbogavík á sér sirka tíu, fimmtán fyrirmyndir en ég vil ekki segja að þar sé nein ein meira metin en önnur,“ segir Hermann Jóhannesson spurður hvort sögusvið skáldsögunnar Olnbogavík eigi sér raunverulega fyrirmynd. „Ég hef reyndar aldrei búið í sjávarþorpi en ég er vel kunnugur á ýmsum Olnbogavíkum.“

**Verður ekki ríkur**

Þetta er þín fyrsta skáldsaga, hvað kom til að þú valdir glæpasöguformið, var það gróðavon? „Nei, ég sé ekki fram á að verða ríkur af þessu, en ég hef alltaf verið töluvert veikur fyrir glæpasögum. Mér hefur reyndar mislíkað hve margar þeirra eru húmorslausar og leggja meira upp úr spennu og subbugangi, en það var tilviljunin sem réði því að þetta skyldi verða glæpasaga.“ Ertu búinn að vera lengi með hana í smíðum? „Ég byrjaði á þessari sögu fyrir mörgum árum en lagði hana svo niður í skúffu og gleymdi henni. Tók hana svo upp úr skúffunni aftur fyrir ekki alveg eins mörgum árum, kláraði hana og sýndi nokkrum útgefendum sem allt að því hristu hausinn og töldu þetta ekki geta orðið sér að féþúfu, þannig að hún fór enn í salt. Loks umsaltaði ég hana svo í vetur og gaf út sjálfur.“

Aðalpersóna sögunnar er endurskoðandi, er það ekki skrýtið val á sögumanni í glæpasögu? „Mér datt í hug að sviðsetja bókhaldsglæpi og til þess að geta gert það af einhverju viti þarf maður náttúrulega að hafa endurskoðanda. Þannig hangir það nú saman.“



**OLNBOGAVÍK** Hermann segist þekkja vel til á ýmsum Olnbogavíkum landsins og hafi því valið sögunni það sögusvið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**Endurskoðandi og prestur**

Önnur áberandi persóna í sögunni er dálítið sérstakur prestur, þú þekkir greinilega skemmtilega presta? „Ég þekki fullt af skemmtilegum prestum, en líka dálítið af leiðinlegum en það á enginn þarna neina beina fyrirmynd. Ég býst við að allar persónurnar séu eitthvað skyldar sjálfum mér en ég held það sé ekki náinn skyldleiki við neina aðra raunverulega persónu.“

Það vekur athygli hversu vandaður textinn er í bókinni, hefurðu skrifað mikið fyrir skúffuna? „Ég hef skrifað nokkuð af smásögum og kveðskap en ætli mín mesta skólun hafi ekki verið að skrifa alveg urmul af ráðuneytisbréfum, en lengst af starfsævinni var ég deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu. Þar fyrir utan hef ég verið bóndi, blaðamaður, kennari og þingfréttaritari og í síðastnefnda starfinu komst maður í kynni við virkilega vondan texta, bæði í frumvörpum og greinargerðum þannig að það skerpti enn trú mína á mátt vel skrifaðs texta.“ fridrikab@frettabladid.is

> **Ég þekki fullt af skemmtilegum prestum, en líka dálítið af leiðinlegum.**


# Útgáfuboð!

Verið hjartanlega velkomin að fagna með okkur útgáfu ljóðabókarinnar Bjargs eftir Sigurlín Bjarneyju Gísladóttur í Eymundsson Skólavörðustíg í dag klukkan 17.00.



Léttar veitingar, höfundur les úr bókinni og hljómsveitin Klassart leikur nokkur lög.

Láttu sjá þig!




MÁL OG MENNING
www.forlagid.is






**Vantar unglinginn á heimilinu smá bíópening?**

Við einföldum millifærslur í snjallsímanum margfalt. Með nýja Íslandsbanka Appinu má nálgast stöðuna á reikningum og færa smærri fjárhæðir á vini og vandamenn með fáeinum smellum.

**Þjónusta í gegnum Appið:**

- Hraðfærslur á þekkta viðtakendur
- Staða reikninga með einum smelli
- Myntbreyta og gengi gjaldmiðla
- Upplýsingar um útibú og hraðbanka
- Aðgengi að Netbanka o.fl. sem opnar á fleiri möguleika

Kynntu þér nýja Appið betur á www.islandsbanki.is/farsiminn

Þjónustan er í boði fyrir fjárráða einstaklinga með aðgang að Netbanka Íslandsbanka.

Íslandsbanki

# Ósiðleg ópera

TÓNLIST ★★★★☆

**Sinfóníuhljómsveit Íslands**
Stjórnandi: James Gaffigan, einsöngvari: Nadja Michael.
**HARPA 22. MARS**

Stundum er sagt að í óperuheiminum séu stórar raddir í miklum umbúðum. Sumir óperusöngvarar hafa oft verið dálítið búttaðir, en ég er ekki frá því að það sé minna um það í dag. Hið myndræna verður æ stærri hluti af lífi okkar, samkeppnin er líka hörð. Áheyrendur gera æ meiri kröfur um að söngvarar hljómi ekki aðeins vel, heldur séu líka sætir.

Sópransöngkonan Deborah Voight, sem átti að koma fram á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á föstudagskvöldið, lenti á sínum tíma í vandræðum út af sívaxandi útlitskröfum. Hún þótti vera svo feit að hún var rekin frá óperuhúsinu Covent Garden. Þá fór hún í hjáveituaðgerð og grenntist um meira en fimmtíu kíló.

Voight vakti mikla lukku á Listahátíð fyrir nokkrum árum. Tónleikarnir voru magnaðir. Ekki aðeins var tónlistarflutningurinn stórfenglegur, heldur var söngkonan sjálf skemmtileg og sjarmerandi. Það geislaði af henni kátínan; hún reytti af sér brandarana og maður skellihló. Margir hlökkuðu því eflaust til að heyra hana aftur. Því miður veiktist hún á síðustu stundu og önnur söngkona hljóp í skarðið. Það var Nadja Michael, en hún söng annan kaflann af tveimur úr óperunni Salóme eftir Richard Strauss.

Michael var í hlutverki Salóme, sem er stjúpdóttir Heródesar úr Biblíunni. Salóme girnist Jóhannes skírara, sem vill ekkert með hana hafa. Hún hefnir sín með því að láta hálshöggva hann. Óperan vakti nokkra hneykslun á sínum tíma fyrir guðlast og klám. Lokasenan fór sérstaklega fyrir brjóstið á fólki. Þar lét Salóme í ljósi ósiðlegar hugsanir um leið og hún hélt á höfði Jóhannesar og kyssti það. Tónlistin er þó snilld, full af hrífandi laglínum og töfrandi hljómum. Á tónleikunum var hún prýðilega útfærð. Sjöslæðudansinn, sem er án söngs, var stórglæsilegur, bæði snarpur og litríkur. Söngur Micahel í kaflanum á eftir var líka magnþrunginn, tilfinningaríkur og dramatískur. Þar sem ég sat drukknuðu lágir tónar reyndar í hljómsveitarleiknum, en hápunktarnir voru sannfærandi, kraftmiklir og heillandi.

Á tónleikunum var einnig leikin Serenaða nr. 1 op. 11 eftir Brahms. Hljómsveitarstjórinn James Gaffigan hélt þar vel um alla þræði. Tónlistin virkaði áreynslulaus og flæðandi. Unaðslegur skáldskapurinn skilaði sér til fulls í túlkuninni. Sérstaka aðdáun vakti hljómfagur hornleikur, sem og himneskt klarinettuspil. Hljómsveitin í heild spilaði fallega, strengjahljómurinn var almennt safaríkur og þéttur, og annað var líka á sínum stað. Þetta var ljúf stund.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Skemmtilegir tónleikar með glæsilegri söngkonu.







## Risaperan verður að bíómynd

Gerð verður teiknimynd eftir sögunni Ótrúleg saga um risastóra peru eftir Jakob Martin Strid sem sló í gegn í heimalandinu Danmörku og víðar. Nordisk Film greindi frá þessari fyrirætlan í gær og var haft eftir höfundinum í Politiken að hann gleddist mjög yfir þessum fréttum. Bókin féll vel í kramið hjá íslenskum lesendum en hún kom út hjá JPV í fyrra og seldist í um 2.000 eintökum, en þess má geta að 20 þúsund eintök seldust í Danmörku og 15 þúsund í Noregi.

Í henni segir frá félögunum Sebastían og Mitsú og ævintýraferð þeirra í risastórri peru. Strid sem er höfundur mynda og texta mun ekki teikna fyrir bíómyndina en verða höfundum hennar innan handar við gerð hennar.

Stefnt er að frumsýningu myndarinnar vorið 2015.



**JOHN STEINBECK** Byggði á eigin reynslu sem farandverkamaður þegar hann skrifaði Mýs og menn.

## Mýs og menn frá 1962

Mýs og menn verður flutt í Útvarpsleikhúsinu á föstudaginn langa. Uppfærslan er frá árinu 1962 og fara þeir Lárus Pálsson og Þorsteinn Ö. Stephensen með hlutverk þeirra George og Lennies, farandverkamannanna sem flakka saman á milli vinnustaða. Steinbeck skrifaði leikritið sem er tíður gestur á fjölum leikhúsa heimsins.

Það hefur þrisvar verið sett á svið í atvinnuleikhúsi á Íslandi. Fyrst í Iðnó árið 1954, með Brynjólfi Jóhannessyni og Þorsteini Ö. Stephensen í aðalhlutverkunum, síðan í Loftkastalanum árið 1998, með Hilmi Snæ Guðnasyni og Jóhanni Sigurðarsyni í hlutverkunum og nú er verkið á stóra sviði Borgarleikhússins, þar sem Hilmar Guðjónsson og Ólafur Darri Ólafsson fara með hlutverkin.

# Sögulega skáldsagan á Ítalíu

Hjalti Snær Ægisson með hádegisfyrirlestur hjá Sagnfræðingafélaginu.

Hjalti Snær Ægisson bókmenntafræðingur flytur í dag erindið „Sögulega skáldsagan á Ítalíu eftir 1980“ í hádegisfyrirlestraröð Sagnfræðingafélagsins. Þetta verður 11. fyrirlestur vetrarins en á vormisseri er yfirskrift fyrirlestraraðarinnar „Hvað er sögulegur skáldskapur?“

Ástæða þess að Hjalti Snær miðar við ártalið 1980 er að það ár kom út skáldsagan Nafn rósarinnar eftir Umberto Eco sem er talin marka nýtt skeið sögulegu skáldsögunnar á Ítalíu. Í fyrirlestrinum verður fjallað um meginstraumana í ritun sögulegra skáldsagna á Ítalíu síðustu þrjá áratugina. Margar þeirra einkennast af samfélagsgagnrýni og efasemdum um framfarahyggju. Ítalskir rithöfundar hafa lengi verið uppteknir af því að draga fram algild söguleg lögmál í verkum sínum, sýna hvernig valdajafnvægið í landinu helst óbreytt þótt samfélagið breytist. Rætt verður um það hvernig rithöfundar síðustu áratuga hafa unnið úr sögulegum skáldskaparhefðum og leitað svara við því hvort sögulega skáldsagan eigi enn erindi sem framlag til þjóðfélagslegrar umræðu á Ítalíu.

Fyrirlesturinn er haldinn í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands og hefst klukkan 12.05.



**NAFN RÓSARINNAR** Skáldsaga Umberto Eco þótti valda straumhvörfum í ritun sögulegra skáldsagna á Ítalíu.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**ÞRIÐJUDAGUR 26. MARS 2013**

### Félagsvist

**20.00** Félagsvist er spiluð hjá Félagi eldri borgara í Reykjavík, Stangarhyl 4.

### Upplestur



**18.00** Árni Johnsen les 49. Passíusálminn í Grafarvogskirkju í tilefni föstunnar.

### Tónlist

**12.15** Björn Steinar Sólbergsson, organisti Hallgrímskirkju, leikur á bæði orgel kirkjunnar á hádegistónleikum þar. Aðgangur er ókeypis og boðið verður upp á kaffisopa að tónleikum loknum.

**12.15** Elsa Waage mezzosópran syngur Wesendonck söngva Wagners á hádegistónleikum Íslensku óperunnar í Norðurljósasal Hörpu. Aðgangur er ókeypis.



**20.30** Hljómsveitin Valdimar og tónlistamaðurinn Biggi Hilmars spila á stórtónleikum í Edrúhöllinni, Efstaleiti 7. Eru tónleikarnir hluti af tónleikaröðinni Kaffi, kökur og rokk og ról og er aðgangseyrir kr. 500.

**20.30** Kvartett píanóleikarans Árna Heiðars Karlssonar kemur fram á djasskvöldi KEX Hostels. Flutt verður fjölbreytt úrval djassstandarda auk frumsaminnar tónlistar. Aðgangur er ókeypis.

**21.00** Jana María og Söngfuglarnir skemmta á Café Rosenberg.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*





**EINHLEYP Á NÝ** Rachel McAdams lætur Ryan Gosling hjálpa sér að að ná áttum eftir sambandsslitin við Michael Sheen. NORDICPHOTOS/GETTY

## Leitar stuðnings hjá Gosling

Leikkonan Rachel McAdams er hætt með kærasta sínum til tveggja ára, leikaranum Michael Sheen. Hún ku vera í molum eftir sambandsslitin og leitar því eftir stuðningi hjá vinum og vandamönnum. Samkvæmt heimildum Now Magazine er fyrrverandi kærasti hennar, Ryan Gosling, í þeim hópi en þau hafa verið góðir vinir frá því þau hættu saman árið 2008.

Leikkonan Eva Mendes, kærasta Goslings, er ekkert sérstaklega ánægð með þessa fjölgun símtala milli kærastans og McAdams. Gosling hefur látið hafa eftir sér í viðtölum að McAdams sé stóra ástin í lífi sínu en þau kynntust við tökur á rómantísku myndinni The Notebook.

## Ráðlagt af læknum að hætta



**Morrissey, fyrrverandi söngvari The Smiths, hefur fengið viðvaranir frá læknum vegna heilsufars síns. Telja læknarnir ráðlegast að söngvarinn leggi míkrafóninn á hilluna hið snarasta ef ekki eigi illa að fara.**

**Morrissey neyddist nýlega til þess að fresta mörgum tónleikum á ferðalagi sínu um Bandaríkin vegna ýmissa kvilla, svo sem lungnabólgu og magasárs.**

**„Mér hefur verið ráðlagt að hætta en það er erfitt. Tónlistin er í blóði mínu,“ sagði söngvarinn í viðtali við mexíkóska útvarpsstöð.**

**LIAM** Yngri Gallagher-bróðirinn greip til orðaleikja á Twitter til að móðga Noel.



## Liam gáttaður á bróðurnum

**Yngri Gallagher-bróðirinn Liam þykir lítið til eldri bróður síns, Noels, koma eftir að hinn síðarnefndi steig á svið með Damon Albarn úr Blur um helgina. Gallagher og Albarn hafa löngum deilt sín í milli en tóku Blur-lagið Tender á tónleikum til styrktar krabbameinssjúklingum á tónleikum í Royal Albert Hall í London ásamt Paul Weller.**

**„Ég veit ekki hvort er verra, að hann sé að drekka kampavín með stríðglæpamanni eða syngja bakraddir með BLUE!“ tísti Liam á Twitter-síðu sína og átti þar væntanlega við Blur.**

# Fyrsti dúettinn sem vinnur Músíktilraunir

Hljómsveitin Vök braut blað í sögu Músíktilrauna með sigri sínum um helgina.



**SIGURVEGARAR** Andri Már Enoksson og Margrét Rán Magnúsdóttir eru í sigurhljómsveit Músíktilrauna, Vök. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Vök er fyrsti dúettinn sem vinnur Músíktilraunir í rúmlega þrjátíu ára sögu keppninnar. Hljómsveitin var stofnuð fyrir aðeins einum mánuði og hún hafði aldrei áður spilað opinberlega fyrr en hún steig á svið í Silfurbergi í Hörpu.

Vök, sem spilar melódíska raftónlist, er skipuð söngkonunni og gítarleikaranum Margréti Rán Magnúsdóttur og saxófónleikaranum, tölvumanninum og bakraddasöngvaranum Andra Má Enokssyni. Margrét Rán segir þau ekki hafa tekið þátt í Músíktilraunum með það fyrir augum að sigra. „Þetta var meira svona tilraunastarfsemi og að sjá hvernig við myndum spila á fyrsta gigginu. Við stofnuðum hljómsveitina fyrir mánuði og keyrðum þetta bara í gang.“

Voruð þið ekki stressuð? „Það var alveg smá stress, eiginlega mikið stress en við ætluðum bara að hafa gaman af þessu og það tókst.“

Einsdæmi er að dúett vinni Músíktilraunir. Aðspurð segir Margrét Rán að þau hafi reyndar ætlað að fá gítarleikara til að spila með sér í keppninni en planið var samt alltaf að vera bara þau tvö vegna þess hversu vel þau vinna saman.

Hún og Andri Már byrjuðu fyrir ári síðan að fikta við að spila tónlist en byrjuðu aldrei almennilega að semja saman fyrr en Músíktilraunir nálguðust. Bresku hljómsveitirnar The xx og Alt-J eru í mestu uppáhaldi hjá þeim, ásamt Portishead.

Margrét Rán, sem er 21 árs, var með hinum 24 ára Andra Má í Flensborgarskólanum í Hafnarfirði þangað til hún flutti sig um set yfir í Fjölbrautaskólann í Breiðholti þar sem hún er á listabraut. Hún er uppalin á Akranesi og hún var aðeins þrettán ára þegar hún tók þátt í Músíktilraunum í öðrum dúett, Wipeout, sem spilaði háskólapönk-rokk. Sá sem var með henni í bandinu spilaði á trommur og var enn yngri, eða bara ellefu ára. „Við komumst ekki upp úr undanúrslitunum. Við vorum svo hrikalega ung,“ segir Margrét Rán.

Fyrir sigurinn í Músíktilraunum um síðustu helgi hlaut Vök meðal annars tuttugu hljóðsverstíma. „Við ætlum núna að demba okkur í að taka upp fyrsta lagið okkar á næstu dögum. Svo förum við vonandi í næsta mánuði að gera litla EP-plötu. Það er draumurinn.“

freyr@frettabladid.is

## Fáar stelpur í sigurhljómsveitum

Sigurhljómsveitir í Músíktilraunum með stelpur innanborðs hafa ekki verið margar í gegnum tíðina. Dúkkulísurnar settu tóninn með sigri sínum árið 1983 en ekki náði kvenþjóðin að fylgja honum eftir fyrr en Kolrassa krókríðandi vann 1992. Tólf ár liðu þangað til Mammút vann tilraunirnar með þrjár stelpur innanborðs. Það var svo 2010 sem Of Monsters and Men báru sigur úr býtum með Nönnu Bryndísi Hilmarsdóttir við hljóðnemann. Tríóið Samaris vann svo keppnina árið 2011 með þær Áslaugu Rún Magnúsdóttur og Jófríði Ákadóttur um borð.



DÚKKULÍSURNAR



MAMMÚT



BELLATRIX



SAMARIS


# Opið í Bláfjöllum um páskana

- 25.–27. mars, opið kl. 11–21
- Skírdagur, föstudagurinn langi, laugardagur, páskadagur og annar í páskum, opið kl. 10–17
- 2. apríl, opið kl. 11–21

Virku dagana í dymbilvikunni og þriðjudaginn 2. apríl mun rútan fara frá Olís Mjódd kl. 12:40 og kl. 16:15. Ferðir úr Bláfjöllum verða kl. 17 og 21 í Olís Mjódd.
Rútan fer alltaf um Olís Norðlingaholt.







Upplýsingasími 530 3000 skidasvaedi.is SKÍÐASVÆÐIN

PIPAR\TBWA • SÍA • 130831

# VILTU VINNA Í STÆRSTU TÖLVUVERSLUN LANDSINS ?

**Tölvulistinn hefur á að skipa fjölda frábærra starfsmanna í verslunum okkar um allt land. Vegna aukinna umsvifa leitum við nú að fleiri skemmtilegum og þjónustulunduðum tölvusnillingum til að bætast í hópinn. Okkar bestu starfsmenn hafa nokkra hluti sameiginlega sem við leitum að við ráðningu nýrra starfsmanna.**

**BRENNANDI ÁHUGI.** Það er mikilvægt að hafa mikla tölvuþekkingu sem starfsmaður í tölvuverslun með fjölbreytt vöruúrval. Okkar bestu starfsmenn hafa brennandi áhuga tölvum og tækni. Ofurnördar sem fylgjast stöðugt með nýjungum og hafa yfirgripsmikla tölvuþekkingu.

**ÞJÓNUSTULUND.** Starfsmenn sem kunna að veita góða þjónustu og búa yfir góðum samskiptahæfileikum er það sem við leitum að. Tækniþekking og þjónustulund er besta blandan.

**JÁKVÆTT HUGARFAR.** Við leggjum mikið upp úr því að hafa hjá okkur góðan starfsanda. Til þess að það takist er jákvæðni starfsmanna lykilatriði. Við viljum ráða til okkar starfsfólk sem nálgast verkefnin með jákvæðu hugarfari.

**DUGNAÐUR.** Það getur verið krefjandi að vinna í stórri tölvuverslun þar sem daglega er mikið að gera. Okkar starfsmenn eru kraftmiklir og duglegir við að sinna þeim margvíslegu verkefnum sem falla til á hverjum degi. Við gerum sömu kröfur til þeirra sem við bætum í hópinn.

**ÁREIÐANLEIKI.** Við viljum starfsfólk sem er samviskusamt og stundvíst. Fólk sem samstarfsmenn geta treyst á að leysi sín verkefni vel og mæti á réttum tíma.

